Algerlega fjarlæg að Jóhannes Skírari var mesti spámaður sem fæddur væri af konu. Nýrri þýðingar gefa í skyn að hann hafi bara verið mikill maður.

NT ODDS: Því að eg segi yður að á meðal þeirra, sem af konu eru fæddir**, er enginn spámanna meiri en Jón baptista.** En sá eð minni er í Guðs ríki, er honum meiri.

GUÐBRANDS: Því að eg segi yður að á meðal þeirra sem að konu eru fæddir **er enginn spámanna meiri en Jóhannes baptista** en sá minni er í Guðs ríki er honum meiri.“

KJV: For I say unto you, Among those that are born of women **there is not a greater prophet than John the Baptist: b**ut he that is least in the kingdom of God is greater than he.

NIV 1984: I tell you, among those born of women **there is no one greater than John; y**et the one who is least in the kingdom of God is greater than he."

NIV 2011: tell you, among those born of women **there is no one greater than John;** yet the one who is least in the kingdom of God is greater than he.”

1841: Trúið mér: enginn er sá af konu fæddur, **er meiri sé en Jóhannes skírari.** Þó er sá, sem (öðrum) er minni í Guðs ríki, honum meiri;

1908: Eg segi yður: meðal þeirra, sem af konum eru fæddir, **er enginn meiri en Jóhannes;** en hinn minsti í guðsríki er honum meiri.

1981: Ég segi yður: Enginn er sá af konu fæddur, **sem meiri sé en Jóhannes.** En hinn minnsti í Guðs ríki er honum meiri.“

2007: Ég segi ykkur: Enginn er sá af konu fæddur **sem er meiri en Jóhanne**s. En hinn minnsti í Guðs ríki er honum meiri.“

8:37

Gadarenes varð Gerasenes

NT ODDS: Og allur múgur **Gadareni** byggðar báðu hann að hann viki burt frá þeim því að þeir voru af miklum ótta haldnir. Hann sté þá á skip og sneri aftur

GUÐBRANDS: Og allur mágur **Gadareni-byggðar** báðu hann að hann viki burt frá þeim því að þeir voru af miklum ótta haldnir. Hann sté þá á skip og sneri aftur.

KJV: Then the whole multitude of the country of the **Gadarenes** round about besought him to depart from them; for they were taken with great fear: and he went up into the ship, and returned back again.

NIV 1984: Then all the people of the region of the **Gerasenes** asked Jesus to leave them, because they were overcome with fear. So he got into the boat and left.

NIV 2011: Then all the people of the region of the **Gerasenes** asked Jesus to leave them, because they were overcome with fear. So he got into the boat and left.

1841: Bað þá mannfjöldinn úr héröðunum hjá **Gadara**, að hann færi burt frá þeim, því þeir voru orðnir næsta hræddir. Steig hann nú á skip og fór aftur yfir um.

1908: Og alt fólkið í **Gerasena** héruðum bað hann að fara burt frá þeim, því að þeir voru haldnir af miklum ótta. Og hann steig á skip og fór til baka.

1981: Allt fólk í héruðum **Gerasena** bað hann þá fara burt frá sér, því menn voru slegnir miklum ótta. Og hann sté í bátinn og sneri aftur.

2007: Allt fólk í héruðum **Gerasena** bað hann þá fara burt frá sér því menn voru

slegnir miklum ótta. Og hann sté í bátinn og sneri aftur.

8:43

Fjarlægt "og gefið læknum alla sína aleigu" en svo fær það leyfi menntaðra manna að birtast að nýju með hornklofa.

NT ODDS: Kona var þar og nokkur sem haft hafði blóðfall í tólf ár, **hver eð út hafði og gefið læknurum sína alla aleigu** og varð þó af öngum grædd

GUÐBRANDS: Kona var þar og nokkur sem haft hafði blóðfall í tólf ár hver eð út hafði **og gefið læknurum sína alla aleigu** og varð þó af öngvum grædd

KJV: And a woman having an issue of blood twelve years, **which had spent all her living upon physicians**, neither could be healed of any

NIV 1984: As Jesus was on his way, the crowds almost crushed him. And a woman was there who had been subject to bleeding for twelve years, but no one could heal her.

NIV 2011: And a woman was there who had been subject to bleeding for twelve years, [c] but no one could heal her.

[c] Many manuscripts years, **and she had spent all she had on doctors**

1841: og var þar kona sú, er haft hafði blóðfall í tólf ár, **og varið allri eigu sinni til læknara**, og gat þó enginn læknað hana

1908: Og kona nokkur, er hafði haft blóðlát í tólf ár **og varið allri eigu sinni til lækna, en** eigi getað fengið lækningu hjá neinum

1981: Þar var kona, sem hafði haft blóðlát í tólf ár. Hún hafði leitað lækna og varið til aleigu sinni,[a] en enginn getað læknað hana.

[a]**Orðin „Hún hafði leitað lækna og varið til aleigu sinni“ vantar í sum handrit**.

2007: Þar var kona, sem hafði haft blóðlát í tólf ár. Hún hafði leitað lækna og varið til aleigu sinni,[a] en enginn getað læknað hana.

[a]**Orðin „Hún hafði leitað lækna og varið til aleigu sinni“ vantar í sum handrit**.

8:45

NT ODDS: Jesús sagði: Hver er sá er mig snerti? En er allir neituðu, sagði Pétur og þeir er með honum voru: Meistari, fólkið þrengir og þjakar að þér, **og þú segir: Hver snart mig?**

GUÐBRANDS: Jesús sagði: „Hver er sá er mig snerti?“ En þá allir neituðu sagði Pétur og þeir eð með honum voru: „Meistari, fólk þrengir og þjakar að þér **og þú segir: Hver snart mig?“**

KJV: And Jesus said, Who touched me? When all denied, Peter and they that were with him said, Master, the multitude throng thee and press thee, **and sayest thou, Who touched me?**

NIV 1984: "Who touched me?" Jesus asked. When they all denied it, Peter said, "Master, the people are crowding and pressing against you.

NIV 2011: “Who touched me?” Jesus asked. When they all denied it, Peter said, “Master, the people are crowding and pressing against you.

1841: Þá spurði Jesús, hvör hrært hefði við sér. Þegar allir synjuðu þess, sagði Pétur og þeir, sem með honum voru: Meistari! fólkið þrengist og treðst að þér, **og þú spyr, hvör hafi hrært við þér.**

1908: Og Jesús sagði: Hver var það, sem snart mig? Og er allir synjuðu fyrir það, sagði Pétur og þeir sem með honum voru: Meistari, mannfjöldinn þrengist að þér og þrýstir á

1981: Jesús sagði: „Hver var það, sem snart mig?“ En er allir synjuðu fyrir það, sagði Pétur: „Meistari, mannfjöldinn treðst að þér og þrýstir á.“

2007: Jesús sagði: „Hver var það sem snart mig?“ En er allir synjuðu fyrir það sagði Pétur: „Meistari, mannfjöldinn treðst að þér og þrýstir á.“

8:48

Jesús að segja vertu glöð, fjarlægt

NT ODDS: En hann sagði til hennar: **Vert glöð mín dóttir**, þín trúa gjörði þig hólpna. Far í friði

GUÐBRANDS: En hann sagði til hennar: „**Vert glöð**, **mín dóttir**, þín trúa gjörði þig hólpna. Far í friði.“

KJV: And he said unto her, **Daughter**, **be of good comfort:** thy faith hath made thee whole; go in peace.

NIV 1984: Then he said to her, "**Daughter**, your faith has healed you. Go in peace."

NIV 2011: Then he said to her, “**Daughter**, your faith has healed you. Go in peace.”

1841: Þá sagði hann við hana: **vertú hughraust**, **dóttir**! trú þín hefir frelsað þig, far þú í friði!

1908: En hann sagði við hana: **Dóttir**, trú þín hefir gjört þig heila; far þú í friði.
1981: Hann sagði þá við hana: „**Dóttir**, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði.
2007: Jesús sagði þá við hana: „**Dóttir**, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði.“

8:54

NT ODDS: **En hann rak þá alla út** og tók í hönd hennar, kallaði og sagði: Stúlka, statt upp.
GUÐBRANDS: **En hann rak þá alla út** og tók í hönd hennar, kallaði og sagði: „Stúlka, statt upp!“
KJV: **And he put them all out**, and took her by the hand, and called, saying, Maid, arise.
NIV 1984: But he took her by the hand and said, "My child, get up!"
NIV 2011: But he took her by the hand and said, “My child, get up!”
1841: **Síðan rýmdi hann öllum út,** tók í hönd hennar og sagði: stúlka! stattú upp!
1908: En hann tók í hönd hennar, kallaði og sagði: Stúlka, ris þú upp!
1981: Hann tók þá hönd hennar og kallaði: „Stúlka, rís upp!“
2007 : Hann tók þá hönd hennar og kallaði: „Stúlka, rís upp!“

9:1

Postular fjarlægðir
NT ODDS: En Jesús kallaði saman **þá tólf er postular nefndust** og gaf þeim kraft og mátt yfir alla djöfla og það þeir læknuðu sóttir
GUÐBRANDS: En Jesús kallaði saman **þá tólf er postular nefndust** og gaf þeim kraft og mátt yfir alla djöfla og það þeir læknuðu sóttir,
KJV: Then he called his **twelve disciples** together**,** and gave them power and authority over all devils, and to cure diseases.
NIV 1984: When Jesus **had called the Twelve**, **together**, he gave them power and authority to drive out all demons and to cure diseases,
NIV 2011: When Jesus had **called the Twelve together,** he gave them power and authority to drive out all demons and to cure diseases
1841: Síðan **kallaði hann þá tólf saman,** og gaf þeim vald og ráð yfir öllum djöflum, og til að lækna sóttir,
1908: En hann **kallaði saman þá tólf,** og gaf þeim vald og ráð yfir öllum illum öndum og til að lækna sóttir.
1981: Hann **kallaði saman þá tólf** og gaf þeim mátt og vald yfir öllum illum öndum og til að lækna sjúkdóma.
2007: Jesús **kallaði saman þá tólf** og gaf þeim mátt og vald yfir öllum illum öndum og til að lækna sjúkdóma

9:50

Rétt lesning er sá sem er ekki á móti OKKUR er með OKKUR, forna orðið OSS fyrir OKKUR er hárrétt í Oddi og Guðbrands. Jesús segir OKKUR því að hann er með OKKUR.
NT ODDS: Jesús sagði til hans: Fyrirbjóðið honum það eigi. **Því að hver hann er eigi í móti oss, sá er fyrir oss.**
GUÐBRANDS: Jesús sagði til hans: „Fyrirbjóðið honum það eigi **því að hver hann er ei mót oss sá er með oss.**
KJV: And Jesus said unto him, Forbid him not: **for he that is not against us is for us.**
NIV 1984: "Do not stop him," Jesus said, "**for whoever is not against you is for you."**
NIV 2011: “Do not stop him,” Jesus said, “**for whoever is not against you is for you.”**
1841: Jesús mælti: bannið það ekki, því **sá, sem ekki er mót yður, hann er með yður.**
1908: En Jesús sagði við liann: Bannið það ekki, því að **sá sem ekki er á móti yður, hann er með yður**
1981: En Jesús sagði við hann: „Varnið þess ekki. **Sá sem er ekki á móti yður, er með yður.“**
2007: En Jesús sagði við hann: „Varnið þess ekki. **Sá sem er ekki á móti ykkur er með ykkur.“**

9:54

Elijah eða Elías gerði einmitt þetta í 2 Kings 1:10-12. Það er hægt að afsanna þessa breytingu með gamlatestamentinu.
NT ODDS: En er hans lærisveinar Jakobus og Jóhannes sáu það, sögðu þeir: Viltu Lávarður, þá vilju við segja að eldur komi af himni og fortæri þeim, **líka sem að Elías gjörði.**
GUÐBRANDS: En er hans lærisveinar, Jacobus og Jóhannes, sáu það sögðu þeir: „Viltu, lávarður, þá viljum vér segja að eldur

komi af himni og fortæri þeim **líka sem að Elías gjörði.“**
KJV: And when his disciples James and John saw this, they said, Lord, wilt thou that we command fire to come down from heaven, and consume them, **even as Elias did?**
NIV 1984: When the disciples James and John saw this, they asked, "Lord, do you want us to call fire down from heaven to destroy them ?
NIV 2011: When the disciples James and John saw this, they asked, “Lord, do you want us to call fire down from heaven to destroy them[b]?”
[b]Some manuscripts them, just as Elijah did
1841: En er lærisveinar hans, Jakob og Jóhannes, urðu þess vísir, sögðu þeir: viltú, Herra! að vér bjóðum eldi að falla af himni og tortýna þeim, **eins og Elías gjörði.**
1908: En er lærisveinar hans, Jakob og Jóhannes, sáu það, sögðu þeir: Viltu, herra, að vér bjóðum að eldur skuli falla niður af himni og tortíma þeim
1981: Þegar lærisveinar hans, þeir Jakob og Jóhannes, sáu það, sögðu þeir: „Herra, eigum vér að bjóða, að eldur falli af himni og tortími þeim?“[a]
[a] **Sum handrit bæta hér við: eins og Elía gjörði**
2007: Þegar lærisveinar hans, þeir Jakob og Jóhannes, sáu það sögðu þeir: „Drottinn, eigum við að bjóða að eldur falli af himni og tortími þeim? “[a]
[a] **Sum handrit bæta hér við: eins og Elía gerði**

9:55,56

Orð Jesú ýmist fjarlægð eða dregin í efa
NT ODDS: 55 En Jesús sneri sér við, hastaði á þá **og sagði: Viti þér eigi að hvers anda þér eruð? 56 Því mannsins Sonur er eigi kominn til þess að fyrirfara sálum manna, heldur þær að frelsa.** Og þeir gengu burt í annað kauptún
GUÐBRANDS: 55 En Jesús sneri sér við, hastaði á þá **og sagði: „Viti þér eigi hvers anda synir þér eruð? 56 Því mannsins Sonur er eigi kominn til þess að fyrirfara sálum manna heldur þær að frelsa.“** Og þeir gengu burt í annað kauptún.
KJV: 55 But he turned, and rebuked them, and said, **Ye know not what manner of spirit ye are of.** 56 **For the Son of man is not come to destroy men's lives, but to save them. And they went to another village.**
NIV 1984: 55 But Jesus turned and rebuked them, 56 and they went to another village.
NIV 2011: 55 But Jesus turned and rebuked them. 56 Then he and his disciples went to another village.
1841: 55 Þá snerist hann við, ávítaði þá **og sagði: vitið þér ekki hvörs anda þér eruð? 56Ekki er Mannsins Sonur kominn til að tortýna lífi manna, heldur til að frelsa það**. Síðan fóru þeir í annað þorp.
1908: 55 En hann snerist við og ávílaði þá. 56 Og þeir fóru í annað þorp.
1981: 55 En hann sneri sér við og ávítaði þá **[og sagði: „Ekki vitið þið, hvers anda þið eruð.** 56 **Mannssonurinn er ekki kominn til að tortíma mannslífum, heldur til að frelsa.“]**[b] Og þeir fóru í annað þorp.
[b]**Vantar í sum handrit.**
2007: 55 En Jesús sneri sér við og ávítaði þá **[og sagði: „Ekki vitið þið hvaða andi býr í ykkur. 56 Mannssonurinn er ekki kominn til að tortíma mannslífum heldur til að frelsa.]**[a] Og þeir fóru í annað þorp.
[a]**Vantar í sum handrit.**

10:1,17

Voru 70. sendir af út eða 72? Þetta er ný breyting en eins og má sjá í Guðbrands og Kjv þá var komin sátt um að 70 var réttur fjöldi. En svo urðu þeir aftur 72.
NT ODDS: En eftir það útvaldi Drottinn og aðra **(72)** og sendi þá út pörum saman
fyrir sér í allar þær borgir og álfur er hann vildi koma.
(Nt odds notar rómverskar tölur í sviga, en því var breytt hér fyrir skýrari texta)
GUÐBRANDS: En eftir það útvaldi Drottinn og aðra **sjötígi** og sendi þá út pörum saman fyrir sér í
allar þær borgir og álfur er hann vildi koma
KJV: After these things the LORD appointed other **seventy** also, and sent them two and two before his face into every city and place, whither he himself would come.
NIV 1984: After this the Lord appointed **seventy-two** others and sent them two by two ahead of him to every town and place where he was about to go.

NIV 2011: After this the Lord appointed **seventy-two**[a] others and sent them two by

two ahead of him to every town and place where he was about to go.
[**a**]Some manuscripts *seventy*; also in verse 17
1841: Eftir þetta útvaldi Drottinn og svo aðra **sjötíu**, og sendi þá undan sér tvo og tvo í allar þær borgir og staði, sem hann hafði ásett sér að koma,
1908: En eftir þetta útvaldi drottinn aðra **sjötíu** og sendi þá á undan sér, tvo og tvo, í hverja þá borg og stað, sem hann ætlaði að koma til.
1981: Eftir þetta kvaddi Drottinn til aðra, **sjötíu og tvo**[a] að tölu, og sendi þá á undan sér, tvo og tvo, í hverja þá borg og stað, sem hann ætlaði sjálfur að koma til
[a]**annar lesháttur sjötíu**
2007: Eftir þetta kvaddi Drottinn til aðra, **sjötíu og tvo**[a] að tölu, og sendi þá á undan sér, tvo og tvo, í hverja þá borg og stað sem hann ætlaði sjálfur að koma til.
[a]**annar lesháttur sjötíu**

10:11

Fjarlægt að Guðs ríki hafi verið nálægt þeim persónulega.
NT ODDS: Einninn það duft, sem á loddi á oss úr yðvarri borg, hristu vær af á yður. Þá skulu þér vita **að Guðs ríki nálægist yður.**
GUÐBRANDS: Einnin það duft sem loddi á oss úr yðvari borg hristum vær af yður. Þó skulu þér vita **að Guðs ríki var nálægt yður.**
KJV: Even the very dust of your city, which cleaveth on us, we do wipe off against you: notwithstanding be ye sure of this, that **the kingdom of God is come nigh unto you.**
NIV 1984: 'Even the dust of your town that sticks to our feet we wipe off against you. Yet be sure of this: **The kingdom of God is near.'**
NIV 2011: Even the dust of your town we wipe from our feet as a warning to you. Yet be sure of this: **The kingdom of God has come near.'**
1841: duftið, sem loðir á oss úr yðvarri borg, hristum vér af oss, vitið samt það, **að Guðs ríki er í nánd**
1908: Jafnvel dustið, sem loðir við fælur vora úr bæ yðar, þurkum vér af oss yður til handa; vitið samt þetta**, að guðsríki er komið í nánd.**
1981: Jafnvel það dust, sem loðir við fætur vora úr borg yðar, þurrkum vér af oss handa yður. Vitið samt þetta, **að Guðs ríki er komið í nánd.**
2007: Jafnvel það dust sem loðir við fætur vora úr borg yðar þurrkum vér af oss og þér getið hirt það. Vitið samt þetta**, að Guðs ríki er komið í nánd.**

10:15

Hér fór helvíti yfir í víti og svo hel.
NT ODDS: Og þú Kaparnaum, sem upphafin ert allt til himinis, munt niður sökkva **allt til helvítis.**
GUÐBRANDS: Og þú Kapernaum sem upphafin ert allt til himins munt niðursökkva **til helvítis**.
KJV: And thou, Capernaum, which art exalted to heaven, shalt be thrust **down to hell**.
NIV 2011: And you, Capernaum, will you be lifted to the heavens? No, you will go **down to Hades**.
1841: Og þú, Kapernaum, sem nú mænir við himin, þér mun **til vítis** niðursökkt verða.
1908: Og þú, Kapernaum! munt þú verða hafin til himins? **Til Heljar** mun þér niðursökt verða
1981: Og þú Kapernaum! Verður þú hafin til himins? Nei, **til heljar** mun þér steypt verða.
2007: Og þú, Kapernaúm! Verður þú hafin til himins? Nei, **til heljar** mun þér steypt verða.

10:39

Fyrir nákvæmnissakir var nafn Jesú notað, hún var að læra af honum, Drottinn hljómar rétt þegar það hefur engan samanburð.
NT ODDS: Og hún átti þá systur er María hét, hver eð setti sig fyrir **fætur Jesú** og heyrði hans orð.
GUÐBRANDS: Og hún átti þá systur er María hét hver eð setti sig fyrir **fætur Jesú** og heyrði hans orð
KJV: And she had a sister called Mary, which also sat at **Jesus' feet,** and heard his word.
NIV 1984: She had a sister called Mary, who sat at the **Lord's feet** listening to what he said.
NIV 2011: She had a sister called Mary, who sat at the **Lord's feet** listening to what he said

1841: hún átti systur, er María hét, hún sat til **fóta Jesú** og hlýddi hans kenningu.
1908: Og hún átti systur, er hél María, er jafnvel sat við **fætur drottins** og hlýddi á orð hans.
1981: Hún átti systur, er María hét, og settist hún við **fætur Drottins** og hlýddi á orð hans.
2007: Hún átti systur er María hét og settist hún við **fætur Drottins** og hlýddi á orð hans.

10:41

NT ODDS: **En Jesús svaraði** og sagði til hennar: Marta, Marta, þú ert svo syrgjandi og mæðist í mörgu,
GUÐBRANDS: **En Jesús svaraði** og sagði til hennar: „Marta, Marta, þú ert so áhyggjufull og mæðist í mörgu
KJV: **And Jesus answered** and said unto her, Martha, Martha, thou art careful and troubled about many things:
NIV 1984: "Martha, Martha," **the Lord answered**, "you are worried and upset about many things,
NIV 2011: "Martha, Martha," **the Lord answered**, "you are worried and upset about many things,
1841: **Jesús svaraði** henni: Marta! Marta! þú hefir mikla áhyggju og umsvif fyrir mörgu, en á einu ríður mest.
1908: **En drottinn svaraði** og sagði við hana: Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu
1981: **En Drottinn svaraði** henni: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu,
2007: **En Drottinn svaraði** henni: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu

11:2

Hér er faðirvorð eyðilagt svo gjörsamlega að það þekkist ekki lengur.
NT ODDS: Hann sagði þá til þeirra: Nær þér biðjið, segið svo: **Faðir vor, sá þú ert á himnum,** helgist nafn þitt, til komi ríki þitt, **verði þinn vilji svo á jörðu sem á himinum**
GUÐBRANDS: Hann sagði þá til þeirra: „Nær þér biðjið segið so: **Faðir vor, sá þú ert á himnum,** helgist nafn þitt. Tilkomi ríki þitt. **Verði þinn vilji so á jörðu sem á himnum.**
KJV: And he said unto them, When ye pray, say, Our Father **which art in heaven,** Hallowed be thy name. Thy kingdom come. **Thy will be done, as in heaven, so in earth.**
NIV 1984: He said to them, "When you pray, say: " 'Father, hallowed be your name, your kingdom come.
NIV 2011: He said to them, "When you pray, say: "'Father,[a] hallowed be your name, your kingdom come.[b]
[a]Some manuscripts Our Father in heaven
[b]Some manuscripts come. May your will be done on earth as it is in heaven.
1841: Þá sagði hann við þá: nær þér gjörið bæn yðar, þá biðjið á þessa leið: Faðir vor! helgist þitt nafn, tilkomi þitt ríki;
1908: En hann sagði við þá: Er þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist nafn þitt, komi riki þitt
1981: En hann sagði við þá: „Þegar þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
2007: En hann sagði við þá: „Þegar þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,

11:4

NT ODDS: Og fyrirgef oss vorar syndir svo sem vær fyrirgefum vorum skuldunautum. **Og leið oss eigi í freistni, heldur leys oss frá illu.**
GUÐBRANDS: Og fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vær fyrirgefum vorum skuldunautum. **Og leið oss eigi í frestni heldur leys oss frá illu.“**
KJV: And forgive us our sins; for we also forgive every one that is indebted to us. **And lead us not into temptation; but deliver us from evil.**
NIV 1984: Forgive us our sins, for we also forgive everyone who sins against us. **And lead us not into temptation. ' "**
NIV 2011: Forgive us our sins, for we also forgive everyone who sins against us.[c]**And lead us not into temptation**.[d]
[d]Some manuscripts temptation, but deliver us from the evil one
1841: fyrirgef oss vorar misgjörðir, því vér fyrirgefum og þeim, sem við oss hafa misgjört; **leið oss ekki í freistni.**
1908: og fyrirgef oss syndir vorar, því að vér sjálfir fyrirgefum og öllum vorum skuldunautum; **og leið oss ekki í freistni**
1981: Fyrirgef oss vorar syndir, enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum**. Og eigi leið þú oss í freistni.“**

2007: Fyrirgef oss vorar syndir enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum. **Og eigi leið þú oss í freistni**

11:29

Fjarlægt að Jónas hafi verið spámaður. Sem hann var og það er hægt að sanna það með að lesa bókina hans í gamla testamentinu.

NT ODDS: En er fólkið flykktist þar að, tók hann að segja: Kynslóð þessi er ein vond kynslóð. Hún girnist teikn, og henni gefst ekkert teikn nema **teikn Jóna spámanns**

GUÐBRANDS: En er fólkið flykktist þar að tók hann að segja: „Kynslóð þessi er ein vond kynslóð. Hún girnist teikn. Og henni gefst ekkert teikn nema **teikn Jona spámanns.**

KJV: And when the people were gathered thick together, he began to say, This is an evil generation: they seek a sign; and there shall no sign be given it, but the **sign of Jonas the prophet**.

NIV 1984: As the crowds increased, Jesus said, "This is a wicked generation. It asks for a miraculous sign, but none will be given it except the **sign of Jonah**.

NIV 2011: As the crowds increased, Jesus said, “This is a wicked generation. It asks for a sign, but none will be given it except the **sign of Jonah.**

1841: Þegar fólkið þyrptist að honum, tók hann svo til orða: þessi þjóð er vond, hún krefst teikns; en henni skal ekkert teikn verða gefið, nema **teikn Jónasar**

1908: En er mannfjöldinn þyrptist að honum, tók hann að segja: Þessi kynslóð er vond kynslóð; hún heimtar tákn, en henni skal ekki verða gefið neitt **tákn nema tákn Jónasar.**

1981: Þegar fólkið þyrptist þar að, tók hann svo til orða: „Þessi kynslóð er vond kynslóð. Hún heimtar tákn, en eigi verður henni annað tákn gefið en **tákn Jónasar.**

2007: Þegar fólkið þyrptist þar að tók Jesús svo til orða: „Þessi kynslóð er vond kynslóð. Hún heimtar tákn en eigi verður henni annað tákn gefið en **tákn Jónasar**.

11:31

Rétt lesning er "Hér er MEIRI en Salómón" sem bendir á persónuna Jesú sem er meiri en Salómón. En seinni þýðingar vilja fjarlægja persónulega þáttin og tala um Jesús eins og hlut.

NT ODDS:Drottning suðurættar mun upp rísa á efsta dómi með mönnum þessarar kynslóðar og fordæma þá því að hún kom af yðstum takmörkum jarðar að heyra speki Salómonis, **og sjáið, hér er meir en Salómon**

GUÐBRANDS: Drottning suðuráttar mun upprísa á efsta dómi með mönnum þessarar kynslóðar og fordæma þá því að hún kom af yðstum takmörkum jarðar að heyra speki Salómons og sjái**, hér er meir en Salómon.**

KJV: The queen of the south shall rise up in the judgment with the men of this generation, and condemn them: for she came from the utmost parts of the earth to hear the wisdom of Solomon; and, behold, **a greater than Solomon is here.**

NIV 2011: The Queen of the South will rise at the judgment with the people of this generation and condemn them, for she came from the ends of the earth to listen to Solomon’s wisdom; and now **something greater than Solomon is here.**

1841: Drottningin úr suðurátt mun rísa upp, þegar dómurinn fellur gegn þessari þjóð, og sýna hana straffs seka, því hún kom af fjarlægu landi að heyra speki Salómons; en gætið þess, **að hér er sá, sem Salómoni er meiri.**

1908: Suðurlanda-drotningin mun koma fram í dóminum ásamt mönnum kynslóðar þessarar og dæma þá seka, því að hún kom frá endimörkum jarðarinnar til að heyra speki Salómons; og sjá, **hér er meira en Salómon.**

1981: Drottning Suðurlanda mun rísa upp í dóminum ásamt mönnum þessarar kynslóðar og sakfella þá, því að hún kom frá endimörkum jarðar að heyra speki Salómons, **og hér er meira en Salómon.**

2007: Drottning Suðurlanda mun rísa upp í dóminum ásamt mönnum þessarar kynslóðar og sakfella þá því að hún kom frá endimörkum jarðar að heyra speki Salómons og **hér er meira en Salómon.**

11:44

Fjarlægt hverja Jesú Kristur er að átala.

NT ODDS: Ve sé yður **lögspekingum**, **faríseis og hræsnurum** því þér eruð sem hulin leiði framliðinna, yfir hverju ið menn ganga og þekkja þau eigi.

GUÐBRANDS: Vei sé yður **lögspekingum**, **Phariseis og hræsnurum**, því þér eruð sem

hulin leiði framliðinna yfir hverjum að menn ganga og þekkja þau eigi!“
KJV: Woe unto you, **scribes and Pharisees, hypocrites!** for ye are as graves which appear not, and the men that walk over them are not aware of them.
NIV 1984: "Woe to you, because you are like unmarked graves, which men walk over without knowing it."
NIV 2011: “Woe to you, because you are like unmarked graves, which people walk over without knowing it.”
1908: Vei yður, því að þér eruð eins og grafir, sem ekki ber á, og menn, sem ganga yfir þær, vita eigi af því
1981: Vei yður, því þér eruð eins og duldar grafir, sem menn ganga yfir án þess að vita.“
2007: Vei yður, því þér eruð eins og duldar grafir, sem menn ganga yfir án þess að vita.“

11:54 *Endirinn fjarlægður.*

NT ODDS: veitandi honum umsát og leituðu við að jaga það nokkuð af hans munni **er þeir mættu hann um kilja.**
GUÐBRANDS: veitandi honum umsát og leituðu við að jaga það nokkuð af hans munni **er þeir mættu um hann kylja.**
KJV: Laying wait for him, and seeking to catch something out of his mouth, **that they might accuse him.**
NIV 1984: waiting to catch him in something he might say.
NIV 2011: waiting to catch him in something he might say.
1841: og sitja um hann og leitast við að veiða eitthvað af munni hans, **er þeir gæti sakfellt hann fyrir.**
1908: leggjandi snörur fyrir hann, til þess að veiða eitthvað af munni hans.
1981: og sitja um að veiða eitthvað af vörum hans
2007: og sitja um að veiða eitthvað af vörum hans.

12:31 *Guð fjarlægður.*

NT ODDS: Því **leitið fyrst að Guðs ríki** og hans réttlæti, og mun yður þá allt til falla.
GUÐBRANDS: Því **leitið fyrst að Guðs ríki** og hans réttlæti og mun yður þá allt tilfalla
KJV: But rather seek **ye the kingdom of God**; and all these things shall be added unto you.
NIV 1984: But **seek his kingdom**, and these things will be given to you as well.
NIV 2011: But **seek his kingdom**, and these things will be given to you as well.
1841: **Kappkostið heldur að öðlast Guðs ríki,** þá munuð þér fá allt þetta í viðbót
1908: **Leitið heldur ríkis hans**, og þetta mun veitast yður að auki.
1981: **Leitið heldur ríkis hans**, og þá mun þetta veitast yður að auki.
2007: **Leitið heldur ríkis hans** og þá mun þetta veitast yður að auki.

13:3,5 *Iðrun fjarlægð*

NT ODDS: **3** Eg segi yður: Nei. Heldur ef **þér gjörið eigi iðran**, þá fyrirfarist þér líka allir. **5** Eg segi yður: Nei. Heldur **ef þér gjörið eigi iðran,** munu þér einninn allir fyrirfarast
GUÐBRANDS: **3** Eg segi yður: Nei, heldur **ef þér gjörið eigi iðran** þá fyrirfarist þér líka allir. **5** Eg segi yður: Nei, heldur **ef þér gjörið eigi iðran** munu þér einnin allir fyrirfarast.“
KJV: 3 I tell you, Nay: but, **except ye repent**, ye shall all likewise perish. **5** I tell you, Nay: but, **except ye repent**, ye shall all likewise perish.
NIV 2011: 3 I tell you, no! But **unless you repent**, you too will all perish. **5** I tell you, no! But **unless you repent**, you too will all peris
1841: 3 alls ekki! en trúið mér, **nema þér bætið ráð yðar,** munuð þér allir eins fyrirfarast; **5** alls ekki! eg segi yður satt: **nema þér bætið ráð yðar,** munuð þér allir fá sömu afdrif.
1908: **3** Nei, segi eg yður, en **ef þér gjörið ekki iðrun,** munuð þér allir fyrirfarast á líkan hátt **5** Nei, segi eg yður, en **ef þér gjörið ekki iðrun**, munuð þér allir fyrirfarast á sama hátt.
1981: 3 Nei, segi ég yður, en **ef þér gjörið ekki iðrun**, munuð þér allir farast eins **5** Nei, segi ég yður, en **ef þér gjörið ekki iðrun**, munuð þér allir farast eins.
2007: **3** Nei, segi ég yður, en **ef þér takið ekki sinnaskiptum** munuð þér allir farast á sama hátt. **5** Nei, segi ég yður, **en ef þér takið ekkisinnaskiptum** munuð þér allir farast á sama hátt.

13:25

NT ODDS: Og í frá því eð húsbóndinn er inn genginn og hefir dyrnar aftur luktar, þá taki þér til þar fyrir utan að standa og á dyrnar að knýja svo segjandi: **Herra, herra,** luktu upp fyrir oss**.** Hann mun svara og segja til yðar: Eigi þekki eg yður eða hvaðan þér eruð.
GUÐBRANDS: Og í frá því eð húsbóndinn er inngenginn og hefir dyrnar afturluktar þá taki þér til þar fyrir utan að standa og á dyrnar að hnýja, so segjandi: **Herra, herra,** lúktu upp fyrir oss**.** Hann mun svara og segja til yðar: Eigi þekki eg yður eða hvaðan þér eruð.
KJV: When once the master of the house is risen up, and hath shut to the door, and ye begin to stand without, and to knock at the door, saying, **Lord**, **Lord**, open unto us; and he shall answer and say unto you, I know you not whence ye are:
NIV 1984: Once the owner of the house gets up and closes the door, you will stand outside knocking and pleading, **'Sir,** open the door for us**.'** "But he will answer, 'I don't know you or where you come from.'
NIV 2011: Once the owner of the house gets up and closes the door, you will stand outside knocking and pleading, '**Sir**, open the door for us.' "But he will answer, 'I don't know you or where you come from.'
1841: Frá þeim tíma að húsbóndinn er uppstaðinn og hefir lokað dyrunum, munuð þér, sem fyrir utan standið, taka að berja upp á og segja: lúk þú upp fyrir oss**, Herra!** en hann mun svara: eg þekki yður ekki, eg veit ekki hvaðan þér eruð.
1908: Frá þeim tíma er húsbóndinn er upp staðinn og hefir lokað dyrunum, og þér takið að standa fyrir utan og berja á dyrnar, segjandi: **Herra,** Ijúk þú upp fyrir oss**!** þá mun hann svara og segja við jrður: Eg þekki yður ekki, hvaðan þér eruð.
1981: Þegar húsbóndinn stendur upp og lokar dyrum og þér takið þá að standa fyrir utan og knýja á dyr og segja: ‚**Herra**, ljúk þú upp fyrir oss!' mun hann svara yður: ‚Ég veit ekki, hvaðan þér eruð.'
2007: Þegar húsbóndinn stendur upp og lokar dyrum og þér takið þá að standa fyrir utan og knýja á dyr og segja: **Herra,** ljúk þú upp fyrir oss! mun hann svara yður: Ég veit ekki hvaðan þér eruð.

16:23

Hel og Hades eru ekki Helvíti. Hel og Hades er myrkraheimur þeirra látnu og það er enginn hiti þar heldur kuldi, þannig að þegar ríki maðurinn biður um dropa til að slá á þorstan, þá gæti hann ekki verið í Hel eða Hades, heldur Helvíti þar sem eldurinn slokknar ekki og maðkurinn deyr ekki, hann myndi ekki þyrsta við að vera í Hel eða Hades og hann myndi ekki vera í kvölum.
NT ODDS: Og sem hann var **í helvíti** og kvölunum, þá hóf hann upp sín augu og leit Abraham langt burt og Lasarum í hans faðmi.
GUÐBRANDS: Og sem hann var **í helvíti** og kvölunum þá hóf hann upp sín augu og leit Abraham langt í burt og Lazarus í hans faðmi.
KJV: And **in hell** he lift up his eyes, being in torments, and seeth Abraham afar off, and Lazarus in his bosom.
NIV 2011: **In Hades**, where he was in torment, he looked up and saw Abraham far away, with Lazarus by his side.
1841: En er hann var **í helvítiskvölum**, þá hóf hann upp augu sín, og sá Abraham álengdar, og Lasarus í faðmi hans.
1908: Og er hann hóf upp augu sín **í helju**, þar sem hann var í kvölum, sér hann Abraham álengdar og Lazarus í skauti hans.
1981: Og **í helju**, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín og sá Abraham í fjarska og Lasarus við brjóst hans
2007: Og **í helju**, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín og sá Abraham í fjarska og Lasarus við brjóst hans.

16:30

Iðrun varð að sinnaskiptum
NT ODDS: En hann sagði: Nei, Abraham faðir, heldur ef nokkur framliðinna færi til þeirra, **þá mundi þeir iðran gjöra.**
GUÐBRANDS: En hann sagði: Nei, Abraham, faðir, heldur ef nokkur framliðinna færi til þeirra þá **mundu þeir iðran gjöra**.
KJV: And he said, Nay, father Abraham: but if one went unto them from the dead, **they will repent.**
NIV 2011: "'No, father Abraham,' he said, 'but if someone from the dead goes to them, **they will repent.'**
1841: hinn mælti: nei, Faðir Abraham! heldur ef nokkur dauðra kæmi til þeirra, **þá mundu þeir bæta ráð sitt.**

1908: En hann sagði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver frá hinum dauðu kæmi til þeirra, **þá mundu þeir gjöra iðrun.**
1981: Hinn svaraði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dauðu, **mundu þeir gjöra iðrun.**
2007: Hinn svaraði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dauðu **mundu þeir taka sinnaskiptum**

17:3

Málfarið mildað og iðrun fór fyrir rest
NT ODDS: Vaktið yður. **Ef bróðir þinn brýtur við þig,** þá átel hann, **og ef hann iðrast**, þá fyrirgef honum það.
GUÐBRANDS: Vaktið yður. **Ef bróður þinn brýtur við þig** þá átel hann **og ef hann iðras**t þá fyrirgef honum það
KJV: Take heed to yourselves: **If thy brother trespass against thee**, rebuke him; and if he repent, forgive him.
NIV 1984: So watch yourselves. "**If your brother sins**, rebuke him, **and if he repents, forgive him.**
NIV 2011: So watch yourselves "**If your brother or sister sins against you**, rebuke them; and **if they repent, forgive them.**
1841: Gætið yðar því. **Hafi einhvör gjört á hluta þinn,** þá átel hann, **og iðri hann þess**, þá fyrirgef honum það,
1908: Hafið gát á sjálfum yður. **Ef bróðir þinn syndgar,** þá ávíta hann, og **ef hann iðrast**, þá fyrirgef honnm
1981: Hafið gát á sjálfum yður. **Ef bróðir þinn syndgar**, þá ávíta hann, og **ef hann iðrast**, þá fyrirgef honum.
2007: Hafið gát á sjálfum yður. **Ef bróðir þinn syndgar,** þá ávíta hann og **ef hann sér að sér**, þá fyrirgef honum.

17:4

Örstutt ábending að hér er iðrun ekki breytt í sinnaskipti þegar samhengið er að biðja annan mann fyrirgefningar, en þegar það kemur að Jesú Kristi þá dugir að taka sinnaskiptum.
GUÐBRANDS: Og þó hann brjóti sjö sinnum á degi við þig og snúist sjö sinnum aftur á degi til þín og segi: Það **iðrar mig**, þá fyrirgef honum það.“
2007: Og þótt hann misgeri við þig sjö sinnum á dag og snúi sjö sinnum aftur til þín og segi: **Ég iðrast**, þá skalt þú fyrirgefa honum.“

17:9

Hér á ekki að fara á milli mála að góður þjónn er sá sem gerir meira enn hann er beðinn um.Þess vegna spyr Jesús og svarar því svo sjálfur: Heldur þú að þjónn sem gerði það sem hann átti að gera fái þakkir fyrir? Ég held ekki.
NT ODDS: Þakkar hann nokkuð þeim þjón þó hann gjörði hvað honum var boðið? **Eg meina: Nei.**
GUÐBRANDS: Þakkar hann nokkuð þeim þjón þó hann gjörði hvað honum var boðið? **Eg meina nei.**
KJV: Doth he thank that servant because he did the things that were commanded him? **I trow not**.
NIV 1984: Would he thank the servant because he did what he was told to do?
NIV 2011: Will he thank the servant because he did what he was told to do?
1841: hvört mun hann gjalda þjóni þeim þakkir, þótt hann gjöri það, sem honum var boðið? **eg held ekki.**
1908: Mun hann þakka þjóninum fyrir að hann gjörði það sem boðið var?
1981: Og er hann þakklátur þjóni sínum fyrir að gjöra það, sem boðið var?
2007: Og er hann þakklátur þjóni sínum fyrir að gera það sem boðið var?

17:36

Það sem er undarlegast hér er hvernig þetta vers hefur varla sést á Íslensku en þegar það gerist er það ekki án athugasemda.
NT ODDS: EKKI Í MEGINMÁLI
GUÐBRANDS: EKKI Í MEGINMÁLI
KJV: Two men shall be in the field; the one shall be taken, and the other left.
NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI
Neðanmál segir: Some manuscripts include here words similar to Matt. 24:40.
1841: Þá spurðu þeir hann að: hvar þá, Herra? hann sagði: þar c), sem hræið er, þangað munu ernirnir safnast *Vers 37 er not-að sem 36 og kaflin endar á 36*
1908*:* EKKI Í MEGINMÁLI
1981: [Tveir verða á akri, annar mun tekinn, hinn eftir skilinn.]“[c]
[c] **Vantar í sum handrit.**
2007: [36 Tveir verða á akri, annar mun tekinn, hinn eftir skilinn.]“[c]
[c]**Vantar í sum handrit**

18:24

Hryggð mannsins sem Jesús lítur á fjarlægð

NT ODDS: **En er Jesús sá hann hryggvan orðinn,** sagði hann: Hversu torvelt er þeim inn að ganga í Guðs ríki sem peninga hafa.

GUÐBRANDS: **En er Jesús sá hann hryggvan orðinn s**agði hann: „Hversu torvelt er þeim inn að ganga í Guðs ríki sem ríkdóm hafa

KJV: And when **Jesus saw that he was very sorrowful,** he said, How hardly shall they that have riches enter into the kingdom of God!

NIV 1984: **Jesus looked at him** and said, "How hard it is for the rich to enter the kingdom of God!

NIV 2011: **Jesus looked at him** and said, "How hard it is for the rich to enter the kingdom of God!

1841: **En er Jesús sá hann hryggjast,** sagði hann: hvörsu torvelt er það fyrir þá, sem ríkir eru, að komast í Guðs ríki?

1908: **En er Jesús sá hann**, sagði hann: Hversu torvelt mun verða fyrir þá, sem auðæfin hafa, að ganga inn í guðsríkið!

1981: **Jesús sá það** og sagði: „Hve torvelt er þeim, sem auðinn hafa, að ganga inn í Guðs ríki

2007: **Jesús sá það** og sagði: „Hve torvelt er þeim sem auðinn hafa að ganga inn í Guðs ríki.

19:45

Jesús rak út þá sem voru að selja og þá sem voru að kaupa.

NT ODDS: Og hann gekk inn í musterið og tók út að reka þá sem seldu og **keyptu þar inni**

GUÐBRANDS: Og hann gekk inn í musterið og tók út að reka þá sem seldu og **keyptu þar inni**

KJV: And he went into the temple, and began to cast out them that sold therein, **and them that bought;**

NIV 1984: Then he entered the temple area and began driving out those who were selling.

NIV 2011: When Jesus entered the temple courts, he began to drive out those who were selling

1841: Síðan gekk hann inn í musterið, rak þá út, er seldu þar og keyptu og mælti

1908: Og hann gekk inn í helgidóminn, og tók að reka út þá, er voru að selja,

1981: Þá gekk hann inn í helgidóminn og tók að reka út þá er voru að selja

2007: Þá gekk hann inn í helgidóminn og tók að reka út þá er voru að selja

19:46

Hús Guðs er bænahús, það er ekki æskilegasti möguleikin, það er EINI möguleikin.

NT ODDS: og sagði til þeirra: **Skrifað er að mitt hús sé bæna hús**, en þér gjörðuð það að spillvirkja inni.

GUÐBRANDS: og sagði til þeirra: **„Skrifað er: Mitt hús er bænahús,** en þér gjörðuð það að spillvirkjainni.“

KJV: Saying unto them, It is written, **My house is the house of prayer:** but ye have made it a den of thieves.

NIV 1984: "It is written," he said to them, " **'My house will be a house of prayer'** ; but you have made it 'a den of robbers.' "

NIV 2011: t is written," he said to them, "'**My house will be a house of prayer'**; but you have made it 'a den of robbers.'"

1841: svo er ritað, **að mitt hús skuli vera bænahús,** en þér hafið gjört það að ræningjabæli

1908: og sagði við þá: Ritað er: **Og hús mitt á að vera bænahús**, en þér hafið gjört það að rœningjabœli.

1981: og mælti við þá: „Ritað er: **Hús mitt á að vera bænahús**, en þér hafið gjört það að ræningjabæli.“

2007: og mælti við þá: „Ritað er: **Hús mitt á að vera bænahús** en þér hafið gert það að ræningjabæli.“

20:13

Hér er Jesús að segja dæmisögu sem á að tala beint til fariseana og fræðimannana, ***og hann segir kanski ef þeir sjá sonin munu þeir virða hann.*** *Þetta er Jesú að segja beint í opið geðið á þeim sem vilja hann dauðan og hann er að segja þeim að þeir munu ekki virða sonin þegar þeir sjá hann, og hann segir þeim svo að þeir munu drepa hann. Og mennirnir sem hann talar til vildu handtaka hann strax eftir þessa dæmisögu því að þeir vissu að hann var að tala um þá.*

Því má ekki taka burt versið "þegar þeir sjá hann" því Jesús er að segja þeim fremur

beint í dæmisögu að þeir sjái hann og virði hann ekki.
NT ODDS: En þá sagði herrann víngarðsins: Hvað skal eg til gjöra? **Eg mun senda son minn elskulegan**. **Má vera að nær þeir sjá hann, þá feili þeir sér.**
GUÐBRANDS: En þá sagði herrann víngarðsins: Hvað skal eg til gjöra? **Eg mun senda son minn elskulegan, má vera að þá þeir sjá hann þá feili þeir sér**
KJV: Then said the lord of the vineyard, What shall I do? **I will send my beloved son: it may be they will reverence him when they see him**
NIV 1984: "Then the owner of the vineyard said, 'What shall I do? **I will send my son, whom I love; perhaps they will respect him.'**
NIV 2011: Then the owner of the vineyard said, 'What shall I do? **I will send my son, whom I love; perhaps they will respect him.'**
1841: þá sagði eigandi víngarðsins: hvað skal eg nú til ráðs taka? **eg vil senda einkason minn, máske þeir, þá þeir sjá hann, beri virðingu fyrir honum**
1908: En herra vingarðsins sagði: Hvað á eg að gjöra? **Eg ætla að senda son minn hinn elskaða; þeir munu þó bera virðingu fyrir honum**
1981: Þá sagði eigandi víngarðsins: ‚Hvað á ég að gjöra? **Ég sendi son minn elskaðan. Má vera, þeir virði hann.'**
2007: Þá sagði eigandi víngarðsins: Hvað á ég að gera? **Ég sendi son minn elskaðan. Má vera þeir virði hann.**

20:23

NT ODDS: En hann merkti þeirra flátttskap og sagði til þeirra: **Hvað freisti þér mín?**
GUÐBRANDS: En hann merkti þeirra flátskap og sagði til þeirra**: „Hvað freisti þér mín?**
KJV: But he perceived their craftiness, and said unto them, **Why tempt ye me?**
NIV 1984: He saw through their duplicity and said to them,
NIV 2011: He saw through their duplicity and said to them,
1841: En er hann merkti þeirra flátttskap, sagði hann: **hvað freistið þér mín?**
1908: En hann merkti flærð þeirra og sagði við þá:
1981: En hann merkti flærð þeirra og sagði við þá:
2007: En hann merkti flærð þeirra og sagði við þá

20:30

NT ODDS: Og sá annar **tók þá konu og andaðist líka erfingjalaus**
GUÐBRANDS: Og sá annar **fékk hennar og andaðist barnlaus.**
KJV: And the second **took her to wife, and he died childless.**
NIV 1984: The second
NIV 2011: The second
1841: svo giftist hún öðrum, **og þessi deyði einninn barnlaus,**
1908: Og hinn annar
1981: Gekk þá annar bróðirinn
2007: Gekk þá annar bróðirinn

21:4

Guð fjarlægður.
NT ODDS: því að þeir hafa allir af sinni yfirverandi eign **inn lagt til Guðs offur**s, en þessi hefir af sinni fátækt alla sína næring þar inn lagt
GUÐBRANDS: Því þeir hafa allir af sinni yfirverandi eign **innlagt til Guðs offurs** en þessi hefur af sinni fátækt alla sína næring þar innlagt.
KJV: For all these have of their abundance cast in unto **the offerings of God:** but she of her penury hath cast in all the living that she had.
NIV 1984: All these people **gave their gifts** out of their wealth; but she out of her poverty put in all she had to live on."
NIV 2011: All these people **gave their gifts** out of their wealth; but she out of her poverty put in all she had to live on."
1841: því hinir **allir hafa lagt í féhirslu Guðs** af því, sem þeir höfðu afgangs, en þessi gaf af fátækt sinni aleigu sína.
1908: því að þessir hafa allir **lagt fram til gjafanna** af nægtum sínum, en hún lagði af skorti sínum alla þá björg, er hún átti.
1981: Hinir allir **lögðu í sjóðinn** af allsnægtum sínum, en hún gaf af skorti sínum, alla björg sína."
2007: Hinir allir **lögðu í sjóðinn** af allsnægtum sínum en hún gaf af skorti sínum, alla björg sína."

21:8

Þetta er sambærilegt vers á við Markús 13:6 og vissulega var Kristur fjarlægður úr þessu versi líka. Það má sjá að þetta er ekki ný villa eða ný breyting þar sem hún er í Oddi líka.

NT ODDS: En hann sagði: Sjáið til að þér verðið eigi villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja að **eg sé það**, og sá tími tekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir.

GUÐBRANDS: En hann sagði: „Sjáið til að þér verðið ei villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni **og segja að eg sé Kristur** og sá tímitekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir.

KJV: And he said, Take heed that ye be not deceived: for many shall come in my name, saying, **I am Christ**; and the time draweth near: go ye not therefore after them.

NIV 2011: He replied: "Watch out that you are not deceived. For many will come in my name, claiming, '**I am he,**' and, 'The time is near.' Do not follow them.

1841: Hann svaraði: gjaldið varhuga við, að þér verðið ekki flekaðir, því margir munu koma í mínu nafni **og segja sig Krist að vera**, og nú sé tíminn kominn, en fyllið ekki flokk þeirra.

1908: Og hann sagði: Gætið þess, að þér verðið ekki leiddir í villu, því að margir munu koma í mínu nafni, segjandi: **Það er eg**, og: Tíminn er nálægur, en farið ekki á eftir þeim.

1981: Hann svaraði: Varist að láta leiða yður í villu. Margir munu koma í mínu nafni **og segja**: **Það er ég!** og Tíminn er í nánd! Fylgið þeim ekki.

2007: Hann svaraði: „Varist að láta leiða yður í villu. Margir munu koma í mínu nafni og segja: **Það er ég**! og: Tíminn er í nánd! Fylgið þeim ekki.

22:14 *Fjöldi postulana fjarlægður*

NT ODDS: Og þá er sú stund kom, setti hann sig niður og þeir **tólf postular** með honum.

GUÐBRANDS: Og þá er sú stund kom setti hann sig niður og þeir **tólf postular** með honum.

KJV: And when the hour was come, he sat down, and the **twelve apostles** with him.

NIV 1984: When the hour came, Jesus and his **apostles** reclined at the table.

NIV 2011: When the hour came, Jesus and his **apostles** reclined at the table.

1841: Nú er tími var til, gekk hann undir borð, og þeir **tólf postular** með honum

1908: Og er stundin var komin, gekk hann undir borð og **postularnir** með honum.

1981: Og er stundin var komin, gekk hann til borðs og **postularnir** með honum

2007: Og er stundin var komin gekk Jesús til borðs og **postularnir** með honum.

22:20

Blóð Jesú Krists dregið í efa

NT ODDS: Líka einninn og kaleikinn eftir kveldmáltíðina og sagði: **þessi er kaleikur nýs testamentis í mínu blóði, hvert fyrir yður út hellist.**

GUÐBRANDS: Líka einnin og kaleikinn eftir kveldmáltíðina og sagði: **„Þessi er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blóði hvert fyrir yður úthellist**

KJV: Likewise also the cup after supper, saying, **This cup is the new testament in my blood, which is shed for you**

NIV 1984: In the same way, after the supper he took the cup, saying, "**This cup is the new covenant in my blood, which is poured out for you**

NIV 2011 In the same way, after the supper he took the cup, saying, "**This cup is the new covenant in my blood, which is poured out for you** .[a]

[a] Some manuscripts do not have given for you … poured out for you.

1841: Sömuleiðis bikarinn að enduðum kvöldverði, og mælti**: þessi bikar er sá nýi sáttmáli, (sem staðfestist) með mínu blóði, sem fyrir yður verður úthellt.**

1908: Og á sama hátt tók hann eftir kvöldmáltíðina bikarinn og mælti: **Þessi bikar er hinn nýi sátlmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthelt**

1981: Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.[a]

[a] **Orðin**: **„sem fyrir yður er gefinn . . . , sem fyrir yður er úthellt" vantar í sum handrit.**

2007: Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði sem fyrir yður er úthellt[a]

[a] **Orðin**: **„sem fyrir yður er gefinn . . . , sem fyrir yður er úthellt" vantar í sum handrit.**

22:31

Fjarlægt "En Drottinn sagði" breytt andskotinn bað um yfir í krafðist og 2007 bætti svo við sínum eigin endi.

NT ODDS: **En Drottinn sagði:** Símon, Símon, **sjáðu að andskotinn hefir beiðst yðar að hann mætti sælda yður** sem hveiti.

GUÐBRANDS: **En Drottinn sagði**: „Símon, Símon, sjáðu, **að andskotinn hefir beiðst yðar að hann mætti sælda yður** sem hveiti.

KJV: **And the Lord said,** Simon, Simon, behold, **Satan hath desired to have you**, **that he may sift you as wheat:**

NIV 2011: "Simon, Simon, S**atan has asked to sift all of you** as wheat.

1841: **Ennframar sagði Drottinn:** Símon, Símon! gæt þú þess, að **Satan hefir leitast við að sælda yður sem hveiti,**

1908: Símon, Símon, sjá, **Satan krafðist yðar**, til að sælda yður eins og hveiti;

1981: Símon, Símon, **Satan krafðist yðar að sælda yður** eins og hveiti

2007:Símon, Símon, **Satan krafðist að fá að sælda yður eins og hveiti svo að hismið kæmi í ljós**

22:43,44

Miklvægt vers dregið í efa.

NT ODDS: 43 En honum birtist engill af himni styrkjandi hann. 44 Og þar kom að hann þrýtti við dauðann og tók ákafar að biðja, en hans sveiti varð svo sem blóðsdropar þeir eð féllu á jörðina.

GUÐBRANDS: 43 En honum birtist engill af himni, styrkjandi hann. 44 Og þar kom að hann þreytti við dauðann og tók ákafar aðbiðja. En hans sveiti varð so sem blóðsdropar þeir eð féllu á jörðina

KJV: 43 And there appeared an angel unto him from heaven, strengthening him. 44 And being in an agony he prayed more earnestly: and his sweat was as it were great drops of blood falling down to the ground.

NT ODDS: **En þeir vantrúuðu Gyðingar fylltust fjandskapar** og fengu með sér nokkra illþýðismenn. Og er þeir höfðu dregið flokk saman, gjörðu þeir upphlaup í borginni og æddu fyrir hús Jasonis og sóktu eftir að leiða þá fram fyrir alþýðufólkið
GUÐBRANDS: **En þeir vantrúuðu Gyðingar fylldust vandlætingar** og fengu með sér nokkra illþýðisalmúgamenn. Og er þeir höfðu dregið flokk saman gjörðu þeir upphlaup í borginni og æddu fyrir hús Jasonis og sóttu eftir að leiða þá fram fyrir alþýðufólkið.
KJV: **But the Jews which believed not, moved with envy**, took unto them certain lewd fellows of the baser sort, and gathered a company, and set all the city on an uproar, and assaulted the house of Jason, and sought to bring them out to the people.
NIV 1984: **But the Jews were jealous;** so they rounded up some bad characters from the marketplace, formed a mob and started a riot in the city. They rushed to Jason's house in search of Paul and Silas in order to bring them out to the crowd.
NIV 2011: **But other Jews were jealous;** so they rounded up some bad characters from the marketplace, formed a mob and started a riot in the city. They rushed to Jason's house in search of Paul and Silas in order to bring them out to the crowd.
1841: **En Gyðingarnir** tóku með sér nokkra vonda menn af þorparalýðnum, drógu flokk saman og gjörðu upphlaup í borginni, þustu svo að húsi Jasons og leituðu að þeim, til að færa þá fyrir lýðinn.
1908: **En Gyðingarnir fyltust vandlæti** og tóku með sér nokkura vonda menn af götuskrílnum, vöktu uppþot og hleyptu borginni í uppnám og þustu að húsi Jasons og gjörðu tilraun til að færa þá fyrir lýðinn.
1981: **En Gyðingar fylltust afbrýði** og fengu með sér götuskríl, æstu til uppþota og hleyptu borginni í uppnám. Þustu þeir að húsi Jasonar og vildu færa þá fyrir lýðinn.
2007: En Gyðingar fylltust ofstæki og fengu með sér götuskríl, æstu til uppþota og hleyptu borginni í uppnám. Þustu þeir að húsi Jasonar og vildu færa Pál og Sílas fyrir borgarafund.

17:16

Andinn algerlega fjarlægður, það er að segja Heilögum Anda gramdist að sjá þetta sem dvaldi í Páli. Þetta var ekki eingöngu hans skapgerð.
NT ODDS: En á meðan Páll beið þeirra til Aþena, **gramdist hans andi með sjálfum honum** er hann sá borgina svo mjög hneigða til skurgoðadýrkanar.
GUÐBRANDS: En á meðan Páll beið þeirra til Athena **gramdist hans andi með sjálfum honum** er hann sá borgina so mjög hneigða til skúrgoðadýrkunar.
KJV: Now while Paul waited for them at Athens, **his spirit was stirred in him,** when he saw the city wholly given to idolatry.
NIV 2011: While Paul was waiting for them in Athens, **he was greatly distressed** to see that the city was full of idols.
1841: Meðan Páll beið þeirra í Atenuborg, **gramdist honum hugur** að sjá hvílíkt afguðabæli sú borg var;
1908: En meðan Páll beið þeirra í Aþenu, **fyltist andinn í brjósti honum sárri gremju**, er hann sá að borgin var full af skurðgoðum.
1981: Meðan Páll beið þeirra í Aþenu, **var honum mikil skapraun** að sjá, að borgin var full af skurðgoðum.
2007: Meðan Páll beið þeirra í Aþenu **var honum mikil skapraun** að sjá að borgin var full af skurðgoðum.

17:22

Páll kallaði þá of hjátrúafulla og svo er breytt hvar þetta átti sér stað.
NT ODDS: En Páll sté upp á **miðjan dómflötinn** og sagði: Þér menn Aþenuborgar, eg sé það þér eruð í öllum hlutum **næsta hjátrúaðir**

GUÐBRANDS: En Páll sté upp á **miðjan dómflötinn** og sagði: „Þér menn Aþenuborgar! Eg sé það þér eruð í öllum hlutum **nærsta hjátrúaðir**.
KJV: Then Paul stood in the midst of **Mars' hill**, and said, Ye men of Athens, I perceive that in all things **ye are too superstitious**.
NIV 2011: Paul then stood up in the meeting of the **Areopagus** and said: "People of Athens! I see that in every way **you are very religious**.
1841: Þegar Páll þanninn stóð **mitt á Areópagus**, mælti hann: Atenumenn! það sé eg hvervetna, að þér eruð **miklir trúmenn**;
1908: En Páll stóð á **miðri Aresarhæð** og tók til máls: Aþenumenn, þér komið mér svo fyrir sjónir, að þér í öllum greinum séuð **miklir trúmenn**,
1981: Þá sté Páll fram á **miðri Aresarhæð** og tók til máls: Aþeningar, þér komið mér svo fyrir sjónir, að þér séuð í öllum greinum **miklir trúmenn**,
2007: Þá sté Páll fram á **miðri Aresarhæð** og tók til máls: „Aþeningar, þið komið mér svo fyrir sjónir að þið séuð í öllum greinum **miklir trúmenn**

17:26

Blóðið fjarlægt
NT ODDS: **Hann gjörði og af einu blóði allt mannkyn** það er byggja skyldi yfir allri augsýn jarðar og ályktaði forskikkaða tíma, og takmörk þeirra byggingar hefir hann staðfest
GUÐBRANDS: **Hann gjörði og af einu blóði allt mannkyn** þeir er byggja skyldi yfir allri augsýn jarðar og ályktaði forskikkaða tíma og takmörk þeirra byggingar hefur hann staðfest
KJV: **And hath made of one blood all nations of men** for to dwell on all the face of the earth, and hath determined the times before appointed, and the bounds of their habitation
NIV 1984: **From one man he made every nation of men,** that they should inhabit the whole earth; and he determined the times set for them and the exact places where they should live.
NIV 2011: **From one man he made all the nations**, that they should inhabit the whole earth; and he marked out their appointed times in history and the boundaries of their lands.
1841: **Hann lét, af einum ættstofni, allra manna kynþætti útkvíslast** um gjörvalla jarðarkringluna, og hann hefir fastsett ákvörðuð tímabil og takmörk fyrir þjóðanna bústaði,
1908: **og hann lét út frá einum sérhverja þjóð manna** byggja alt yfirborð jarðarinnar, er hann hafði ákveðið fyrirsetta tíma og takmark bólstaða þeirra
1981: **Hann skóp og af einum allar þjóðir manna** og lét þær byggja allt yfirborð jarðar, er hann hafði ákveðið setta tíma og mörk bólstaða þeirra.
2007: **Hann skóp og af einum allar þjóðir manna** og lét þær byggja allt yfirborð jarðar er hann hafði ákveðið setta tíma og mörk bólstaða þeirra

17:30

Það má taka fram hér að yfirbót hefur eingöngu eina merkingu, að bæta fyrir syndir, þannig þetta er ekki um sinnaskipti eða snúa sér til hans, þetta er um að játa syndir þínar fyrir Jesú Kristi og biðja hann um að fyrirgefa þær.
NT ODDS: Og að sönnu hefir Guð tíma þessarar óvisku líða látið, en nú býður hann öllum mönnum hvar helst þeir eru að **allir gjöri yfirbót**
GUÐBRANDS: Og að sönnu hefur Guð tíma þessarar óvisku líða látið en nú býður hann öllum mönnum **hvar helst þeir eru að allir gjöri iðrun**
KJV: And the times of this ignorance God winked at; but now commandeth a**ll men every where to repent:**
NIV 2011: In the past God overlooked such ignorance, but now he commands **all people everywhere to repent.**
1841:Að sönnu hefir Guð séð í gegnum fingur við vanviskunnar tíðir, en nú lætur hann öllum mönnum allsstaðar bjóða, **að þeir taki háttaskipti;**
1908: Guð hefir þá séð í gegnum fingur við tíðir vanvizkunnar, en nú boðar hann mönnunum, að þeir **allir skuli alstaðar gjöra iðrun**
1981: Guð, sem hefur umborið tíðir vanviskunnar, boðar nú mönnunum, að þeir skuli **allir hvarvetna taka sinnaskiptum**
2007: Guð hefur umborið vanvisku liðinna tíma. En nú boðar hann mönnum hvarvetna **að allir skuli snúa sér til hans**

18:21

Ástæðan fyrir því að Páll þarf að fara er fjarlægð.

NT ODDS: **heldur kvaddi hann þá og sagði: Mér byrjar með algjörvi á þeirri hátíð, sem til stendur, að vera til Jerúsalem**. Heldur skal eg að Guðs vilja koma til yðar aftur. Og er hann leysti frá Efeso,

GUÐBRANDS: **heldur kvaddi hann þá og sagði: „Mér byrjar með öllu á þeirri hátíð sem tilstendur að vera til Jerúsalem.** Heldur skal eg að Guðs vilja koma til yðar aftur.“ Og er hann leysti frá Epheso

KJV: But bade them farewell, saying, **I must by all means keep this feast that cometh in Jerusalem:** but I will return again unto you, if God will. And he sailed from Ephesus

NIV 1984: But as he left, he promised, "I will come back if it is God's will." Then he set sail from Ephesus.

NIV 2011: But as he left, he promised, “I will come back if it is God’s will.” Then he set sail from Ephesus.

1841: **mér ber að halda hátíðina, sem í hönd fer, í Jerúsalem,** en eg skal koma til yðar aftur, ef Guð vill.

1908: heldur kvaddi þá og sagði: Eg skal hverfa aftur til yðar, ef Guð vill. Og hann lét í haf frá Efesus;

1981:heldur kvaddi þá og sagði: „Ég skal koma aftur til yðar, ef Guð lofar.“ Síðan lét hann í haf frá Efesus,

2007: heldur kvaddi þá og sagði: „Ég skal koma aftur til ykkar ef Guð lofar.“ Síðan lét hann í haf frá Efesus,

19:4

Kristur fjarlægður

NT ODDS: Páll sagði: Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldi trúa á þann sem eftir hann mundi koma, **það er Jesúm það hann sé Kristur.**

GUÐBRANDS: Páll sagði: „Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldu trúa á þann sem eftir hann mundi koma, **það er á Jesúm, það hann sé Kristur.**“

KJV: Then said Paul, John verily baptized with the baptism of repentance, saying unto the people, that they should believe on him which should come after him, **that is, on Christ Jesus**.

NIV 1984: Paul said, "John's baptism was a baptism of repentance. He told the people to believe in the one coming after him, **that is, in Jesus."**

NIV 2011: Paul said, “John’s baptism was a baptism of repentance. He told the people to believe in the one coming after him, that is, in **Jesus**.”

1841: Páll ansaði: að vísu skírði Jóhannes með iðrunarskírn , því hann sagði fólkinu að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er á Jesúm Kris**t.

1908: En Páll sagði: Jóhannes skírði iðrunarskírn, er hann sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er að segja á Jesúm**

1981: Þá mælti Páll: „Jóhannes skírði iðrunarskírn og sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, **það er á Jesú**.“

2007: Þá mælti Páll: „Jóhannes skírði iðrunarskírn og sagði fólkinu að trúa á þann sem eftir sig kæmi, **það er á Jesú.**“

19:35

Dýrkun breytt í musteri og nafni gyðjunar breytt. Díana ólíkt Artemis er enn tilbeðin á meðal norna enn þann dag í dag.

NT ODDS: Og sem kanselerinn fékk stöðvað fólkið, sagði hann: Þér menn í Efeso, hver er sá manna eð eigi veit það **borgin Efeso sé dýrkanarinna hinnar miklu gyðju Díanu** og hennar líkneskju af himni ofan fallna?

Guðbrands: Og sem kanselereinn fékk stöðvað fólkið sagði hann: „Þér menn í Epheso! Hver er sá manna eð ei veit það borgin **Ephesus sé dýrkunarinnar hinnar miklu gyðju Díanu** og hennar líkneskju af himni ofanfallna?

KJV: And when the townclerk had appeased the people, he said, Ye men of Ephesus, what man is there that knoweth not how that the city of the **Ephesians is a worshipper of the great goddess Diana,** and of the image which fell down from Jupiter?

NIV 2011: the city clerk quieted the crowd and said: “Fellow Ephesians, doesn’t all the world know that **the city of Ephesus is the guardian of the temple of the great Artemis** and of her image, which fell from heaven?

1841: Loksins gat staðarskrifarinn stöðvað fólkið og mælti: Efesusmenn! hvör er sá, er ekki viti að **Efesusborg geymir musteri hinnar miklu Díönu** og það frá himni fallna bílæti.

1908: En ritarinn sefaði fólkið og mælti: Efesusmenn, hver er sá maður, er ekki viti, **að borg Efesusmanna geymir musteris hinnar miklu Artemisar** og hins himinfallna líkneskis?
1981: En borgarritarinn gat sefað fólkið og mælti: Efesusmenn, hver er sá maður, að hann viti ekki, að **borg Efesusmanna geymir musteri hinnar miklu Artemisar** og steininn helga af himni?
2007: En borgarritarinn gat sefað fólkið og mælti: „Efesusmenn, hver er sá maður að hann viti ekki að **borg Efesusmanna geymir musteri hinnar miklu Artemisar** og steininn helga af himni?

20:15

Þeir stöldruð víst aldrei í Trogilion
NT ODDS: Þaðan sigldu vér og komum annars dags gegnt Kíon. Og deginum eftir tóku vær höfn við Samon og **dvöldum i Trogilion.** Og næsta daginn eftir komu vær til Míleto
GUÐBRANDS: Þaðan sigldu vér og komum annars dags gegnt Chion. Og deginum eftir tóku vær höfn við Samon **og dvöldum í Trogilion.** Og næsta daginn eftir komu vær til Mileto.
KJV: And we sailed thence, and came the next day over against Chios; and the next day we arrived at Samos, and **tarried at Trogyllium**; and the next day we came to Miletus.
NIV 1984: The next day we set sail from there and arrived off Kios. The day after that we crossed over to Samos, and on the following day arrived at Miletus.
NIV 2011: The next day we set sail from there and arrived off Chios. The day after that we crossed over to Samos, and on the following day arrived at Miletus.
1841: Þaðan sigldum vér og komumst annars dags gagnvart Kíos. Daginn eftir lögðum vér að Samus, **og stöldruðum við í Trógillíon,** og komum næsta dag til Míletus
1908: Og þaðan sigldum vér og komum næsta dag á móls við Kíos. Og daginn eftir lögðumst vér undir Samos, og næsta dag komum vér til Míletus.
1981: Þaðan sigldum vér daginn eftir og komumst til móts við Kíos. Á öðrum degi fórum vér til Samos og komum næsta dag til Míletus.
2007: Þaðan sigldum við daginn eftir og komumst til móts við Kíos. Á öðrum degi fórum við til Samos og komum næsta dag til Míletus.

20:21

Kristur kom og fór og iðrun fór alfarið
NT ODDS: og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum **iðran til Guðs** og trúna á **Drottin vorn Jesúm**.
GUÐBRANDS: og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum **iðran til Guðs** og trúna á **Drottin vorn Jesúm.**
KJV: Testifying both to the Jews, and also to the Greeks, **repentance toward God**, and faith toward **our Lord Jesus Christ**.
NIV 2011: I have declared to both Jews and Greeks that they must **turn to God in repentance** and have faith in **our Lord Jesus.**
1841: áminnandi svo vel Gyðinga sem Grikki, **að snúa sér til Guðs** og til trúarinnar á **Drottin vorn Jesúm Krist**;
1908: er eg vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um **afturhvarfið til Guðs** og trú á **drottin vorn Jesúm Krist**.
1981: og vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um **afturhvarf til Guðs** og trú á **Drottin vorn Jesú**.
2007: og brýndi fyrir Gyðingum og Grikkjum **að snúa sér til Guðs** og trúa á **Drottin vorn Jesú**.

20:24

Öll gleðin sem fylgir því að þjóna Jesú fjarlægð
NT ODDS: **En eg gef því öngva vakt.** Eg held og eigi sjálfs míns líf dýrmætt **svo að eg fullkomni mitt hlaup með fagnaði og það embætti** sem eg hefi meðtekið af Herranum Jesú til vitnisburðar evangelio Guðs náðar.
GUÐBRANDS: **En eg gef því öngva vak**t. Eg held og eigi sjálfs míns líf dýrmætt **so að eg fullkomni mitt hlaup með fagnaði og það embætti** sem eg hefi meðtekið af herranum Jesú til vitnisburðar evangelio Guðs náðar.
KJV: **But none of these things move me,** neither count I my life dear unto myself, **so that I might finish my course with joy, and the ministry,** which I have received of the Lord Jesus, to testify the gospel of the grace of God.

NIV 1984: However, I consider my life worth nothing to me, **if only I may finish the race and complete the task the Lord Jesus has given me**--the task of testifying to the gospel of God's grace.
NIV 2011: However, I consider my life worth nothing to me; **my only aim is to finish the race and complete the task** the Lord Jesus has given me—the task of testifying to the good news of God's grace.
1841: **En eg set það ekkert fyrir mig**, met og ekki dýrt líf mitt, **svo að eg með gleði fullendi mitt skeið og embætti,** sem eg hefi tekið við af Herranum Jesú, að auglýsa hátíðlega fagnaðarboðskap guðlegrar náðar.
1908: **En eigi er orði að því eyðandi,** að lífið sé dýrmætt fyrir mig sjálfan móts **við það að fullna skeið mitt og þjónustuna,** er eg tók við af drotni Jesú, að vitna um fagnaðarerindi Guðs náðar.
1981: En mér er líf mitt einskis virði, **fái ég aðeins að fullna skeið mitt og þá þjónustu,** sem Drottinn Jesús fól mér: Að bera vitni fagnaðarerindinu um Guðs náð.
2007: En mér er líf mitt einskis virði **fái ég aðeins að fullna skeið mitt og þá þjónustu** sem Drottinn Jesús fól mér: Að bera vitni fagnaðarerindinu um Guðs náð.

20:25

Guð fjarlægður
NT ODDS: Og sjáið, að nú veit eg að þér munuð allir eigi sjá mitt andlit meir, hverja eg hefi umgengið **og predikað Guðs ríki**
GUÐBRANDS: Og sjáið, að nú veit eg að þér munuð allir eigi sjá mitt andlit meir, hverja eg hefi um gengið **og prédikað Guðs ríki.**
KJV: And now, behold, I know that ye all, among whom I have gone **preaching the kingdom of God**, shall see my face no more.
NIV 1984: Now I know that none of you among whom I have gone about **preaching the kingdom** will ever see me again.
NIV 2011: "Now I know that none of you among whom I have gone about **preaching the kingdom** will ever see me again.
1841: Og takið nú eftir! eg veit að enginn af yður öllum, meðal hvörra eg hefi gengið **og kennt um Guðs ríki,** muni framar sjá mitt auglit.
1908: 6Og nú, sjá, eg veit, að eigi munuð þér framar sjá ásjónu mína, allir þér, er eg var á ferðinni hjá, **boðandi ríkið**;
1981: Nú veit ég, að þér munuð ekki framar sjá mig, engir þér, sem ég hef komið til **og boðað ríkið**.
2007: Nú veit ég að þið munuð ekki framar sjá mig, enginn ykkar sem ég hef komið til **og boðað ríkið**

21:8

NT ODDS: **En annars dags fóru vær í burt, þeir eð með Páli voru,** og komu til Sesarea og gengum inn í hús Filippi guðsspjallara, hver eð var einn af sjö, og blifum hjá honum.
GUÐBRANDS: **En annars dags fóru vær í burt þeir eð með Páli voru** og komum til Cesarea og gengum inn í hús Philippi guðsspjallara hver eð var einn af sjö og blifum hjá honum
KJV: **And the next day we that were of Paul's company departed,** and came unto Caesarea: and we entered into the house of Philip the evangelist, which was one of the seven; and abode with him.
NIV 1984: **Leaving the next day,** we reached Caesarea and stayed at the house of Philip the evangelist, one of the Seven.
NIV 2011: **Leaving the next day,** we reached Caesarea and stayed at the house of Philip the evangelist, one of the Seven.
1841: **Daginn eftir fórum vær á burt** og komum til Sesareu, þar gengum vér inn í hús Filippusar guðspjallara , sem var einn af þeim sjö, og settumst að hjá honum
1908: **Og daginn eftir fórum vér á burt** og komum til Sesareu, og vér gengum inn í hús Filippusar trúboða, sem var einn af þeim sjö, og dvöldum hjá honum.
1981: Næsta dag gekk Páll með oss til Jakobs, og allir öldungarnir komu þangað.
2007: Daginn eftir fórum við þaðan og komum til Sesareu, gengum inn í hús Filippusar trúboða, sem var einn af þeim sjö, og dvöldumst hjá honum.

21:22

NT ODDS: hvað um það er. **Byrjar safnaðinum allra helst til samans að koma** því að þeir munu fá að heyra það þú ert kominn.
GUÐBRANDS: Hvað um það er **byrjar safnaðinum allra helst til samans að koma** því að þeir munu fá að heyra það þú ert kominn.

KJV: What is it therefore? **the multitude must needs come together:** for they will hear that thou art come.
NIV 1984: What shall we do? They will certainly hear that you have come,
NIV 2011: What shall we do? They will certainly hear that you have come,
1841: Hvað er hér við að gjöra? **vafalaust hlýtur almenningur að koma saman,** því menn munu heyra að þú sért kominn.
1908: Hvað á þá að gjöra? Víst munu Þeir spyrja það, að þú ert kominn.
1981: Hvað á nú að gjöra? Víst mun það spyrjast, að þú ert kominn.
2007: Hvað á nú að gera? Víst mun það spyrjast að þú sért kominn.

22:16

Ákalla hvers nafn?
NT ODDS: Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og af þvo svo þínar syndir að **ákölluðu nafni Drottins.**
GUÐBRANDS: Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og afþvo so þínar syndir **og ákalla þú nafn Drottins.**
KJV: And now why tarriest thou? arise, and be baptized, and wash away thy sins, **calling on the name of the Lord.**
NIV 1984: And now what are you waiting for? Get up, be baptized and wash your sins away, **calling on his name.'**
NIV 2011: And now what are you waiting for? Get up, be baptized and wash your sins away, **calling on his name.'**
1841: stattú upp, lát skíra þig og afþvo syndir þínar **og ákalla hans nafn.**
1908: Og hvað dvelur þig nú? Rís upp og lát skírast og afþvo syndir þínar, **ákallandi nafn hans.**
1981: Hvað dvelur þig nú? Rís upp, **ákalla nafn hans** og lát skírast og laugast af syndum þínum.'
2007: Hvað dvelur þig nú? Rís upp, **ákalla nafn hans** og lát skírast og laugast af syndum þínum.

23:9

"þá kunnum vér eigi að stríða í móti Guði." *fjarlægt*
NT ODDS: En þá gjörðist hávaði mikill, og hinir ritklóku af fariseanna liði risu upp og stóðu í móti og sögðu: Vér finnum ekkert vondslegt á þessum manni. **Þó eð andi eður engill hafi viður hann talað, þá kunnum vér eigi að stríða í móti Guði.**
GUÐBRANDS: En þá gjörðist hávaði mikill og hinir ritklóku af fariseanna liði risu upp og stóðu í móti og sögðu: „Vér finnum ekkert vondslegt á þessum manni**. Þó að andi eður engill hafi við hann talað þá kunnum vér eigi að stríða í móti Guði**
KJV: And there arose a great cry: and the scribes that were of the Pharisees' part arose, and strove, saying, We find no evil in this man: **but if a spirit or an angel hath spoken to him, let us not fight against God.**
NIV 1984: here was a great uproar, and some of the teachers of the law who were Pharisees stood up and argued vigorously. "We find nothing wrong with this man," they said. "**What if a spirit or an angel has spoken to him?"**
NIV 2011: There was a great uproar, and some of the teachers of the law who were Pharisees stood up and argued vigorously. "We find nothing wrong with this man," they said. "**What if a spirit or an angel has spoken to him?"**
1841: Nú varð hávaði mikill; þeir skriftlærðu af fariseanna flokki gáfu sig fram, færðu nú mál sitt með kappi og sögðu: ekkert illt finnum vér á þessum manni, **þó hann beri fram, að andi hafi talað við sig eður engill.**
1908: Nú varð hávaði mikill, og nokkurir fræðimenn af flokki Fariseanna risu upp og fluttu mál sitt með kappi og sögðu: Ekkert ilt finnuin vér hjá manni þessum. **Ef nú andi skyldi hafa lalað við hann eða engill!**
1981: Nú varð hróp mikið, og nokkrir fræðimenn af flokki farísea risu upp og fullyrtu: „Vér sjáum ekki, að þessi maður hafi brotið af sér. **Gæti ekki hugsast, að andi hafi talað við hann eða engill?"**
2007: Nú varð hróp mikið og nokkrir fræðimenn af flokki farísea risu upp og fullyrtu: „Við sjáum ekki að þessi maður hafi brotið af sér. **Gæti ekki hugsast að andi hafi talað við hann eða engill?"**

24:6,7,8

Hér er gefið í skyn að sum handrit bæti við, en frásögnin verður nánast að engu ef eingöngu er lesið meginmálið, hér væri nær að segja að sum handrit FJARLÆGJA og þessar biblíur sem taka undir ERU AÐ FJARLÆGJA HLUTA AF FRÁSÖGNINNI.

NT ODDS: 6 Hann hefir og einninn viðurleitað að saurga musterið, **hvern vér gripum og vildum hafa dæmt hann eftir lögum vorum.7 En Lýsías yfirhöfðingi kom þar fram og greip hann með miklu ofurefli úr vorum höndum, 8 bjóðandi hans áklögurum til þín að koma,** af hverju þú mátt kenna ef sjálfur vilt eftirgrennslast alla þá hluti, um hverja vér áklögum hann.
GUÐBRANDS: 6 Hann hefur og einnin viðurleitast að saurga musterið, **hvern vér gripum og vildum hafa dæmt hann eftir lögum vorum 7 en Lysias yfirhöfðingi kom þar fram og greip hann með miklu ofurefli úr vorum höndum, 8 bjóðandi hans áklögurum til þín að koma.** Af hverjum þú mátt kenna ef sjálfur vilt eftirgrennslast alla þá hluti um hverja vér áklögum hann.“
KJV: 6 Who also hath gone about to profane the temple: whom we took, **and would have judged according to our law. 7 But the chief captain Lysias came upon us, and with great violence took him away out of our hands Commanding his accusers to come unto thee:** by examining of whom thyself mayest take knowledge of all these things, whereof we accuse him.
NIV 1984: 6 and even tried to desecrate the temple; so we seized him.
7 EKKI Í MEGINMÁLI.
8 By examining him yourself you will be able to learn the truth about all these charges we are bringing against him."
NIV 2011: 6 and even tried to desecrate the temple; so we seized him
7 EKKI Í MEGINMÁLI
Some manuscripts include here him, and we would have judged him in accordance with our law. 7 But the commander Lysias came and took him from us with much violence, 8 ordering his accusers to come before you.
1841: 6 og hefir jafnvel ráðist í að vanhelga musterið**; þá tókum vér hann fastan og vildum hafa dæmt hann samkvæmt vorum lögum; 7 en þúshundraðshöfðinginn Lysías kom þá að, og með miklu ofríki þreif hann úr vorum höndum, 8 og skipaði hans áklögurum að fara til þín,** og af honum getur þú, þegar þú spyr hann, fengið sjálfur að vita allt það, sem vér ákærum hann um.
1908: 6 og gjörði hann meira að segja tilraun til að vanhelga musterið. Þennan mann tókum vér höndum. **7 EKK Í MEGINMÁLI NÉ NEÐANMÁLI** 8 Hjá honum getur þú, er þú prófar sjálfur, fengið að vita um alt þetta, sem vér kærum hann fyrir.
1981: 6 Hann reyndi meira að segja að vanhelga musterið, og þá tókum vér hann höndum.[a]
[a]Sum handrit bæta hér við: og vildum dæma hann eftir lögmáli voru, 7 en Lýsías hersveitarforingi kom þá að og þreif hann með miklu ofríki úr höndum vorum 8 og skipaði ákærendum hans að fara til þín.
2007: 6 Hann reyndi meira að segja að vanhelga musterið og þá tókum við hann höndum. [a]**7 EKKI MEGINMÁLI** 8 Með því að yfirheyra hann getur þú sjálfur gengið úr skugga um öll sakarefni okkar gegn honum.“
[a] Vers 7 vantar í "helstu" handrit

Það má taka fram að helstu handrit talar um hin spilltu og óguðlegu handrit, siniaticus og vaticanus, og þessi tvö valda því að hundruðir ef ekki þúsundir handrita sem innihalda allan textan teljast ekki gild eða ógildir textan í þem af því að hann er ekki í spilltu handritunum.

Hér er ekki mannleg viska að verki, því mannleg viska myndi segja meirihluti handrita inniheldur þennann texta og minnihluti inniheldur hann ekki, þar af leiðandi, er rökrétt að nota textann sem er í meirihlutanum en ekki minnihlutanum.

Og ástæðan fyrir því að þetta er órökrétt og satt að segja angar af lygi er vegna þess að djöfullin er að blása þessu í hjörtu manna, það er eina leiðin til að útskýra hvernig tvö umdeild handrit fái að ráða það miklu um hvað er í biblíunni þinni. Þetta á ekki við rök að styðjast þetta hlýtur þá að vera öndum drifið. Og ef öndum drifið þá sést hversvegna Jesús fær sjaldan eða aldrei að koma undir fullu nafni.

24:14

NT ODDS: En það játa eg þér að eg þjóna (eftir þeim vegi hvern þeir **kalla villudóm**) so Guði minna feðra að eg trúi öllu því hvað í lögmálinu skrifað er og spámönnunum,
GUÐBRANDS: En það játa eg þér að eg þjóna (eftir þeim vegi hvern þeir **kalla villudóm**) so Guði minna feðra að eg trúi öllu því hvað í lögmálinu skrifað er og spámönnunum,

KJV: But this I confess unto thee, that after the way which **they call heresy**, so worship I the God of my fathers, believing all things which are written in the law and in the prophets:
NIV 2011: However, I admit that I worship the God of our ancestors as a follower of the Way, which they **call a sect**. I believe everything that is in accordance with the Law and that is written in the Prophets,
1841: En þetta játa eg þér, að eg þjóna Guði feðra minna, samkvæmt þeirri trú, sem þeir **kalla villudóm**, og trúi öllu, sem skrifað stendur í lögmálinu og spámönnunum
1981: En hitt skal ég játa þér, að ég þjóna Guði feðra vorra samkvæmt veginum, sem þeir **kalla villu**, og trúi öllu því, sem skrifað stendur í lögmálinu og spámönnunum.
2007: Hitt skal ég játa þér, að ég þjóna Guði feðra vorra samkvæmt veginum, sem þeir **kalla villu**, og trúi öllu því sem skrifað stendur í lögmálinu og spámönnunum.

24:15

Framliðnir fjarlægt
NT ODDS: hafandi þá von til Guðs, hverrar þeir sjálfir vænta, einkum **upprisu framliðinna**,bæði réttlátra og ranglátra
GUÐBRANDS: hafandi þá von til Guðs hverrar þeir sjálfir vænta, einkum **upprisu framliðinna**, bæði réttlátra og ranglátra.
KJV: And have hope toward God, which they themselves also allow, that there shall be a **resurrection of the dead**, both of the just and unjust.
NIV 2011: and I have the same hope in God as these men themselves have, that there will be a **resurrection** of both the righteous and the wicked.
1841: hafandi þá von til Guðs, hvörja þeir og sjálfir hafa, að **framliðnir muni upprísa**, bæði vondir menn og góðir.
1908: og hefi þá von til Guðs, sem þeir og sjálfir hafa, **að upp muni rísa** bæði réttlátir og ranglátir
1981: Og þá von hef ég til Guðs, sem þeir og sjálfir hafa, **að upp muni rísa** bæði réttlátir og ranglátir.
2007: Og þá von hef ég til Guðs, sem þeir og sjálfir hafa, **að upp muni rísa** bæði réttlátir og ranglátir.

26:20

Hér er iðrun og að snúa sér til Guðs í sömu setningu, sem þýðir að iðrun er EKKI að taka sinnaskiptum, EKKI að snúa sér til Guðs, HELDUR að sjá syndir þínar og sjá eftir þeim og vilja fá þær fyrirgefnar og biðja Jesú Krist að fyrirgefa þær. Og eftir það skref þá ertu búin að snúa þér til Guðs og taka sinnaskiptum, það er EKKI hægt að sleppa þessu skrefi.

Þannig að breytinging sem sást fyrr í 17:30 er ekki rétt, iðrun og að snúast hugur eða snúa sér til Guðs er ekki alltaf sami hluturinn. Iðrun inniheldur löngun til fyrirgefningar, og sú löngun drífur menn til að kalla til Jesú Krists að fyrirgefa sér.

Þar að auki að taka sinnaskiptum og að snúa sér til Guðs er að endurtaka sama hlutin tvisvar, því að sinnaskipti eru oftast nær túlkuð sem að snúa sér til Guðs í kirkjum í dag.

NT ODDS: heldur boðaði eg hana í fyrstu þeim í Damasko og í Jerúsalem og um allar sveitir Gyðingalands og síðan heiðingjum **að þeir gjörði yfirbót og sneri sér til Guðs og gjörandi verðug verk iðranarinnar.**
GUÐBRANDS: heldur boðaði eg hana í fyrstu þeim í Damasco og Jerúsalem og út um allar sveitir Gyðingalands og síðan heiðingjum **að þeir gjörði iðrun og sneri sér til Guðs og gjörandi verðug verk iðranarinnar**
KJV: But shewed first unto them of Damascus, and at Jerusalem, and throughout all the coasts of Judaea, and then to the Gentiles, **that they should repent and turn to God, and do works meet for repentance.**
NIV 2011: First to those in Damascus, then to those in Jerusalem and in all Judea, and then to the Gentiles, I preached **that they should repent and turn to God and demonstrate their repentance by their deeds.**
1841:heldur boðaði eg fyrst þeim í Damaskus og síðan í Jerúsalem og um byggðarlög Gyðingalands, og heiðingjum, **að menn skyldu taka sinna skipti og snúa sér til Guðs og vinna samboðin verk iðruninni.**
1981:heldur boðaði ég fyrst þeim í Damaskus og í Jerúsalem, síðan um alla Júdeubyggð og heiðingjunum **að iðrast og snúa**

sér til Guðs og vinna verk samboðin iðruninni
2007: heldur boðaði ég fyrst þeim í Damaskus og í Jerúsalem, síðan um alla Júdeubyggð og heiðingjunum **að taka sinnaskiptum og snúa sér til Guðs og sýna það í verk**

28:16

NT ODDS: En þá vér komum í Rómam, **afhenti hundraðshöfðinginn bandingjana þeim æðsta hershöfðingja.** En Páli var lofað að vera, hvar honum líkaði, með þeim einum stríðsmanni sem á honum tók vak
GUÐBRANDS: En þá vér komum í Romam **afenti undirhöfðinginn bandingjana þeim æðsta hershöfðingja.** En Páli var lofað að vera hvar honum líkaði með þeim einum stríðsmanni sem á honum tók vakt.
KJV: And when we came to Rome, **the centurion delivered the prisoners to the captain of the guard:** but Paul was suffered to dwell by himself with a soldier that kept him
NIV 1984: When we got to Rome, Paul was allowed to live by himself, with a soldier to guard him.
NIV 2011: When we got to Rome, Paul was allowed to live by himself, with a soldier to guard him.
1841: En er vér komum til Rómaborgar, **afhenti hundraðshöfðinginn bandingjana hirðstjóranum,** en Páli var leyft að vera í húsi sér, undir gæslu eins stríðsmanns.
1908: Og er vér komum inn í Róm, var Páli leyft að búa út af fyrir sig, ásamt hermanninum, sem gætti hans
1981: Er vér vorum komnir til Rómar, var Páli leyft að búa út af fyrir sig með hermanni þeim, sem gætti hans.
2007: Er við vorum komnir til Rómar var Páli leyft að búa út af fyrir sig með hermanni þeim sem gætti hans.

28:29

NT ODDS: Og er hann talaði þetta, gengu Gyðingar út frá honum og höfðu þrætu mikla sín á milli.
GUÐBRANDS: Og er hann talaði þetta gengu Gyðingar út frá honum og höfðu þrætu mikla sín á milli
KJV: And when he had said these words, the Jews departed, and had great reasoning among themselves.
NIV 1984: EKKI Í MEGINMÁLI
NIV 2011: EKKI Í MEGINMÁLI
Some manuscripts include here After he said this, the Jews left, arguing vigorously among themselves.
1841:Þegar hann hafði svo talað, gengu Gyðingarnir burtu og höfðu mikla þráttun innbyrðis.
1908: EKKI Í MEGINMÁLI
1981: REKIÐ BURT ÚR MEGINMÁLI[a]
[a]Sum handrit bæta við versi 29: Þegar Páll hafði talað þetta, gengu Gyðingarnir burt og þráttuðu sín á milli.
2007: EKKI Í MEGINMÁLI EÐA NEÐANMÁLI EINFALDLEGA HORFIÐ

BREYTINGAR Á RÓMVERJABRÉFINU

1:16

Kristur fjarlægður

NT ODDS: Því að eg skammast mín eigi **Krists evangelio** því það er kraftur Guðs sem hjálplega gjörir alla þá sem þar á trúa, fyrst Gyðinga og svo Grikki.

GUÐBRANDS: Því að eg skammast mín eigi **Krists evangelii** því það er kraftur Guðs sem hjálplega gjörir alla þá sem þar á trúa, fyrst Gyðinga og Grikki.

KJV: For I am not ashamed of the **gospel of Christ**: for it is the power of God unto salvation to every one that believeth; to the Jew first, and also to the Greek

NIV 1984: I am not ashamed of the **gospel**, because it is the power of God for the salvation of everyone who believes: first for the Jew, then for the Gentile.

NIV 2011: For I am not ashamed of the **gospel**, because it is the power of God that brings salvation to everyone who believes: first to the Jew, then to the Gentile.

1841: þar eð eg skammast mín ekki fyrir **Krists fagnaðareyrindið**; því það er kraftur Guðs til sáluhjálpar sérhvörjum trúuðum, Gyðingi fyrst og grískum einnin;

1908: Því að eg fyrirverð mig ekki fyrir **fagnaðarerindið**; því að það er kraftur Guðs til bjálpi'æðis liverjum þeim, er trúir, bæði Gyðingi fyrst og grískum

1981: Ég fyrirverð mig ekki fyrir fagnaðarerindið. Það er kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum þeim sem trúir, Gyðingum fyrst, en einnig Grikkjum

2007: Ég fyrirverð mig ekki fyrir fagnaðarerindið. Það er kraftur Guðs sem frelsar hvern þann mann sem trúir, Gyðinginn fyrst og aðra síðan.

1:18

NT ODDS:Því að Guðs reiði af himnum opinberast yfir allt ranglæti og óréttvísi manna, **þeir eð sannleikinn afrækja í ranglætinu**

GUÐBRANDS: Því að Guðs reiði af himnum opinberast yfir allt ranglæti og óréttvísi manna **þeir eð sannleikann afrækja í ranglætinu**

KJV: For the wrath of God is revealed from heaven against all ungodliness and unrighteousness of men, **who hold the truth in unrighteousness;**

NIV 2011: The wrath of God is being revealed from heaven against all the godlessness and wickedness of people, **who suppress the truth by their wickedness,**

1841: En reiði Guðs er opinberuð af himni yfir öllum óguðlegleika og óréttvísi manna, **þeirra, sem sannleikanum með óréttvísi niðurþrykkja**

1908:Því að reiði Guðs opinberast af himni yfir sérhverjum óguðleika og rangsleitni þeirra manna, **er drepa niður sannleikanum með rangsleitni;**

1981: Reiði Guðs opinberast af himni yfir öllu guðleysi og rangsleitni þeirra manna**, er kefja sannleikann með rangsleitni,**

2007: En reiði Guðs opinberast af himni yfir öllu guðleysi og illsku manna **sem kefja sannleikann með ranglæti.**

1:29

Frillulifnaður eða saurlifnaður sem skilgreinist sem taumlaust kynlíf utan hjónabands. Það er að segja menn sem sofa hjá hverju sem er. Var fjarlægt úr þessu versi.

NT ODDS: fullir upp alls ranglætis, **frillulifnaðar**, fláttskapar, ágirndar, fjandskapar, fullir öfundar, manndrápa, þrætu, svika, óheilinda, kvissamir,

GUÐBRANDS: fullir upp alls ranglætis, **frillulifnaðar**, flátskapar, ágirndar, fjandskapar, fullir haturs, manndrápa, þrætu, svika, óheilinda, kvissamir,

KJV: Being filled with all unrighteousness, **fornication**, wickedness, covetousness, maliciousness; full of envy, murder, debate, deceit, malignity; whisperers,

NIV 1984: They have become filled with every kind of wickedness, evil, greed and depravity. They are full of envy, murder, strife, deceit and malice. They are gossips,

NIV 2011: They have become filled with every kind of wickedness, evil, greed and depravity. They are full of envy, murder, strife, deceit and malice. They are gossips,

1841: eru fullir allrar óréttvísi, **saurlífis**, hrekkvísi, ágirndar, vonsku, fullir öfundar, víghugar, þrætugirni, svika, ósiðsemi;

1908: er þeir voru fyltir alls konar rangsleitni, vonzku, ágirnd, ilsku, fullir öfundar, manndrápa, deilu, sviksemi, illmensku,
1981: fylltir alls konar rangsleitni, vonsku, ágirnd, illsku, fullir öfundar, manndrápa, deilu, sviksemi, illmennsku. Þeir eru rógberar,
2007: Þeir urðu fullir alls kyns rangsleitni, vonsku, ágirndar og illsku. Þeir eru öfundsjúkir, morðfúsir, deilugjarnir, sviksamir, illgjarnir, illmálgir, bakbítar.

3:22

NT ODDS: En eg tala um það réttlæti sem fyrir Guði dugir, hvert að kemur fyrir trúna á Jesúm Krist **til allra og yfir alla þá sem trúa.** Því hér er enginn greinarmunur.
GUÐBRANDS: En eg tala um það réttlæti fyrir Guði hvert að kemur fyrir trúna á Jesúm Christum **til allra og yfir alla þá sem trúa.** Því hér er enginn greinarmunur
KJV: Even the righteousness of God which is by faith of Jesus Christ **unto all and upon all them that believe:** for there is no difference:
NIV 1984: This righteousness from God comes through faith in Jesus Christ **to all who believe**. There is no difference,
NIV 2011: This righteousness is given through faith in Jesus Christ **to all who believe.** There is no difference between Jew and Gentile
1841: já, réttlæting Guðs fyrir trú á Jesúm Krist **til allra og yfir alla, sem trúa,** því að hér er enginn greinarmunur,
1908: það er: réttlæti Guðs fyrir trú á Jesúm Krist **öllum þeim til handa, sem trúa;** því að ekki er greinarmunur;
1981: Það er: Réttlæti Guðs fyrir trú á Jesú Krist **öllum þeim til handa, sem trúa.** Hér er enginn greinarmunur:
2007: Það er: Réttlæti trúarinnar sem Guð gefur **öllum þeim sem trúa á Jesú Krist.** Hér er enginn greinarmunur:

5:8

NT ODDS: Fyrir það **prísaði Guð sinn kærleika** viður oss í því að Kristur hefir fyrir oss dáið þá þegar vér vorum syndugir.
GUÐBRANDS: Fyrir það **prísaði Guð sinn kærleika** viður oss í því að Kristur hefur fyrir oss dáið þá þegar vér vorum syndugir.
KJV: But **God commendeth his love** toward us, in that, while we were yet sinners, Christ died for us.
NIV 2011: But God **demonstrates his own love** for us in this: While we were still sinners, Christ died for us.
1908: En Guð **auðsýnir kærleika sinn** til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum.
1841: En Guð **prísar sína elsku** til vor í því, að þegar vér enn þá vorum syndarar, er Kristur fyrir oss dáinn,
1981: En Guð **auðsýnir kærleika sinn** til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum.
2007: En Guð **auðsýnir kærleika sinn** til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar.

6:11

Drottinn fjarlægður.
NT ODDS: Svo og líka þér skuluð halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni, en lifið Guði í **Drottni vorum, Jesúm Kristo.**
GUÐBRANDS: So og líka skulu þér halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni en lifið Guði í **Drottni vorum Jesú Christo.**
KJV: Likewise reckon ye also yourselves to be dead indeed unto sin, but alive unto God through **Jesus Christ our Lord.**
NIV 1984: In the same way, count yourselves dead to sin but alive to God in **Christ Jesus.**
NIV 2011: In the same way, count yourselves dead to sin but alive to God in **Christ Jesus.**
1841: Svoleiðis álítið einnig, að þér sjálfir séuð dauðir syndinni, en lifið Guði í **Kristó Jesú vorum Drottni;**
1908: Þannig skuluð þér líka álíla yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í **Kristi Jesú**.
1981: Þannig skuluð þér líka álíta yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í **Kristi Jesú.**
2007: Þannig skuluð og þið álíta sjálf ykkur vera dáin frá syndinni en lifandi Guði í **Kristi Jesú**.

7:21

Ekki breyting hér þannig séð, en málfarið er beittara í fyrri þýðingum. Ef við ættum að greina þetta andlega þá má segja að þegar þú vilt gera gott þá reynist það erfitt því að illur andi loðir við þig. Eða er með þér.

Það er að segja hér má greina illt sem aðra persónu eða truflandi áhrifavald en ekki sem skapgerð í þér eingöngu.

NT ODDS: Því finn eg í mér það lögmál: þá eg vil gjöra hið góða, **loðir við mig það vonda.**
GUÐBRANDS: So finn eg í mér það lögmál þá eg vil gjöra hið góða **loðir við mig það vonda.**
KJV: I find then a law, that, when I would do good, **evil is present with me.**
NIV 1984: So I find this law at work: When I want to do good**, evil is right there with me.**
NIV 2011: So I find this law at work: Although I want to do good, **evil is right there with me**
1841: Svo finn eg þá lögmálið, þegar eg vil gjöra hið góða, **af því það vonda er til reiðu hjá mér,**
1908: Þannig reynist mér það þá regla fyrir mig, sem vil gjöra hið góða, **að hið illa er mér tamast**
1981: Þannig reynist mér það þá regla fyrir mig, sem vil gjöra hið góða, **að hið illa er mér tamast.**
2007: Þannig reynist mér það sem regla að þótt ég vilji gera hið góða **er hið illa mér tamast.**

8:1

*Fallegt vers gjöreyðilagt með því að taka burt "**þeir sem eigi ganga eftir holdinu, heldur eftir Andanum**"*

NT ODDS: Svo er nú ekkert fordæmilegt á þeim sem í Kristo Jesú að eru, **þeir sem eigi ganga eftir holdinu, heldur eftir Andanum**
GUÐBRANDS: Svo er nú ekkert fordæmilegt á þeim sem í Christo Jesú eru, **þeir sem eigi ganga eftir holdinu heldur eftir Andanum.**
KJV: There is therefore now no condemnation to them which are in Christ Jesus, **who walk not after the flesh, but after the Spirit.**
NIV 1984: Therefore, there is now no condemnation for those who are in Christ Jesus,
NIV 2011: Therefore, there is now no condemnation for those who are in Christ Jesus,
1841: Svo er nú engin fyrirdæming yfir þeim, sem eru í Kristi Jesú, **hvörjir ei ganga eftir holdinu, heldur eftir andanum;**
1908: Svo er þá nú engin fyrirdæming fyrir þá, sem eru í Kristi Jesú;
1981: Nú er því engin fordæming fyrir þá, sem tilheyra Kristi Jesú
2007: Nú er því engin fyrirdæming búin þeim sem eru í Kristi Jesú.

9:28

Réttlæti hvarf

NT ODDS: Því að sína ræðu mun hann **fyrir þeim stytta og þó algjöra til réttlætis** af því að Drottinn mun forstokkótt orð gjöra á jörðu.
GUÐBRANDS: Því að sína ræðu mun hann **fyrir þeim stytta og þá algjöra til réttlætis** af því að Drottinn mun forstokkótt orð gjöra á jörðu
KJV: For he will finish the work, **and cut it short in righteousness:** because a short work will the Lord make upon the earth.
NIV 1984: For the Lord will carry out his sentence on earth with speed and finality.
NIV 2011: For the Lord will carry out his sentence on earth with speed and finality.
1841: því að sá er, sem fullkomnar orð (hlutinn) og fljótt sker úr með réttvísi það orð (þann hlut), er fljótt tekur af, mun Drottinn gjöra á jörðunni;
1908: því að drottinn mun gjöra upp reikning sinn á jörðunni, bindandi enda á hann og ljúkandi við hann í skyndi,
1981: Drottinn mun gjöra upp reikning sinn á jörðunni, binda enda á hann og ljúka við hann í skyndi,
2007: Drottinn mun í skyndi gera upp reikning sinn á jörð og ljúka að fullu.

9:31

hefur þó ekki komist til réttlætis lögmálsins, fjarlægt.

NT ODDS: En Ísrael hefir lögmálsins réttlæti eftir fylgt og **hefir þó ekki komist til réttlætisins lögmáls**

GUÐBRANDS: En Ísrael hefur lögmálsins réttlæti eftirfylgt og **hefur þó ekki komist til réttlætis lögmálsins**
KJV: But Israel, which followed after the law of righteousness, **hath not attained to the law of righteousness**
NIV 1984: but Israel, who pursued a law of righteousness, **has not attained** it**.**
NIV 2011: but the people of Israel, who pursued the law as the way of righteousness, **have not attained their goal.**
1841: En Ísrael, sem sótti eftir lögmáli réttlætis, komst ekki að **lögmáli réttlætisins**.
1908: En ísrael, sem sóttist eftir réttlætis-lögmáli, náði ekki til slíks **lögmáls**.
1981: En Ísrael, sem vildi halda lögmál er veitt gæti réttlæti, **náði því ekki**
2007: En Ísraelsmenn, sem lögðu sig eftir lögmáli er veitt gæti réttlæti, **náðu því ekki**.

9:32

Verk eru ekki það sama og lögmálsins verk og hér hvarf lögmálið sem gjörbreytir hvað versið segir
NT ODDS: heldur svo sem **út af lögmálsins verkum**. Því að þeir hafa rekið sig á þann hindrunarstein,
GUÐBRANDS: Hvar fyrir? Því að þeir hafa eigi leitað þess út af trúnni heldur so sem **út af lögmálsins verkum**. Því að þeir hafa rekið sig á þann hindrunarstein
KJV: Wherefore? Because they sought it not by faith, but as it were **by the works of the law**. For they stumbled at that stumblingstone;
NIV 1984: Why not? Because they pursued it not by faith but as if it **were by works**. They stumbled over the "stumbling stone."
NIV 2011: Why not? Because they pursued it not by faith but as if it **were by works**. They stumbled over the stumbling stone.
1841: Hvar fyrir? því að (hann sótti eftir því), ekki með trúnni, heldur svo sem **með verkum lögmálsins,** því að þeir hafa rekið sig á þann ásteytingarsteininn,
1908: Hvers vegna? Af því að þeir gjörðu Jiað ekki af trú, heldur eins og **af verkum**. Þeir hafa rekið sig á ásteytingarsteininn;
1981: Hvers vegna? Af því að þeir ætluðu sér að réttlætast **með verkum**, ekki af trú**.** Þeir hnutu um ásteytingarsteininn,
2007: vers vegna? Af því að þeir ætluðu sér að réttlætast **með verkum**, ekki af trú**.** Þeir hnutu um ásteytingarsteininn

10:1

Ísrael hvarf
NT ODDS: Kærir bræður, sennilega er það ósk míns hjarta og grátleg bæn til Guðs fyrir **Ísrael** að þeir hjálpuðust.
GUÐBRANDS: Kærir bræður! Sennilega er það ósk míns hjarta og grátleg bæn til Guðs fyrir **Ísrael** að þeir hjálpuðust.
KJV: Brethren, my heart's desire and prayer to God for **Israel** is, that they might be saved.
NIV 1984: Brothers, my heart's desire and prayer to God for the **Israelites** is that they may be saved.
NIV 2011: Brothers and sisters, my heart's desire and prayer to God for the **Israelites** is that they may be saved.
1841: Bræður! ósk míns hjarta og bæn til Guðs er fyrir **Ísrael** um frelsi
1908: Bræður, það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs, að þeir megi hólpnir verða
1981: Bræður, það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs, að þeir megi hólpnir verða.
2007: Systkin, það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs að þeir megi hólpnir verða

10:17

En predikunin fyrir Guðs orð breytt í orði Krists. Biblían er ekki kölluð orð Jesú Krists hún er kölluð orð Guðs. Það sem þetta kennir er að láta eiga sig að læra einnig af gamla testamentinu.
NT ODDS: Fyrir því kemur trúin út af predikuninni, **en predikunin fyrir Guðs orð.**
GUÐBRANDS: Fyrir því kemur trúin út af prédikuninni **en prédikunin fyrir Guðs orð.**
KJV: So then faith cometh by hearing, **and hearing by the word of God.**
NIV 1984: Consequently, faith comes from hearing the message, **and the message is heard through the word of Christ.**
NIV 2011: Consequently, faith comes from hearing the message, **and the message is heard through the word about Christ.**
1841: Svo kemur þá trúin af heyrninni, **en heyrnin fyrir Guðs orð.**
1908: Svo ltemur þá trúin af prédikuninni, **en prédikunin byggist á orði Krists**

1981: Svo kemur þá trúin af boðuninni, **en boðunin byggist á orði Krists.**
2007: rúin kemur þannig af því að heyra. **Og það sem heyrt er byggist á orðum Krists.**

11:6

Skýring Páls á muninum á náð og verðskuldan, stytt og eyðilögð.

NT ODDS: En fyrst það er út af náðinni skeð, svo er verðskuldanin engin, annars væri náðin engin náð. **En er það út af verðskuldaninni, þá er náðin ekkert, elligar væri verðskuldan engin verðskuldan**
GUÐBRANDS: En fyrst það er út af náðinni skeð so er verðuskuldanin engin, annars væri náðin engin náð. **En er það út af verðskuldaninni þá er náðin ekkert, elligar væri verðskuldanin engin verðskuldan**
KJV: And if by grace, then is it no more of works: otherwise grace is no more grace. **But if it be of works, then it is no more grace: otherwise work is no more work.**
NIV 1984: And if by grace, then it is no longer by works; if it were, grace would no longer be grace.
NIV 2011: And if by grace, then it cannot be based on works; if it were, grace would no longer be grace.
1841: En ef það er af náð, þá er það ekki framar af verkum, annars væri náðin þá ekki framar náð, **en ef það er af verkunum, þá er það ekki framar náð, ellegar verkið verður þá ekki verk framar.**
1908: En ef það er af náð, þá er það ekki framar af verkum, annars verður náðin ekki framar náð.
1981: En ef það er af náð, þá er það ekki framar af verkum, annars væri náðin ekki framar náð.
2007: En sé það af náð er það ekki vegna verka, þá væri náðin ekki orðin náð.

13:9

Ekki bera ljúgvitni fjarlægt

NT ODDS: Því að þar segist þú skulir eigi hór drýgja, eigi mann vega, eigi stela, **eigi ljúgvitni mæla**, þú skalt og eigi girnast. Og ef þar er nokkurt annað boðorð, þá felst það í þessum orðum: Elska skaltu náunga þinn sem sjálfan þig
GUÐBRANDS: Því að það sem þar segist: „Þú skalt eigi hór drýgja," „eigi mann vega," „eigi stela," „**eigi ljúgvitni mæla**," „þú skalt og eigi girnast," og ef þar er nokkurt annað boðorð þá felst það í þessum orðum: „Elska skaltu náunga þinn sem sjálfan þig."
KJV: For this, Thou shalt not commit adultery, Thou shalt not kill, Thou shalt not steal, **Thou shalt not bear false witness**, Thou shalt not covet; and if there be any other commandment, it is briefly comprehended in this saying, namely, Thou shalt love thy neighbour as thyself.
NIV 1984: The commandments, "Do not commit adultery," "Do not murder," "Do not steal," "Do not covet," and whatever other commandment there may be, are summed up in this one rule: "Love your neighbor as yourself."
NIV 2011: The commandments, "You shall not commit adultery," "You shall not murder," "You shall not steal," "You shall not covet," and whatever other command there may be, are summed up in this one command: "Love your neighbor as yourself."
1841: því þetta: þú skalt ei hór drýgja; þú skalt ekki mann vega; þú skalt ekki stela; **þú skalt ekki ljúgvitni bera**; þú skalt ekki girnast og sé nokkurt annað boðorð, þá er það í þessari grein innibundið, í þessari nefnil: elska skaltú náunga þinn sem sjálfan þig.
1908: Því að þetta: Þú átt ekki að drýgja hór; þá átt ekki að vega mann; þá átt ekki að stela; þá átt ekki að girnast, og hvert annað boðorð er í þessari grein innifalið, i þessu: Þú átt að elska náunga þinn eins og sjálfan þig
1981: Boðorðin: „Þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki girnast," og hvert annað boðorð er innifalið í þessari grein: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig."
2007: Boðorðin: „Þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki girnast," og hvert annað boðorð er innifalið í þessari grein: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig."

14:4

Guð breytt yfir í Drottinn

NT ODDS: Hver ert þú sem annarlegan þjón dæmir? Hann stendur eða fellur sínum lávarði. En hann fær hann vel við rétt því að **Guð** er máttugur hann upp að rétta.
GUÐBRANDS: Hver ert þú sem annarlegan þjón dæmir? Hann stendur eða fellur sínum lávarði. En hann fær hann vel viðrétt því að **Guð** er máttugur hann upp að rétta

KJV: Who art thou that judgest another man's servant? to his own master he standeth or falleth. Yea, he shall be holden up: for **God** is able to make him stand.
NIV 1984: Who are you to judge someone else's servant? To his own master he stands or falls. And he will stand, for **the Lord** is able to make him stand.
NIV 2011: Who are you to judge someone else's servant? To their own master, servants stand or fall. And they will stand, for **the Lord** is able to make them stand.
1841: Hvör ertú, sem annarlegan þjón dæmir? sínum eigin Herra stendur hann eða fellur; en standa mun hann, því máttugur er **Guð** að láta hann standa.
1908: Hver ert þú, sem dæmir annarlegan þjón? Hann stendur og fellur herra sínum; og hann mun standa; því að máttugur **er drottinn** að láta hann standa.
1981: Hver ert þú, sem dæmir annars þjón? Hann stendur og fellur herra sínum. Og hann mun standa, því að megnugur er **Drottinn** þess að láta hann standa
2007: Hvað átt þú með að dæma þjón annars manns? Hann stendur og fellur herra sínum. Og hann mun standa því að megnugur er **Drottinn** þess að láta hann standa.

14:6

Sá sem heldur upp á daga gerir það fyrir Drottinn og SÁ SEM HELDUR EKKI UPP Á DAGA GERIR ÞAÐ FYRIR DROTTINN.
Hér er seinni partur byrjunar þessa vers fjarlægður sem gerir þá sem vilja ekki halda ákveðna hátíðisdaga vegna trúar á Jesú krist jafn gilda og þá sem halda þá.
NT ODDS: **Hann sem af deginum heldur, gjörir það Drottni. Og hinn sem þar heldur ekkið af, hann gjörir það og Drottni.** Og hver eð etur, sá etur í Drottni því að hann gjörir Guði þakkir. Og hinn sem ekki etur, hann etur eigi í Drottni og gjörir Guði þakkir
GUÐBRANDS: **Hann sem af deginum heldur gjörir það Drottni og hinn sem þar heldur ekkert af hann gjörir það og Drottni**. Og hver eð etur sá etur í Drottni því að hann gjörir Guði þakkir og hinn sem ekki etur hann etur eigi í Drottni og gjörir Guði þakkir
KJV: **He that regardeth the day, regardeth it unto the Lord; and he that regardeth not the day, to the Lord** he doth not regard it. He that eateth, eateth to the Lord, for he giveth God thanks; and he that eateth not, to the Lord he eateth not, and giveth God thanks.
NIV 1984: **He who regards one day as special, does so to the Lord**. He who eats meat, eats to the Lord, for he gives thanks to God; and he who abstains, does so to the Lord and gives thanks to God.
NIV 2011: **Whoever regards one day as special does so to the Lord.** Whoever eats meat does so to the Lord, for they give thanks to God; and whoever abstains does so to the Lord and gives thanks to God.
1841: **Sá, sem af deginum heldur, heldur af honum vegna Drottins og sá, sem ekki gjörir sér daga mun, gjörir hann ekki vegna Drottins.** Sá sem etur (alla fæðu) etur Drottni, því að hann gjörir Guði þakkir, sá sem ekki etur, hann etur ekki Drottni til dýrðar og gjörir Guði þakkir
1908: **Sá sem tekur tillit til daga, gjörir það vegna drottins**, og sá sem etur, etur drotni, því að hann gjörir Guði þakkir; og sá sem ekki etur, það er vegna drottins, að hann etur ekki, og hann gjörir Guði þakkir.
1981: **Sá, sem tekur tillit til daga, gjörir það vegna Drottins.** Og sá, sem neytir kjöts, gerir það vegna Drottins, því að hann gjörir Guði þakkir. Sá, sem lætur óneytt, hann lætur óneytt vegna Drottins og gjörir Guði þakkir
2007: **Sá sem þykist verða að taka tillit til þess hvaða dagur er gerir svo vegna Drottins.** Og sá sem neytir kjöts gerir það vegna Drottins því að hann gerir Guði þakkir. Hinn sem lætur óneytt gerir svo vegna Drottins og færir Guði þakkir.

14:10

Hér má sjá ágreining um hvort það sé Krists eða Guðs dómstóli. Auðvitað er það Krists, þar sem trúaðir fara til hans en Guð dæmir þá sem trúðu ekki á Sonin.
NT ODDS: En þú, hvað dæmir þú bróður þinn? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir **Krists dómstóli**
GUÐBRANDS: En þú, hvað dæmir þú þinn bróður? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir **Guðs dómstóli**
KJV: But why dost thou judge thy brother? or why dost thou set at nought thy brother?

for we shall all stand before the **judgment seat of Christ.**
NIV 1984: You, then, why do you judge your brother? Or why do you look down on your brother? For we will all stand before **God's judgment seat.**
NIV 2011: You, then, why do you judge your brother or sister? Or why do you treat them with contempt? For we will all stand before **God's judgment sea**t.
1841: En þú, hvað dæmir þú þinn bróður? ellegar og þú, hvað forsmáir þú þinn bróður? því að allir munum vér látnir **mæta fyrir dómstóli Krists.**
1908: En Þú, hvi dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú hróður þinn? Því að allir munum vér verða að koma **fram fyrir dómstól Guðs**.
1981: En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Allir munum vér verða að koma **fram fyrir dómstól Guðs**.
2007: En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Öll munum við verða að standa frammi **fyrir dómstóli Guðs.**

14:21

Hér er fjarlægt að þú átt að gæta þess að gera ekki það sem ergir bróðir þinn í trúnni eða veikir trú hans
NT ODDS: Miklu betra er að þú etir ekki kjöt og drekkir ekki vín eða það nokkuð sem þinn bróðir rekur sig á **eða argast af eða veikist við.**
GUÐBRANDS: Miklu betra er að þú etir ekki kjöt og drekkir ekkert vín eða það nokkuð sem þinn bróðir rekur sig á **eða argast af eða veikist við.**
KJV: It is good neither to eat flesh, nor to drink wine, nor any thing whereby thy brother stumbleth, **or is offended, or is made weak.**
NIV 1984: It is better not to eat meat or drink wine or to do anything else that will cause your brother to fall.
NIV 2011: It is better not to eat meat or drink wine or to do anything else that will cause your brother or sister to fall.
1841: það er gott að eta hvörki kjöt, né drekka vín, né (gjöra) nokkuð það, er þinn bróðir steytir sig á **eða hneykslast af eða veikist við.**
1908: Það að er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín né gjöra neitt, sem bróðir þinn steytir sig á.
1981: Það er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín né gjöra neitt, sem bróðir þinn steytir sig á.
2007: Það er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín eða gera neitt það annað sem kemur illa við bróður þinn eða systur.

14:23

Fordæmdur breytt í dæmdur
NT ODDS: En hann sem efablandinn er og etur sem áður, sá **er fordæmdur** því að það sker ekki af trú. En hvað ekki er út af trúnni, það er synd.
GUÐBRANDS: En hann sem efablandinn er og etur sem áður sá **er fordæmdur** því að það sker ekki af trú. En hvað ekki er út af trúnni það er synd.
KJV: And he that doubteth **is damned** if he eat, because he eateth not of faith: for whatsoever is not of faith is sin.
NIV 2011: But whoever has doubts **is condemned** if they eat, because their eating is not from faith; and everything that does not come from faith is sin.
1841: en sá, sem er efablandinn og etur þó, **hann er sakfallinn**; því hann neytir ekki eftir trú sinni, en allt það, sem ekki er eftir trú, er synd.
1908: En sá sem er efablandinn, **hann er dæmdur**, ef hann etur, af því að það er ekki af trú; en alt sem ekki er af trú, er synd.
1981: En sá sem er efablandinn og etur þó, **hann er dæmdur** af því að hann etur ekki af trú. Allt sem ekki er af trú er synd.
2007:En sá sem er efablandinn og etur þó, **hann er dæmdur** af því að hann gerir það ekki af trú. Allt sem er ekki af trú er synd

15:8

NT ODDS: Eg segi **Kristum** verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð,
GUÐBRANDS: En eg segi **Christum** verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð.
KJV: Now I say that **Jesus Christ** was a minister of the circumcision for the truth of

God, to confirm the promises made unto the fathers:
NIV 2011: For I tell you that **Christ** has become a servant of the Jews on behalf of God's truth, so that the promises made to the patriarchs might be confirmed
1841: En eg segi **Jesúm Krist** hafa verið þjónustumann umskurnarinnar, fyrir Guðs sannleika sakir, til að staðfesta fyrirheitin til feðranna;
1908: Því að eg segi, að **Kristur** sé orðinn þjónn umskurnarinnar fyrir sakir sannorðleika Guðs, til að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin,
1981: Ég segi, að **Kristur** sé orðinn þjónn hinna umskornu til að sýna orðheldni Guðs, til þess að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin,
2007: Ég segi að **Kristur** sé orðinn þjónn hinna umskornu til að sýna orðheldni Guðs og staðfesta fyrirheitin sem gefin voru feðrunum

15:16

Prestur var bætt við
NT ODDS: það eg skuli vera Krists þénari meðal heiðinna þjóða, **fórnfærandi Guðs evangelium** svo að heiðinn lýður yrði Guði þægilegt offur, helgað fyrir hans Heilagan Anda.
GUÐBRANDS: það eg skuli vera Krists þénari meðal heiðinna þjóða **fórnfærandi Guðs evangelium** so að heiðinn lýður yrði Guði þægilegt offur helgað fyrir hans Heilagan Anda
KJV: That I should be the minister of Jesus Christ to the Gentiles, **ministering the gospel of God**, that the offering up of the Gentiles might be acceptable, being sanctified by the Holy Ghost.
NIV 1984: to be a minister of Christ Jesus to the Gentiles **with the priestly duty of proclaiming the gospel** of God, so that the Gentiles might become an offering acceptable to God, sanctified by the Holy Spirit.
NIV 2011: to be a minister of Christ Jesus to the Gentiles. He gave me **the priestly duty of proclaiming the gospel of God**, so that the Gentiles might become an offering acceptable to God, sanctified by the Holy Spirit.
1841: að eg væri þjón Jesú Krists til heiðingjanna, c) svo sem **handtérandi Guðs náðarboðskap**, til þess að offur d) heiðingjanna yrði þóknanlegt og helgað af heilögum anda;
1908: til þess að eg skyldi vera helgiþjónn Krists Jesú hjá heiðingjunum, **innandi af hendi prestþjónuslu við fagnaðarerindi Guðs**, til þess að fórn heiðingjanna mætti verða velþóknanleg og helguð í heilögum anda
1981: að vera helgiþjónn Krists Jesú hjá heiðingjunum **og inna af hendi prestþjónustu við fagnaðarerindi Guðs,** til þess að heiðingjarnir mættu verða Guði velþóknanleg fórn, helguð af heilögum anda.
2007: að gegna heilagri þjónustu við Krist Jesú hjá heiðingjum, **vera prestur fyrir fagnaðarerindi Guðs** til þess að heiðingjar mættu verða Guði velþóknanleg fórn, helguð af heilögum anda.

15:19

Páll tileinkar Guðs Anda kraftarverkin.
NT ODDS: fyrir kraft táknanna og stórmerkjanna og **fyrir mátt Guðs Anda**. Svo að eg hefi í frá Jerúsalem og þar um kring liggjandi lönd allt til Illyrikon uppfyllt með Krists guðsspjalli
GUÐBRANDS: fyrir kraft táknanna og stórmerkjanna og **fyrir mátt Guðs Anda**, so að eg hefi í frá Jerúsalem og þar um kring liggjandi lönd allt til Illiricum uppfyllt með Krists guðsspjalli
KJV: Through mighty signs and wonders, by the power of the **Spirit of God**; so that from Jerusalem, and round about unto Illyricum, I have fully preached the gospel of Christ.
NIV 1984: by the power of signs and miracles, through the **power of the Spirit**. So from Jerusalem all the way around to Illyricum, I have fully proclaimed the gospel of Christ.
NIV 2011: by the power of signs and wonders, through the power of the **Spirit of God.** So from Jerusalem all the way around to Illyricum, I have fully proclaimed the gospel of Christ.
1841: með orði og verki fyrir kraft tákna og stórmerkja, fyrir **kraft Guðs Anda**, svo að eg frá Jerúsalem og allt um kring inn til Illyrikum hefi kunngjört Krists náðarboðskap
1908: með krafti tákna og undra, með **krafti heilags anda**, svo að eg frá Jerúsalem og alt í kring til Illyríu hefi til fulls flutt fagnaðarerindi Krists;

1981: með krafti tákna og undra, með **krafti heilags anda**. Þannig hef ég lokið við að flytja fagnaðarerindið um Krist frá Jerúsalem og allt í kring til Illyríu.
2007: með máttugum táknum og stórmerkjum **í krafti heilags anda**. Þannig hef ég lokið því af að boða fagnaðarerindið um Krist alla leið frá Jerúsalem og hringinn til Illýríu.

15:29

Guðspjallið hvarf
NT ODDS: En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með **blessanar fylling Krists guðsspjalla**
GUÐBRANDS: En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með **fullri blessan Krists evangelii**.
KJV: And I am sure that, when I come unto you, I shall come in the fulness of the **blessing of the gospel of Christ.**
NIV 1984: I know that when I come to you, I will come in the full measure of the **blessing of Christ**.
NIV 2011: I know that when I come to you, I will come in the full measure of the **blessing of Christ**.
1841: En eg veit að þegar eg kem til yðar, mun eg koma með fullri **blessun Krists náðarboðskapar.**
1908: En eg veit, að þegar eg kem til yðar, mun eg koma með fylling **blessunar Krists.**
1981: En ég veit, að þegar ég kem til yðar, mun ég koma með **blessun Krists** í fullum mæli
2007: Og það veit ég að þegar ég kem til ykkar mun ég koma með **blessun Krists** í fullum mæli.

16:7

Nokkuð augljóst að það er ekki kvenkyns beyging á nafni Júniusar í eldri Íslenskum ritningum, enskan breyttist ekkert en túlkunin breyttist, Íslenskan hinsvegar breyttist ásamt túlkuninni 2007. En 1908 og 1981 gengu svo langt að nota augljósa karlkyns beygingu.
Þetta er mjög augljóslega ný breyting. Sem sést líka í því að 1981 segir "Þeir skara fram" 2007 auðvitað breytir þessu í "þau skara fram" en Odds og Guðbrands segja "hverjir eru frægir" sem vísar eingöngu í karlkyn.

Og meginmálið hér er að postular eiga að vera karlmenn Fyrra Tímóteusr bréf 2:12-15, en hér er komin hreyfing útfrá þessari breytingu sem segir að það hafi verið kvenkyns postuli, en eins og fyrri ritningar segja, Június er karlmaður sem var postuli það var aldrei nein Júnía engin íslensk þýðing önnur en 2007 styður það og sú þýðing var þýdd af stórum hluta að KVENGUÐFRÆÐINGUM sem augljóslega hafa hags að gæta.
NT ODDS: Heilsið Andróníko **og Júlíon**, mínum náfrændum og samband ingjum, hverjir að **frægir** eru á meðal postulanna og fyrir mér voru í Kristo Jesú.
GUÐBRANDS: Heilsið Andronico **og Junion**, mínum náfrændum og sambandingjum, hverjir að **frægir** eru á meðal postulanna og fyrir mér voru í Christo Jesú
KJV: Salute Andronicus **and Junia**, my kinsmen, and my fellow-prisoners, who are of note among the apostles, who also were in Christ before me.
NIV 2011: Greet Andronicus **and Junia**, my fellow Jews who have been in prison with me. They are outstanding among[a] the apostles, and they were in Christ before I was.
1841: heilsið Andronikus **og Júnían**, ættmönnum mínum og sambandingjum, hvörjir **nafnkenndir** eru meðal postulanna og áður en eg urðu Krists menn
1908: Heilsið Andróníkusi **og Júníasi**, ættmönnum mínum og sambandingjum, sem eru í metum hjá postulunum og á undan mér hafa gengið Kristi á hönd.
1981: Heilsið Andróníkusi **og Júníasi**, ættmönnum mínum og sambandingjum. **Þeir skara fram** úr meðal postulanna og hafa á undan mér gengið Kristi á hönd.8Heilsið Amplíatusi, mínum elskaða í Drottni.
2007: Heilsið Andróníkusi **og Júníu**, ættmennum mínum og sambandingjum. **Þau skara fram** úr meðal postulanna og gengu Kristi á hönd á undan mér

16:18

Fullur titill Jesú Krists fjarlægður.
NT ODDS: Því að þess háttar menn þjóna eigi **Drottni Jesú Kristo**, heldur sínum kviði, og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra
GUÐBRANDS: Því að þess háttar menn þjóna eigi **Drottni Jesú Christo** heldur sín-

um kviði og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra.
KJV: For they that are such serve not our **Lord Jesus Christ**, but their own belly; and by good words and fair speeches deceive the hearts of the simple.
NIV 1984: For such people are not serving our **Lord Christ**, but their own appetites. By smooth talk and flattery they deceive the minds of naive people.
NIV 2011: For such people are not serving our **Lord Christ**, but their own appetites. By smooth talk and flattery they deceive the minds of naive people.
1841: því að þessháttar menn þjóna ekki **Drottni vorum Jesú Kristi**, heldur sínum maga og með blíðmælum og fagurgala tæla þeir hjörtu meinlausra.
1908: Því að slíkir menn þjóna ekki **drotni vorum Kristi**, heldur maga sjálfra þeirra, og með hlíðmælum og fagurgala tæla þeir hjörtu hrekklausra manna.
1981: Því að slíkir menn þjóna ekki **Drottni vorum Kristi**, heldur eigin maga, og með blíðmælum og fagurgala blekkja þeir hjörtu hrekklausra manna.
2007: Slíkir menn þjóna ekki **Drottni vorum Kristi** heldur eigin maga, og með blíðmælum og fagurgala blekkja þeir hjörtu hrekklausra manna.

16:20

Fær að vera en er ekki án athugasemda í neðanmáli
NT ODDS: En Guð friðarins mun innan skamms sundurnísta þann andskota undir yðra fætur. **Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður**
GUÐBRANDS: En Guð friðarins mun innan skamms sundurmerja þann andskota undir yðra fætur. **Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður.**
KJV: And the God of peace shall bruise Satan under your feet shortly. **The grace of our Lord Jesus Christ be with you. Amen.**
NIV 1984: The God of peace will soon crush Satan under your feet. **The grace of our Lord Jesus be with you.**
NIV 2011: The God of peace will soon crush Satan under your feet. **The grace of our Lord Jesus be with you.**
1841: En Guð friðarins mun snarlega sundurtroða Satan undir yðar fætur. **Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður,** Amen!
1908: En Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum yðar. **Náðin drottins vors Jesú Krists sé með yður.**
1981: Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum yðar. **Náðin Drottins vors Jesú Krist sé með yður.** [a]
[a]Orðin „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður“ vantar í sum handrit.
2007: Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum ykkar. **Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður.**
[a]Orðin „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður“ vantar í sum handrit.

16:24

NT ODDS: Náð Drottins vors Jesú Kristi sé með yður öllum. Amen
GUÐBRANDS: Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður öllum. Amen
KJV: The grace of our Lord Jesus Christ be with you all. Amen.
NIV 1984: EKKI Í TEXTANUM
NIV 2011: EKKI Í TEXTANUM
1841: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum, Amen!
1908: EKKI Í TEXTANUM
1981: EKKI Í TEXTANUM[b]
[b]Sum handrit bæta við 24. versi: „Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum. Amen.“ Önnur handrit hafa þetta vers á eftir 27. versi.
2007: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður. Amen
Fær að vera í meginmáli en ekki án athugasemda í neðanmáli. Versið fær að vera þarna en síðar gæti það horfið úr meginmáli.

Hér á milli útgáfa eru efasemdir um hvar þessi kveðja á að vera en eins og sjá má á Kjv og Guðbrands þar var ekkert vandamál að ákveða hvar þessi kveðja á að vera, Guð er ekki höfundur ruglings eða efasemda. Uppblásnir fræðimenn hinsvegar virðast ekki geta komist að niðurstöðu í þessu mál

BREYTINGAR Á FYRRA KORINTUBRÉFI

1:20

Það er búið fara til fram og til baka hvort það sé vitringur þessar aldar eða þessa heims, þó þetta sé lagað í 2007 þá er vert að benda á þetta því það gæti breyst aftur eins og má sjá í Niv 2011.

NT ODDS: Hvar er nú spekingurinn? Hvar er ritningsmeistarinn? **Hvar er veraldarvitringurinn?** Hefir Guð ekki gjört speki heims þessa að heimsku?

GUÐBRANDS: Hvar er nú spekingurinn? Hvar er ritningameistarinn? **Hvar er veraldarvitringurinn?** Hefur Guð ekki gjört speki heims þessa að heimsku?

KJV: Where is the wise? where is the scribe? where is **the disputer of this world?** hath not God made foolish the wisdom of this world?

NIV 1984: Where is the wise man? Where is the scholar? Where is the **philosopher of this age**? Has not God made foolish the wisdom of the world?

NIV 2011: Where is the wise person? Where is the teacher of the law? **Where is the philosopher of this age**? Has not God made foolish the wisdom of the world?

1841: Hvar stendur nú spekingurinn? hvar er hinn löglærði? **hvar þessarar aldar vitringur**? hefir Guð ekki gjört speki þessa heims að heimsku?

1908: Hvar er vitringur? Hvar fræðimaður? **Hvar orðkappi þessarar aldar**? Hefir Guð ekki gjört að heimsku speki heimsins.

1981: Hvar er vitringur? Hvar fræðimaður? **Hvar orðkappi þessarar aldar**? Hefur Guð ekki gjört speki heimsins að heimsku?

2007: Hvar er vitringur? Hvar fræðimaður, **orðkappi þessa heims**? Er ekki það sem heimurinn telur speki heimska í augum Guðs?

1:21

2007 þýðingin er alveg í takt við Niv 2011

NT ODDS: Því að á meðan heimurinn fyrir sína visku þekkti ekki Guð í sínum vísdómi, þókknaðist Guði það vel fyrir **fávíslega predikan** hjálplega að gjöra þá sem þar á trúa.

GUÐBRANDS: Því að á meðan heimurinn fyrir sína visku þekkti ekki Guð í sínum vísdómi þóknaðist Guði það vel **fyrir fávíslega prédikan** hjálplega að gjöra þá sem þar á trúa.

KJV: For after that in the wisdom of God the world by wisdom knew not God, it pleased God by the **foolishness of preaching** to save them that believe.

NIV 2011: For since in the wisdom of God the world through its wisdom did not know him, God was pleased through **the foolishness of what was preached** to save those who believe.

1841: því þar eð heimurinn með sinni Guðs speki ekki þekkti Guð af spekinni, þá þóknaðist Guði að gjöra þá **með einfaldlegri kenning** hólpna, er henni vildu trúa

1908: Því að þar eð heimurinn með spekinni þekti ekki Guð í speki Guðs, þóknaðist Guði að gjöra hólpna þá, er trúa, **með heimsku prédikunarinnar**

1981: Því þar eð heimurinn með speki sinni þekkti ekki Guð í speki hans, þóknaðist Guði að frelsa þá, er trúa, **með heimsku prédikunarinnar.**

2007:Enda þótt speki Guðs sé í heiminum gátu mennirnir ekki þekkt Guð með sinni speki. Þess vegna ákvað Guð að **boða það sem er heimska** í augum manna og frelsa þá sem trúa.

2:4

Páll tók fram að hann notaði ekki mannlega visku

NT ODDS: Mín ræða og mín predikan var eigi í **snilldarorðum mannlegrar visku**, heldur í auðsýningu Andans og kraftarins

GUÐBRANDS: Mín ræða og mín prédikan var eigi í **snilldarorðum mannlegrar visku** heldur í auðsýningu Andans og kraftarins

KJV: And my speech and my preaching was not with **enticing words of man's wisdom**, but in demonstration of the Spirit and of power:

NIV 1984: My message and my preaching were not with **wise and persuasive words**, but with a demonstration of the Spirit's power,

NIV 2011: My message and my preaching were not with **wise and persuasive words**, but with a demonstration of the Spirit's power,
1841: Minn lærdómur og kenning var innifalinn ekki í **fortölum spaklegrar málsnilldar**, heldur í auglýsingu anda og kraftar
1908: Og orðræða mín og prédikun mín studdist ekki við **sannfærandi vísdómsorð**, heldur við sönnun anda og kraftar;
1981: Orðræða mín og prédikun studdist ekki við **sannfærandi vísdómsorð**, heldur við sönnun anda og kraftar,
2007: Orð mín og boðun studdust ekki við **sannfærandi vísdómsorð**. Ég treysti sönnun og krafti Guðs anda

3:4

NT ODDS: Því ef nokkur yðar segir: Eg em Páls, hinn annar: Eg em Appollinis, **eru þér þá eigi líkamlegir?**
GUÐBRANDS: Því þá nokkur yðar segir: „Eg em Páls," hinn annar: „Eg em Appollinis," **eru þér þá eigi líkamlegir?**
KJV: For while one saith, I am of Paul; and another, I am of Apollos; **are ye not carnal?**
NIV 1984: For when one says, "I follow Paul," and another, "I follow Apollos," **are you not mere men?**
NIV 2011: For when one says, "I follow Paul," and another, "I follow Apollos," **are you not mere human beings?**
1841: þegar einn segir: eg er Páls; en annar: eg er Apollós, **eruð þér þá ekki holdlegir?**
1908: Því að þegar einn segir: Eg er Páls, en annar: Eg er Apollóss, **eruð þér þá ekki menn?**
1981: Þegar einn segir: „Ég er Páls," en annar: „Ég er Apollóss," eruð þér þá ekki **eins og hverjir aðrir menn?**
2007: Þegar einn segir: „Ég fylgi Páli," en annar: „Ég fylgi Apollós," eruð þið þá ekki **eins og þið voruð áður?**

3:12

Þennan grundvöll
NT ODDS: En ef nokkur byggir upp á **þennan grundvöll** gull, silfur, gimsteina, trjáhark, hey, stráhálm,
GUÐBRANDS: En ef nokkur byggir upp á **þennan grundvöll** gull, silfur, gimsteina, trjáhark, hey, stráhálm,
KJV: Now if any man build upon **this foundation** gold, silver, precious stones, wood, hay, stubble;
NIV 1984: If any man builds on **this foundation** using gold, silver, costly stones, wood, hay or straw,
NIV 2011: If anyone builds on **this foundation** using gold, silver, costly stones, wood, hay or straw,
1841: Byggi menn ofan á **þenna grundvöll** gull, silfur, dýrmæta steina, tré, hey, hálm,
1908: En ef einhver byggir ofan á **grundvöllinn** gull, silfur, dýra steina, tré, hey, hálm,
1981: En ef einhver byggir ofan á **grundvöllinn** gull, silfur, dýra steina, tré, hey eða hálm,
2007: En ef einhver byggir ofan á **grundvöllinn** gull, silfur, dýra steina, tré, hey eða hálm,

5:3-4

Kristur fjarlægður tvisvar
NT ODDS: í nafn **Drottins vors Jesú Kristi** að yður samankomnum meður mínum anda og með krafti **vors Drottins Jesú Kristi**
GUÐBRANDS: í nafni **Drottins vors Jesú Christi** að yður samankomnum meður mínum anda og með krafti **vors Drottins Jesú Christi**
KJV: In the name of **our Lord Jesus Christ**, when ye are gathered together, and my spirit, with the power of **our Lord Jesus Christ,**
NIV 2011: So when you are assembled and I am with you in spirit, and the power of **our Lord Jesus** is present,
1841: hefi í nafni **Drottins vors Jesú Krists** og eftir þeim myndugleika, sem hann hefir mér gefið, svo sem nálægur úrskurðað
1908: að slíkan mann skyldi í nafni **drottins vors Jesú**, þegar þér og minn andi væruð samankomnir með krafti **drottins vors Jesú**,
1981: 3 ... í nafni **Drottins vors Jesú** yfir manni þeim, sem þetta hefur drýgt :4Þegar þér og minn andi eruð saman komnir með krafti **Drottins vors Jesú**,
2007: Þegar þið eruð saman komin í nafni **Drottins Jesú** og andi minn er hjá ykkur ásamt krafti **Drottins vors Jesú**

5:7

Jesús Kristur fórnaði (offraði) sér fyrir okkur, honum var ekki slátrað sem hverju lambi.

NT ODDS: Fyrir því hreinsið burt hið gamla súrdeigið svo að þér séuð nýtt deig svo sem þér eruð ósýrðir. Því að vort páskalamb er Kristur **fyrir oss offraður.**

GUÐBRANDS: Fyrir því hreinsið burt hið gamla súrdeigið so að þér séuð nýtt deig so sem þér séuð ósýrðir. Því að vort páskalamb er Kristur **fyrir oss offraður**

KJV: Purge out therefore the old leaven, that ye may be a new lump, as ye are unleavened. For even Christ our passover is **sacrificed for us:**

NIV 1984: Get rid of the old yeast that you may be a new batch without yeast--as you really are. For Christ, our Passover lamb, has been **sacrificed.**

NIV 2011: Get rid of the old yeast, so that you may be a new unleavened batch—as you really are. For Christ, our Passover lamb, has been **sacrificed**.

1841: takið burt hið gamla súrdeigið, eins og þér nú eruð ósýrðir; því vort páskalamb er og **vor vegna slátrað**, nefnilega: Kristur.

1908: Hreinsið l)urt gamla súrdeigið, til þess að þér séuð nýtt deig, eins og þér eruð ósýrðir. Því að páskalambi voru **er og slátrað**, sem er Kristur

1981: Hreinsið burt gamla súrdeigið, til þess að þér séuð nýtt deig, enda eruð þér ósýrðir. Því að páskalambi **voru er slátrað**, sem er Kristur

2007: Hreinsið burt gamla súrdeigið til þess að þið séuð nýtt deig enda eruð þið ósýrð brauð. Því að páskalambi **okkar er slátrað** sem er Kristur.

6:9

Ábendingin hér er ekki um enda versins, sem væri augljósast þar sem hver nútímaútgáfa reynir að fara fínna í það málefni þó að NIV 2011 sé frekar berorð um það.

*Megin ábendingin hér er hvernig orðið **kvenlegir menn** eða **mannbleyður** hvarf sporlaust, þetta vers bendir ekki bara á þá menn gera skammir með öðrum mönnum heldur munu ekki erfa Guðs ríki heldur líka menn sem eru ekki að haga sér sem manni hæfir*

NT ODDS: Eða viti þér ekki það ranglátir munu eigi eignast Guðs ríki? Því villist eigi að hvorki frillulífismenn né blótmenn skurguða, eigi hórdómsmenn **né sælgætingar**, eigi heldur þeir sem skömm drýgja með karlmönnum,

GUÐBRANDS: Viti þér ei það ranglátir munu eigi eignast Guðs ríki? Látið eigi villa yður: Hverki frillulífismenn né blótmenn skúrgoða, eigi hórdómsmenn **né sælgætingar**, eigi heldur þeir sem skömm drýgja með karlmönnum,

KJV: Know ye not that the unrighteous shall not inherit the kingdom of God? Be not deceived: neither fornicators, nor idolaters, nor adulterers, **nor effeminate**, nor abusers of themselves with mankind,

NIV 2011: Or do you not know that wrongdoers will not inherit the kingdom of God? Do not be deceived: Neither the sexually immoral nor idolaters nor adulterers nor men who have sex with men

1841: Vitið þér ekki að óréttvísir munu ekki Guðs ríki erfa? dragið yður ekki sjálfa á tálar; hvörki frillulífismenn, né skurðgoðadýrkarar, né hórdómsmenn, **né mannbleyður**, eður þeir, sem leggjast með karlmönnum,

1908: Eða vitið þér ekki, að ranglátir munu ekki guðsríki erfa? Villist ekki! Hvorki munu saurlífismenn, né skurðgoðadýrkendur, né hórkarlar, **né mannbleyður**, né mannhórar,

1981: Vitið þér ekki, að ranglátir munu ekki Guðs ríki erfa? Villist ekki! Hvorki munu saurlífismenn né skurðgoðadýrkendur, hórkarlar né kynvillingar

2007: Vitið þið ekki að ranglátir munu ekki erfa Guðs ríki? Villist ekki! Enginn sem er saurlífur, dýrkar falsguði eða lifir í hórdómi, enginn karlmaður sem lætur nota sig eða notar aðra til ólifnaðar,

6:11

Hér var Kristi bætt við, sem er fremur undarlegt miðað við hversu oft Kristur hefur verið fjarlægður.

NT ODDS. Og þvílíkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið. En þér eruð nú af þvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð og réttlættir í nafni **Drottins Jesú** og fyrir Anda Guðs vors.

GUÐBRANDS: Og þvílíkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið.En þér eruð nú afþvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð nú réttlættir fyrir nafnið **Drottins Jesú** og fyrir Anda Guðs vors.

KJV: And such were some of you: but ye are washed, but ye are sanctified, but ye are

justified in the name of the **Lord Jesus**, and by the Spirit of our God.
NIV 1984: And that is what some of you were. But you were washed, you were sanctified, you were justified in the name of the **Lord Jesus Christ** and by the Spirit of our God.
NIV 2011: And that is what some of you were. But you were washed, you were sanctified, you were justified in the name of the **Lord Jesus Christ** and by the Spirit of our God.
1908: Og þetta voruð þér, sumir yðar. En þér létuð þvost, þér eruð helgaðir, þér eruð réttlætlir fyrir nafn **drottins Jesú Krists** og fyrir anda vors Guðs
1981: Og þetta voruð þér, sumir yðar. En þér létuð laugast, þér eruð helgaðir, þér eruð réttlættir fyrir nafn **Drottins Jesú Krists** og fyrir anda vors Guðs
2007: Og þannig voruð þið sumir hverjir. En þið létuð laugast, létuð helgast, eruð réttlættir. Það gerði nafn **Drottins Jesú Krists** og andi vors Guðs.

6:20

Og yðrum anda hverjir Guðs eru. Fjarlægt.
NT ODDS: Því að þér eruð dýru verði keyptir**.** Þar fyrir vegsamið Guð í yðrum líkama **og yðrum anda hverjir Guðs eru.**
GUÐBRANDS: því að þér eruð dýru verði keyptir. Þar fyrir vegsamið Guð í yðrum líkama **og yðrum anda hverjir Guðs eru.**
KJV: For ye are bought with a price: therefore glorify God in your body, **and in your spirit, which are God's.**
NIV 1984: you were bought at a price. Therefore honor God with your body.
NIV 2011: you were bought at a price. Therefore honor God with your bodies.
1841: því fyrir verð eruð þér keyptir; vegsamið því Guð með yðar líkama.
1908: því að þér eruð verði keyptir**.** Vegsamið því Guð í líkama yðar
1981: Þér eruð verði keyptir**.** Vegsamið því Guð með líkama yðar
2007: Þið eruð verði keypt**.** Vegsamið því Guð með líkama ykkar.

7:1 *Þeir skrifuðu til Páls*

NT ODDS: En um aðra þá hluti þér **skrifuðuð mér** til andsvara eg það manninum sé gott að hann snerti eigi neina konu.
GUÐBRANDS: Um aðra þá hluti þér **skrifuðuð mér** til andsvara eg það manninum er gott að hann snerti eigi neina konu.
KJV: Now concerning the things whereof ye **wrote unto me**: It is good for a man not to touch a woman.
NIV 1984: Now for the matters you **wrote about**: It is good for a man not to marry.
NIV 2011: Now for the matters you **wrote about**: "It is good for a man not to have sexual relations with a woman."
1841: Hvað það áhrærir, er þér **skrifuðuð mér** um, þá er það gott að vera ekki við konu kenndur;
1908: En viðvíkjandi því sem **þér hafið ritað** um, þá er það gott fyrir mann að snerta ekki konu.
1981: En svo að ég minnist á það, sem **þér hafið ritað** um, þá er það gott fyrir mann að snerta ekki konu.
2007: En svo að ég minnist á það sem **þið hafið ritað**, þá er það gott fyrir mann að vera ekki við konu kenndur.

7:5 *Fasta fjarlægð*

NT ODDS: Tæli hvorki yðart annað nema það sé af beggja samþykkt um stundar sakir svo að þér séuð þess liðugri **til föstu og bænahalds**, og komið síðan aftur til samans svo að andskotinn freisti yðar ekki fyrir yðvars óstöðugleiks sakir
GUÐBRANDS: Tæli hvorki annað nema það sé af beggja samþykki um stundarsakir svo að þér séuð þess liðugri **til föstu og bænahalds** og komið síðan aftur til samans so að andskotinn freisti yðar ekki fyrir yðvars óstöðugleiks sakir.
KJV: Defraud ye not one the other, except it be with consent for a time, that ye may give yourselves **to fasting and prayer**; and come together again, that Satan tempt you not for your incontinency.
NIV 1984: Do not deprive each other except by mutual consent and for a time, so that you may devote yourselves **to prayer**. Then come together again so that Satan will not tempt you because of your lack of self-control.

NIV 2011: Do not deprive each other except perhaps by mutual consent and for a time, so that you may devote yourselves **to prayer**. Then come together again so that Satan will not tempt you because of your lack of self-control
1841: Hvörugt haldi sig frá öðru, nema það skyldi vera eftir samkomulagi um tíma, svo þér getið stundað yðar **bænahald**; en takið síðan saman aftur, svo að Satan ekki freisti yðar vegna yðar bindindisleysis.
1908: Haldið yður eigi hvort frá öðru, nema þá eftir samkomulagi, um stundarsakir, til þess að þér getið haft **næði til bænarinnar**, og takið svo saman aftur, til þess að Satan freisti yðar ekki vegna bindindisleysis yðar.
1981: Haldið yður eigi hvort frá öðru, nema þá eftir samkomulagi um stundarsakir, til þess að þér getið haft **næði til bænahalds**, og takið svo saman aftur, til þess að Satan freisti yðar ekki vegna ístöðuleysis yðar
2007: Haldið ykkur eigi hvort frá öðru nema þá eftir samkomulagi um stundarsakir til þess að þið getið haft **næði til bænahalds** og takið svo saman aftur til þess að Satan freisti ykkar ekki vegna ístöðuleysis ykkar.

7:22

Við erum viljugir þjónar ekki skyldaðir þrælar.
NT ODDS: Því að hver hann er þjón kallaður í Drottni, sá er frelsingi Drottins. Líka og einninn hver hann er frelsingi kallaður, sá er **þjón Krists**.
GUÐBRANDS: líka og einnin hver hann er frelsingi kallaður sá er **þræll Christi**.
KJV: For he that is called in the Lord, being a servant, is the Lord's freeman: likewise also he that is called, being free, is **Christ's servant.**
NIV 1984: For he who was a slave when he was called by the Lord is the Lord's freedman; similarly, he who was a free man when he was called is **Christ's slave.**
NIV 2011: For the one who was a slave when called to faith in the Lord is the Lord's freed person; similarly, the one who was free when called is **Christ's slave**.
1841: Sá, sem var þræll þá hann var kallaður, er Drottins frelsingi, sá, sem þá var frjáls, er **Krists þræll.**
1908: Því að sá þræll, sem kallaður er í drotni, er frelsingi drottins; á sama hátt er sá, sem kallaður er sem frjáls, **þræll Krists**.
1981: Því að sá þræll, sem kallaður er í Drottni, er frelsingi Drottins. Á sama hátt er sá, sem kallaður er sem frjáls, **þræll Krists**.
2007: Því að sá sem var þræll er Drottinn kallaði hann er frelsingi Drottins. Á sama hátt er sá sem var frjáls er Drottinn kallaði hann **þræll Krists**

7:34

Það er og mismunur á konu og ógiftri stúlku
NT ODDS: **Aðskiljanleg grein er á millum meyjar og manns konu.** Hin ógifta ber áhyggju um það hvað Drottins er svo að hún sé heilög í líkama og anda. En sú sem gift er, ber áhyggju um það hvað heimsins er og hverninn hún megi manninum þókknast
GUÐBRANDS: **Aðskiljanleg grein er á millum meyjar og manns konu.** Hin ógifta ber áhyggju um það hvað Drottins er so að hún sé heilög í líkama og anda. En sú sem gift er ber áhyggju um það hvað heimsins er og hvernin hún megi manninum þóknast
KJV: **There is difference also between a wife and a virgin.** The unmarried woman careth for the things of the Lord, that she may be holy both in body and in spirit: but she that is married careth for the things of the world, how she may please her husband.
NIV 1984: **and his interests are divided.** An unmarried woman or virgin is concerned about the Lord's affairs: Her aim is to be devoted to the Lord in both body and spirit. But a married woman is concerned about the affairs of this world--how she can please her husband.
NIV 2011: and his interests are divided. An unmarried woman or virgin is concerned about the Lord’s affairs: Her aim is to be devoted to the Lord in both body and spirit. But a married woman is concerned about the affairs of this world—how she can please her husband.
1841: **Það er og mismunur á konu og ógiftri stúlku**: sú hin ógifta hugsar um það, sem Drottni viðkemur, að hún sé heilög bæði á sálu og líkama, en sú gifta hugsar um það veraldlega, hvörnig hún geti manninum þóknast.
1908: **Það er og munur á konunni og meynni;** hin ógifta mær ber fyrir brjósti það sem drottins er, til þess að hún megi vera heilög, bæði að líkamanum og andanum. En hin gifta ber fyrir brjósti það sem heimsins er, hvernig hún megi þóknast manninum.

1981: **og er tvískiptur.** Hin ógifta kona og mærin ber fyrir brjósti það, sem Drottins er, til þess að hún megi vera heilög, bæði að líkama og anda. En hin gifta kona ber fyrir brjósti það, sem heimsins er, hversu hún megi þóknast manninum.
2007: **Hann er tvískiptur.** Ógifta konan og mærin bera fyrir brjósti að vera heilagar á sál og líkama svo að þær geti þóknast Drottni. En gifta konan ber fyrir brjósti veraldlega hluti svo að hún geti þóknast manni sínum.

7:39

Lögmálið hvarf og endinum var breytt
NT ODDS: Kvinnan er **lögmálinu undirbundin** svo lengi sem hennar maður lifir. En nær hennar maður er látinn, svo er hún frjáls sig að gifta hverjum hún vill, utan **það skal ske í Drottni**
GUÐBRANDS: Kvinnan er **lögmálinu undirbundin** so lengi sem hennar maður lifir en nær hennar maður er látinn so er hún frjáls sig að gifta hverjum hún vill **utan það skal ske í Drottni**
KJV: The wife is **bound by the law** as long as her husband liveth; but if her husband be dead, she is at liberty to be married to whom she will; **only in the Lord.**
NIV 1984: A woman is **bound to her husband** as long as he lives. But if her husband dies, she is free to marry anyone she wishes, **but he must belong to the Lord.**
NIV 2011: A woman is **bound to her husband** as long as he lives. But if her husband dies, she is free to marry anyone she wishes, **but he must belong to the Lord.**
1841: Konan **er bundin meðan ektamaður hennar lifir**, en þegar hann er dáinn, er henna frjálst að giftast hvörjum sem hún vill, **einungis að hann sé kristinn.**
1908: Konan er **bundin meðan maður hennar er á lífi**. En ef maðurinn deyr, er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, aðeins **sé það í drottni**
1981: Konan **er bundin, meðan maður hennar er á lífi**. En ef maðurinn deyr, er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, aðeins **að það sé í Drottni**
2007: Konan **er bundin meðan maður hennar er á lífi.** En ef maðurinn deyr er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, aðeins **að hann sé trúaður.**

9:1 *Kristur fjarlægður*

NT ODDS: Er eg ekki postuli? Em eg eigi frjáls? Hefi eg ekki séð **Drottin vorn Jesúm Krist**? Eru þér ekki mitt verk í Drottni?
GUÐBRANDS: Er eg ekki postuli?Em eg eigi frjáls? Hef eg ekki séð **Drottin vorn Jesúm Krist**? Eru þér ekki mitt verk í Drottni?
KJV: Am I am not an apostle? am I not free? have I not seen **Jesus Christ our Lord**? are not ye my work in the Lord?
NIV 1984: Am I not free? Am I not an apostle? Have I not seen **Jesus our Lord**? Are you not the result of my work in the Lord?
NIV 2011: Am I not free? Am I not an apostle? Have I not seen **Jesus our Lord**? Are you not the result of my work in the Lord?
1841: Er eg ekki frjáls maður? er eg ekki postuli? hefi eg ekki séð **Jesúm Krist Drottin vorn**? eruð þér ekki ávöxtur míns erfiðis í Drottins þjónustu?
1908: Er eg ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hefi eg ekki séð **Jesúm**, **drottin vorn**? Eruð þér ekki verk mitt í drotni?
1981: 1 Er ég ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hef ég ekki séð **Jesú**, **Drottin vorn**? Eruð þér ekki verk mitt, sem ég hef unnið fyrir Drottin?
2007: Er ég ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hef ég ekki séð **Jesú**, **Drottin vorn**? Eruð þið ekki verk mitt sem ég hef unnið með hjálp Drottins?

9:18 *Kristur fjarlægður*

NT ODDS: Hvað er nú þá mín laun? Einkum það eg **prediki evangelion Krists** og gjöri það sama viljanlega fyrir ekkið svo að eg misbrúki ekki mitt veldi á **guðsspjöllunum**
GUÐBRANDS: Hvað er nú þá mín laun? Þetta að eg **prédika evangelium Christi** og gjöri það sama viljuglega fyrir ekkert so að eg misbrúki ekki mitt frelsi á **guðsspjöllunum**.
KJV: What is my reward then? Verily that, when I preach the gospel, I may make the **gospel of Christ** without charge, that I abuse not my power in the **gospel**.
NIV 1984: What then is my reward? Just this: that in **preaching the gospel** I may offer it free of charge, and so not make use of my rights in preaching it.

NIV 2011: What is my reward then? Verily that, when I preach the gospel, I may make the **gospel of Christ** without charge, that I abuse not my power in the **gospel**.
1841: Hvör eru þá mín laun? að eg skuli flytja það leyfi, sem boðan **náðarlærdómsins** gefur mér.
1908: Hver eru þá laun mín? Að eg læt **fagnaðarerindið** vera ókeypis, er eg boða það, svo að eg hagnýti mér ekki það sem eg á rétt á í fagnaðarerindinu
1981: Hver eru þá laun mín? Að ég boða **fagnaðarerindið** án endurgjalds og hagnýti mér ekki það, sem ég á rétt á.
2007: Hver eru þá laun mín? Þau að ég boða **fagnaðarerindið** án endurgjalds og hagnýti mér ekki það sem ég á rétt á.

10:23

NT ODDS: M**ér leyfast sennilega allir hlutir,** en þeir bata eigi allir. **Mér leyfist allt**, en það er eigi allt til uppreistar.
GUÐBRANDS: **Mér leyfast sennilega allir hlutir** en þeir bata eigi allir. **Mér leyfist allt** en það er eigi allt til betrunar.
KJV: **All things are lawful for me**, but all things are not expedient**: all things are lawful for me,** but all things edify not.
NIV 1984: "**Everything is permissible**"--but not everything is beneficial. "**Everything is permissible**"--but not everything is constructive
NIV 2011: **"I have the right to do anything,"** you say—but not everything is beneficial. **"I have the right to do anything"**—but not everything is constructive.
1841: **Allt er leyfilegt**; en allt gagnar samt ekki. **Allt er leyfilegt** ; en allt er samt ekki til uppbyggingar.
1908: **Alt er leyfilegt**, en ekki er alt gagnlegt. **Alt er leyfilegt,** en ekki upphyggir alt.
1981: **Allt er leyfilegt**, en ekki er allt gagnlegt. **Allt er leyfilegt**, en ekki byggir allt upp.
2007: **Allt er leyfilegt** en ekki er allt gagnlegt. **Allt er leyfileg**t en ekki byggir allt upp.

10:28

Tilvísun í Sálma 24:1 fjarlægð
NT ODDS: En ef nokkur segir til yðar: Þetta er skurguðaoffur, þá etið ekki fyrir þess sakir sem það segir yður upp á það þér vægið samviskunni. **Því að jörðin er að sönnu Drottins og hennar fylling.**
GUÐBRANDS: En ef nokkur segir til yðar: „Þetta er skúrgoðaoffur“ þá etið ekki fyrir sakir þess sem það segir yður upp á það þér vægið samviskunni **(því að jörðin er að sönnu Drottins og hvað þar er einni)**
KJV: But if any man say unto you, this is offered in sacrifice unto idols, eat not for his sake that shewed it, and for conscience sake: **for the earth is the Lord's, and the fulness thereof:**
NIV 1984: But if anyone says to you, "This has been offered in sacrifice," then do not eat it, both for the sake of the man who told you and for conscience' sake
NIV 2011: But if someone says to you, “This has been offered in sacrifice,” then do not eat it, both for the sake of the one who told you and for the sake of conscience.
1841:En ef einhvör segir til yðar : þetta eru skurðgoðafórnir, þá etið ekki fyrir þess manns sakir, sem aðvaraði yður og samviskunnar vegna.
1908: En ef einhver segir við yður: Þella er fórnar kjöt! — þá etið ekki, vegna þess, er aðvart gjörði, og vegna samvizkunnar
1981: En ef einhver segir við yður: „Þetta er fórnarkjöt!“ þá etið ekki, vegna þess, er gjörði viðvart, og vegna samviskunnar.
2007: En ef einhver segir við ykkur: „Þetta er fórnarkjöt!“ þá etið ekki, bæði vegna þess sem varaði ykkur við og vegna samviskunnar.

11:24

Takið, etið. Þetta er minn líkami, sá fyrir yður verður gefinn. Fjarlægt.
NT ODDS: gjörandi þakkir, braut það og sagði: **Takið**, **etið**. **Þetta er minn líkami**, **sá fyrir yður verður gefinn**. Gjörið það í mína minning.
GUÐBRANDS: gjörandi þakkir, braut það og sagði: „**Takið**, **etið**. **Þetta er minn líkami sá fyrir yður verður gefinn.** Gjörið það í mína minning.“
KJV: And when he had given thanks, he brake it, and said, **Take**, **eat**: **this is my body**, **which is broken for you:** this do in remembrance of me.
NIV 1984: and when he had given thanks, he broke it and said, "**This is my body**, **which is for you**; do this in remembrance of me."
NIV 2011: and when he had given thanks, he broke it and said, “**This is my**

body, **which is for you;** do this in remembrance of me."
1841: **þetta er minn líkami, sem fyrir yður verður brotinn;** gjörið það í mína minningu.
1908: og þakkaði og braut það og sagði: **Þetta er minn** likami**, sem er fyrir yður;** gjörið þetta í mína minningu;
1981: gjörði þakkir, braut það og sagði: „**Þetta er minn líkami**, **sem er fyrir yður.** Gjörið þetta í mína minningu."
2007: gerði þakkir, braut það og sagði: **„Þetta er líkami minn.** Gjörið þetta í mína minningu."

11:29

Drekkur óverðugur fjarlægt og Drottins
NT ODDS: Því að hver hann etur og **drekkur óverðugur**, sá etur og drekkur sjálfum sér dóm með því hann gjörði eigi greinarmun **Drottins líkama**.
GUÐBRANDS: Því að hver hann etur og **drekkur óverðugur** sá etur og drekkur sjálfum sér dóm með því hann gjörði eigi greinarmun á **Drottins líkama**.
KJV: For he that eateth and **drinketh unworthily**, eateth and drinketh damnation to himself, not discerning the **Lord's body**.
NIV 1984: For anyone who eats and **drinks** without recognizing the **body of the Lord** eats and drinks judgment on himself
NIV 2011: For those who eat and **drink** without discerning the **body of Christ** eat and drink judgment on themselves
1841: því sá, sem óverðuglega etur og **drekkur**, hann etur og drekkur sér til dómsáfellis, þar eð hann ekki gjörir greinarmun á **Herrans líkama.**
1908: Því að sá sem etur og drekkur, hann etur og **drekkur** sjálfum sér til dóms, ef hann gjörir ekki greinarmun á **líkamanum.**
1981: Því að sá sem etur og **drekkur** án þess að dæma rétt um **líkamann**, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms
2007: Því að sá sem etur og **drekkur** án þess að gera sér grein fyrir að það er **líkami Drottins**, hann etur og drekkur sér til dómsáfellis.

15:47

*Fjarlægt **en annar maður er Drottinn af himnum***
NT ODDS: Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur, en hinn annar maður er **Drottinn af himnum.**
GUÐBRANDS: Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur en hinn annar maður er **Drottinn af himnum.**
KJV: The first man is of the earth, earthy; the second man is the **Lord from heaven.**
NIV 1984: The first man was of the dust of the earth, **the second man from heaven.**
NIV 2011: The first man was of the dust of the earth; **the second man is of heaven**
1841: Hinn fyrri maður varð mold af jörðu, hinn síðari maður er **Drottinn af himni.**
1908: Hinn fyrsti maður er frá jörðu, af moldu, hinn annar maður **er frá himnum.**
1981: Hinn fyrsti maður er frá jörðu, jarðneskur, hinn annar maður **er frá himni.**
1841: til þess að hjörtu þeirra mættu styrkjast, og þeir sjálfir í elsku sameinast, og öðlast gjörvallan ríkdóm fullkomins skilnings, þekkinguna á Guðs leyndardómi
1908: til þess að hjörtu þeirra, sameinuð í kærleika, mættu uppörvast og þeir öðlasl gjörvalla auðlegð fullrar vissu skilningsins, þekkinguna á leyndardómi Guðs, Kristi
1981: Mig langar, að þeir uppörvist í hjörtum sínum, sameinist í kærleika og öðlist gjörvalla auðlegð þeirrar sannfæringar og skilnings, sem veitir þekkinguna á leyndardómi Guðs, Kristi.
2007: Mig langar að allir uppörvist í hjörtum sínum, sameinist í kærleika og öðlist fulla sannfæringu og innsýn og geti gjörþekkt leyndardóm Guðs sem er Kristur [a]
[a]Aðrir leshættir: leyndardóm Guðs, föður Krists; leyndardóm Guðs, föðurins og Krists.

2:18

Hér er verið að vara við fólki sem treður skoðunum sínum á hluti sem það hefur ekki séð og hefur ekkert vit á, ekki fólki sem fær sýnir og miklast af þeim, gott dæmi fólk sem hefur alrei rekið út illa anda og segist vita allt um það, það er að segja andlega blint fólk sem læst vera andlegt

NT ODDS: Látið öngvan svipta yður málteikninu af þeim sem eftir eigin þótta ganga í eyðmýkt og andlegleik englanna, **hverja hann sá aldri** og er til ónýts upphrokaður í sínu kjötlegu sinni

GUÐBRANDS: Látið öngvan svipta yður málteikninu, af þeim sem eftir eigin þótta ganga, í auðmýkt og andlegleik anglanna, **hverja hann sá aldrei**, og er til ónýtis upphrokaður í sínu kjötlegu sinni,
KJV: Let no man beguile you of your reward in a voluntary humility and worshipping of angels, **intruding into those things which he hath not seen**, vainly puffed up by his fleshly mind,
NIV 1984: Do not let anyone who delights in false humility and the worship of angels disqualify you for the prize. Such a person **goes into great detail about what he has seen**, and his unspiritual mind puffs him up with idle notions.
NIV 2011: Do not let anyone who delights in false humility and the worship of angels disqualify you. Such a person also **goes into great detail about what they have seen**; they are puffed up with idle notions by their unspiritual mind
1841: Látið engan taka hnossið frá yður, er þykist af sinni auðmýkt og engladýrkun, **lætur drjúgt yfir því, sem hann aldrei hefir séð**, og upphrokast hégómlega af sínu holdlega hugarfari,
1908: Látið engan hafa af yður hnossið, þann er hefir mætur á auðmýkt og engladýrkun, **sökkvandi sér niður í sýnir sínar,** þann er upphrokast ástæðulaust af hyggju holdsins
1981: Látið þá ekki taka af yður hnossið, sem þykjast af auðmýkt sinni og engladýrkun **og státa af sýnum sínum.** Þeir hrokast upp af engu í hyggju holds síns
2007: Látið þá ekki taka af ykkur hnossið sem stæra sig af auðmýkt sinni og engladýrkun og **státa af sýnum sínum**. Þeir hrokast upp af engu í sjálfshyggju

3:6

Það er ástæða fyrir því að það segir "Börn vantrúarinnar eða börn óhlýðninar" Þarna er verið að skilgreina að þetta eru ekki börn Guðs, en ef þú segir einfaldlega "þá sem hlýða ekki" þá gætirðu verið að dæma börn Guðs sem eru að gera sitt besta og enn fremur, þetta orðaval lætur Guð virka eins og hann sé grimmur.
NT ODDS: fyrir hvað að kemur Guðs reiði **yfir börn vantrúarinnar**
GUÐBRANDS: fyrir hvað að kemur Guðs reiði **yfir börn vantrúarinnar,**
KJV: For which things' sake the wrath of God cometh **on the children of disobedience:**
NIV 1984:Because of these, the wrath of God is coming
NIV 2011: Because of these, the wrath of God is coming.[a]
[a]Some early manuscripts *coming on **those who are disobedient***
1841: Fyrir slíkt (athæfi) kemur hegning Guðs **yfir þá vantrúuðu**,
1908: fyrir þessa hluti kemur reiði Guðs **yfir börn óhlýðninnar,**
1981: Af þessu kemur reiði Guðs **[yfir þá, sem hlýða honum ekki].**[b]
[b]Orðin *„yfir þá, sem hlýða honum ekki“ vantar í sum handrit.*
2007: Af þessu kemur reiði Guðs **yfir þá sem hlýða honum ekki.**[c]
[c]Orðin *„yfir þá sem hlýða honum ekki“* vantar í sum handrit.”

3:13

Kristur fjarlægður varðandi fyrirgefningu
NT ODDS: og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefir klögumál móti öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis. Líka svo sem **Kristur hefir fyrirgefið** yður, svo skulu þér einninn.
GUÐBRANDS: og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefur klögumál mót öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis, líka svo sem **Christur hefur fyrirgefið** yður, svo skulu þér einnen
KJV: Forbearing one another, and forgiving one another, if any man have a quarrel against any: even as **Christ forgave you**, so also do ye
NIV 1984: Bear with each other and forgive whatever grievances you may have against one another. Forgive as the **Lord forgave** you.
NIV 2011: Bear with each other and forgive one another if any of you has a grievance against someone. Forgive as the **Lord forgave** you.
1841: umberið hvör annan og fyrirgefið hvör öðrum, ef einhvör yðar hefir kærumál öðrum á móti; eins og **Kristur hefir fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og einninn gjöra.
1908: umberandi hver annan og fyrirgefandi hver öðrum, ef einhver hefir sök á móti nokkurum; eins og **drottinn hefir fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og gjöra

1981: Umberið hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og **Drottinn hefur fyrirgefið** yður, svo skuluð þér og gjöra.
2007: Umberið hvert annað og fyrirgefið hvert öðru ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og **Drottinn** hefur fyrirgefið ykkur, svo skuluð þið og gera.

3:15

Nú og eftir að hafa fjarlægt Krist margsinnis, þá er hann settur í staðin fyrir Guð
NT ODDS: Og **friður Guðs** regeri í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einninn kallaðir í einum líkama. Verið og þakklátir
GUÐBRANDS: Og **Friður Guðs** regeri í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einnin kallaðir, í einum líkama. Verið og þakklátir
KJV: And let the **peace of God** rule in your hearts, to the which also ye are called in one body; and be ye thankful.
NIV 1984: Let the **peace of Christ** rule in your hearts, since as members of one body you were called to peace. And be thankful.
NIV 2011: Let the **peace of Christ** rule in your hearts, since as members of one body you were called to peace. And be thankful.
1841: þá mun **friður Krists** ríkja í yðrum hjörtum; til þessa friðar eruð þér einnig kallaðir í einum líkama (sameiginlega); og verið (fyrir það) þakklátir.
1908: og látið **frið Krists** ríkja i hjörtuni yðar, sem þér og eruð kallaðir til í einum líkama; og verið þakklátir.
2007: Látið **frið Krists** ríkja í hjörtum ykkar því að Guð kallaði ykkur til að lifa saman í friði sem limi í einum líkama. Verið þakklát.

3:16

En Guði er svo bætt við hér í staðin fyrir Drottinn
NT ODDS: Látið Kristi orð gnóglega byggja meðal yðar í allri visku. Lærið og áminnið yður með sálmum og lofsöngum og andlegum, ljúflegum kvæðum og syngið **Drottni** í yðrum hjörtum
GUÐBRANDS: Látið Christi orð gnóglega byggja meðal yðar í allri visku. Lærið og áminnið yður með psalmum og lofsöngum, og andlegum ljúflegum kvæðum, Og syngið **Drottni** í yðrum hjörtum
KJV: Let the word of Christ dwell in you richly in all wisdom; teaching and admonishing one another in psalms and hymns and spiritual songs, singing with grace in your hearts to the **Lord**.
NIV 1984: Let the word of Christ dwell in you richly as you teach and admonish one another with all wisdom, and as you sing psalms, hymns and spiritual songs with gratitude in your hearts to **God**.
NIV 2011: Let the message of Christ dwell among you richly as you teach and admonish one another with all wisdom through psalms, hymns, and songs from the Spirit, singing to **God** with gratitude in your hearts.
1841: Látið Krists lærdóm ríkuglega búa hjá yður, svo að þér með allri speki kennið hvör öðrum og áminnið hvör annan með sálmum, söngum og andlegum lofkvæðum, sætlega syngjandi **Drottni** lof í yðrum hjörtum.
1908: Látið orð Krists búa ríkulega hjá yður með allri speki, þannig að þér fræðið og áminnið hver annan með sálmum, lofsöngvum og andlegum ljóðum, sæltega syngjandi **Guði** lof i hjörtum yðar.
1981: Látið orð Krists búa ríkulega hjá yður með allri speki. Fræðið og áminnið hver annan með sálmum, lofsöngum og andlegum ljóðum og syngið **Guði** sætlega lof í hjörtum yðar.
2007: Látið orð Krists búa með ykkur í allri sinni auðlegð og speki. Fræðið og áminnið hvert annað og syngið **Guði** sætlega lof í hjörtum ykkar með sálmum, lofsöngvum og andlegum ljóðum.

3:22

Og í næstu andrá er Guð aftur fjarlægður
NT ODDS: Þér þénarar, verið hlýðugir í öllum hlutum yðrum líkamlegum herrum, eigi meður þjónustu fyrir augum svo sem mönnum til þókknunar, heldur með einfaldleik hjartans og meður **Guðs ótta.**
GUÐBRANDS: Þér þénarar verið hlýðugir í öllum hlutum yðrum líkamlegum herrum, eigi meður þjónustu fyrir augum, svo sem mönnum til þóknunar, heldur með einfaldleik hjartans, og meður **Guðs ótta.**
KJV: Servants, obey in all things your masters according to the flesh; not with eyeservice, as menpleasers; but in singleness of heart, **fearing God;**

NIV 1984: Slaves, obey your earthly masters in everything; and do it, not only when their eye is on you and to win their favor, but with sincerity of heart and **reverence for the Lord.**
NIV 2011: Slaves, obey your earthly masters in everything; and do it, not only when their eye is on you and to curry their favor, but with sincerity of heart and **reverence for the Lord**.
1841: Þér þrælar! verið hlýðugir í öllu yðar jarðnesku drottnum, ekki með augnaþjónustu, svo sem þeir, er vilja mönnum þóknast, heldur með hjartans einlægni, svo sem þeir, er **Drottin óttast**;
1908: Þér þrælar, verið hlýðnir í öllu drotnum yðar eftir holdinu, ekki með augnaþjónustú, eins og þeir, sem mönnum vilja þóknast, heldur í einfaldleik hjartans, **og óttist drottin.**
1981: Þér þrælar, verið hlýðnir í öllu jarðneskum drottnum yðar, ekki með augnaþjónustu, eins og þeir er mönnum vilja þóknast, heldur í einlægni hjartans **og í ótta Drottins.**
2007: Þrælar, verið í öllu hlýðnir jarðneskum húsbændum ykkar, ekki með augnaþjónustu, eins og þeir er mönnum vilja þóknast, heldur af einlægni hjartans, af **lotningu fyrir Drottni.**

4:15

Hér má svo sjá í gegnum söguna hvernig karlmaðurinn Nymphas varð að konu í seinni þýðingum og húsið hans varð húsið hennar.
NT ODDS: Heilsið bræðrunum til Laódíkea og **Nýmfan** og söfnuðinum sem að er í **hans húsi**.
GUÐBRANDS: Heilsið Bræðrunum til Laodicea, og **Nimphan**, og Söfnuðinum sem að er í **hans húsi**.
KJV: Salute the brethren which are in Laodicea, and **Nymphas**, and the **church** which is **in his house**.
NIV 1984: Give my greetings to the brothers at Laodicea, and to **Nympha** and the church in **her house**.
NIV 2011: Give my greetings to the brothers and sisters at Laodicea, and to **Nympha** and the **church in her house**.
1841: Heilsið þér bræðrunum í Laódíseu, **Nymfasi** og söfnuðinum, sem kemur saman í **húsi hans**.
1908: Heilsið þér bræðrunum í Laódíkeu og **Nýmfasi** og söfnuðinum, sem er í **húsi þeirra**.
1981: Berið kveðju bræðrunum í Laódíkeu. Einnig **Nýmfu** og söfnuðinum sem kemur saman í **húsi hennar**.[a]
[a] Annar lesháttur: Nýmfasi . . . húsi hans.
2007: Berið kveðju söfnuðinum í Laódíkeu. Einnig **Nýmfu** og söfnuðinum sem kemur saman í **húsi hennar**. [b]
[b] Annar lesháttur: Nýmfasi … húsi hans.

4:18

Hver þarf Amen?
NT ODDS: Heilsan af minni hendi, Páls. Verið minnugir minna fjötra. Náðin sé með yður. **Amen**
GUÐBRANDS: Heilsan af minni hendi Páls. Verið minnugir minna Fjötra. Náðin sé með yður, **Amen.**
KJV: The salutation by the hand of me Paul. Remember my bonds. Grace be with you. **Amen**.
NIV 1984: Paul, write this greeting in my own hand. Remember my chains. Grace be with you
NIV 2011: Paul, write this greeting in my own hand. Remember my chains. Grace be with you
1841: Kveðjan er skrifuð með minni, Páls, eigin hendi. Minnist fjötra minna! Náð sé með yður.
1908: Kveðjan er skrifuð með minni, Páls, eigin hendi. Minnist fjötra minna. Náð sé með yður.
1981: Kveðjan er skrifuð með minni, Páls, eigin hendi. Minnist fjötra minna. Náð sé með yður!
2007: Kveðjan er skrifuð með minni, Páls, eigin hendi. Minnist fjötra minna. Náð sé með yður!

B R E Y T I N G A R Á Þ E S S A L Ó N I K U B R É F U N U M

FYRRA ÞESSALÓNIKUBRÉF

1:1

Guð Faðirinn og Drottinn Jesús Kristur fjarlægðir

NT ODDS: Páll og Silvanus og Tímóteus. Þeim safnaði til Tessalonia í Guði föður og Drottni Jesú Kristo. **Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Kristo**

GUÐBRANDS: Páll og Silvanus og Tímóteus þeim safnaði til Tessalonia í Guði föður og Drottni Jesú Christo: **Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Christo**

KJV: Paul, and Silvanus, and Timotheus, unto the church of the Thessalonians which is in God the Father and in the Lord Jesus Christ: **Grace be unto you, and peace, from God our Father, and the Lord Jesus Christ.**

NIV 1984: Paul, Silas and Timothy, To the church of the Thessalonians in God the Father and the Lord Jesus Christ: **Grace and peace to you.**

NIV 2011: Paul, Silas and Timothy,To the church of the Thessalonians in God the Father and the Lord Jesus Christ: **Grace and peace to you**.

1841: Páll og Silvanus og Tímóteus, óska yður, söfnuði Guðs Föðurs og Drottins Jesú Krists í Tessaloníku, **náðar og friðar af Guði vorum Föður og Drottni Jesú Kristi.**

1908: Páll og Silvanus. og Tímóteus lil safnaðar Þessaloníkumanna í Guði föður og drotni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður,**

1981: Páll, Silvanus og Tímóteus heilsa söfnuði Þessaloníkumanna, sem er í Guði föður og Drottni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður.**

2007: Páll, Silvanus og Tímóteus heilsa söfnuði Þessaloníkumanna sem er í Guði föður og Drottni Jesú Kristi. **Náð sé með yður og friður.**

2:15

"og þeirra eigin spámenn" fjarlægt

NT ODDS: hverjir einninn Drottin Jesúm hafa líflátið **og þeirra eigin spámenn** og hafa oss ofsókt og þókknast ekki Guði og eru öllum mönnum gagnstaðlegir,

GUÐBRANDS: hverjir einnin Drottin Jesúm hafa líflátið **og þeirra eigin spámenn** og hafa oss ofsótt og þóknast ekki Guði og eru öllum mönnum gagnstaðlegir,

KJV: Who both killed the Lord Jesus, **and their own prophets,** and have persecuted us; and they please not God, and are contrary to all men:

NIV 1984: who killed the Lord Jesus **and the prophets** and also drove us out. They displease God and are hostile to all men

NIV 2011: who killed the Lord Jesus **and the** pr**o**phets and also drove us out. They displease God and are hostile to everyone

1841: sem þeir af Gyðingum, er bæði líflétu Drottin Jesúm **og sína eigin spámenn**; oss hafa þeir og ofsótt, eru Guði misþóknanlegir og öllum mönnum mótstæðir;

1908: er bæði líflétu drottin Jesúm **og spámennina**, og hafa ofsótt oss og eru Guði cigi þóknanlegir og öllum mönnum mótstæðilegir,

1981: er bæði líflétu Drottin Jesú **og spámennina** og hafa ofsótt oss. Þeir eru Guði eigi þóknanlegir og öllum mönnum mótsnúnir

2007: er bæði líflétu Drottin Jesú **og spámennina** og hafa ofsótt okkur. Þeir eru Guði eigi þóknanlegir og öllum mönnum mótsnúnir

2:19 *Kristur fjarlægður*

NT ODDS: Því hver er vor von eða fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir vorum **Drottni Jesú Kristo** í hans tilkomu?

GUÐBRANDS: Því að hver er vor von eður fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir **vorum Drottni Jesú Christo** í hans tilkomu?

KJV: For what is our hope, or joy, or crown of rejoicing? Are not even ye in the presence of **our Lord Jesus Christ** at his coming?

NIV 1984: For what is our hope, our joy, or the crown in which we will glory in the presence of **our Lord Jesus** when he comes? Is it not you?
NIV 2011: For what is our hope, our joy, or the crown in which we will glory in the presence of **our Lord Jesus** when he comes? Is it not you?
1841: Því hvör er vor von, vor gleði, vor heiðurskrans, er vér getum stært oss af? Munuð þér ekki einnig verða það fyrir augliti **Drottins vors Jesú Krists**, þá hann kemur?
1908: Því að hver er vor von eða vor gleði eða vor hrósunarkóróna? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir **drotni vorum Jesú** við tilkomu hans?
1981: Hver er von vor eða gleði vor eða sigursveigurinn, sem vér hrósum oss af? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir **Drottni vorum Jesú** við komu hans?
2007: Hver er von mín eða gleði eða sigursveigurinn sem ég miklast af? Eruð það ekki einmitt þið, frammi fyrir **Drottni vorum Jesú** við komu hans?

3:11

Og enn aftur var Kristur fjarlægður
NT ODDS: En Guð vor Faðir og **Drottinn Jesús Kristus** greiði vorn veg til yðar.
GUÐBRANDS: En Guð vor Faðir og **Drottinn vor Jesús Christus** greiði vorn veg til yðar.
KJV: Now God himself and our Father, and **our Lord Jesus Christ**, direct our way unto you.
NIV 1984: Now may our God and Father himself and our **Lord Jesus** clear the way for us to come to you
NIV 2011: Now may our God and Father himself and **our Lord Jesus** clear the way for us to come to you.
1841: en sjálfur Guð og Faðir vor og **Drottinn vor Jesús Kristur** greiði veg vorn til yðar
1908: En sjálfur Guð og faðir vor og **drottinn vor Jesús** greiði veg vorn til yðar
1981: Sjálfur Guð og faðir vor og **Drottinn vor Jesús** greiði veg vorn til yðar
2007: Sjálfur Guð og faðir vor og **Drottinn vor Jesús** greiði veg minn til ykkar

3:13

Kristur fjarlægður
NT ODDS: svo að yðart hjarta sé styrkt og óstraffanlegt í heilagleik fyrir Guði vorum Föður í tilkomu vors **Drottins Jesú Kristi** með öllum hans heilögum.
GUÐBRANDS: so að yðar hjörtu sé styrk og óstraffanleg í heilagleik fyrir Guði og vorum Föður í tilkomu vors **Drottins Jesú Christi** með öllum hans heilögum.
KJV: To the end he may stablish your hearts unblameable in holiness before God, even our Father, at the coming of our **Lord Jesus Christ** with all his saints.
NIV 2011: May he strengthen your hearts so that you will be blameless and holy in the presence of our God and Father when our **Lord Jesus** comes with all his holy ones.
1841: upp á það að yðar hjörtu megi staðfestast í heilagleika og þér birtast fyrir Guði vorum Föður óstraffanlegir, þá **Drottinn vor Jesús Kristur** kemur ásamt öllum hans heilögu.
1908: til þess að hann styrki hjörtu yðar og þau verði óaðfinnanleg í heilagleika frammi fyrir Guði og föður vorum í tilkomu **drottins vors Jesú** ásamt öllum hans heilögum.
1981:Þannig styrkir hann hjörtu yðar, svo að þér verðið óaðfinnanlegir og heilagir frammi fyrir Guði, föður vorum, við komu **Drottins vors Jesú** ásamt öllum hans heilögu.
2007: Þannig styrkir hann hjörtu ykkar svo að þið verðið óaðfinnanleg og heilög í augum Guðs, föður vors, þegar **Drottinn vor Jesús** kemur ásamt öllum sínum heilögu.

5:22

Forðist alla illa prýði, þýðir forðist alla illa hegðun, það er að segja enginn ill hegðun á að sjást í þeim sem trúa
NT ODDS: Forðist alla vonda prýði.
GUÐBRANDS: Forðist alla vonda prýði.
KJV: Abstain from all appearance of evil
NIV 2011: reject every kind of evil.
1841: Haldið yður frá illu, í hvörri mynd, sem það sýnir sig
1908: Haldið yður frá sérhverri mynd hins illa.
1981: En forðist allt illt, í hvaða mynd sem er.
2007: En forðist allt illt í hvaða mynd sem er.

5:27

Heilagir bræður fjarlægt
NT ODDS: *Ekki til staðar*
GUÐBRANDS :Eg særi yður við Drottin að þér látið lesa þennan pistil fyrir öllum **heilögum bræðrum**.
KJV: I charge you by the Lord that this epistle be read unto all the **holy brethren**.
NIV 1984: I charge you before the Lord to have this letter read to **all the brothers**.
NIV 2011: I charge you before the Lord to have this letter read to all the **brothers and sisters**.
1841: Eg særi yður í nafni Drottins, að þér látið lesa bréf þetta fyrir öllum **heilögum bræðrum**.
1908: Eg særi yður við drottin, að þér látið lesa hréf þetta upp fyrir **öllum hræðrunum**
1981: Ég bið og brýni yður í Drottins nafni, að þér látið lesa bréf þetta upp fyrir **öllum bræðrunum**.
2007 Ég bið og brýni yður í Drottins nafni að þér látið lesa bréf þetta upp fyrir öllum í **söfnuðinum**.[g]
[g]Neðanmál segir orðrétt bræðrunum, *(þetta er kynleysi 2007 þýðingarinnar)*

5:28

NT ODDS:Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður. **Amen**
GUÐBRANDS: Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður. **AMEN.**
KJV: The grace of our Lord Jesus Christ be with you. **Amen**.
NIV 1984: The grace of our Lord Jesus Christ be with you.
NIV 2011: The grace of our Lord Jesus Christ be with you.
1841: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður.
1908: Náðin drottins vors Jesú Krist sé með yður
1981: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður.
2007*:* Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður.

SEINNA ÞESSALÓNIKUBRÉF

1:8 *Kristur fjarlægður*

NT ODDS: og með eldsins loga, hefnd að gefa yfir þá sem ekki kenna Guð og yfir þá sem ekki eru hlýðugir evangelio vors **Drottins Jesú Kristi**,
GUÐBRANDS: og með eldsins loga hefnd að gefa yfir þá sem ekki þekkja Guð og yfir þá sem ekki eru hlýðugir evangelio vors **Drottins Jesú Christi**
KJV: In flaming fire taking vengeance on them that know not God, and that obey not the gospel of our **Lord Jesus Christ**:
NIV 1984: He will punish those who do not know God and do not obey the gospel of our **Lord Jesus**.
NIV 2011: He will punish those who do not know God and do not obey the gospel of our **Lord Jesus**.
1841: og lætur hegningu ganga yfir þá, sem ekki þekkjast og ekki hlýða náðarlærdómi Drottins **vors Jesú Krists;**
1908: í logandi eldi og lætur hegningu koma yfír þá, sem ekki þekkja Guð, og yfir þá, sem ekki hlýða fagnaðarerindi **drottins vors Jesú**,
1981: Hann kemur í logandi eldi og lætur hegningu koma yfir þá, sem þekkja ekki Guð, og yfir þá, sem hlýða ekki fagnaðarerindinu um **Drottin vorn Jesú**
2007: Hann kemur í logandi eldi og hegnir þeim sem þekkja ekki Guð og þeim sem hlýða ekki fagnaðarerindinu um **Drottin vorn Jesú**

1:12

Kristur fjarlægður og undarlega ábendingu er að finna í neðanmáli 1981 og 2007
NT ODDS: svo að á yður verði prísað nafn vors **Drottins Jesú Kristi** og þér á honum eftir þeirri náð vors Guðs og Drottins Jesú Kristi.
GUÐBRANDS: so að á yður verði prísað nafn **Drottins** vors **Jesú Christi** og þér á honum eftir þeirri náð vors Guðs og Drottins Jesú Christi.
KJV: That the name of our **Lord Jesus Christ** may be glorified in you, and ye in him, according to the grace of our God and the Lord Jesus Christ.
NIV 1984: We pray this so that the name of our **Lord Jesus** may be glorified in you, and

you in him, according to the grace of our God and the Lord Jesus Christ.
NIV 2011: That the name of our **Lord Jesus Christ** may be glorified in you, and ye in him, according to the grace of our God and the Lord Jesus Christ.
1841: svo að nafn **Drottins vors Jesú Krists** vegsamist á yður, og þér af honum, fyrir náð Guðs vors og Drottins Jesú Krists.
1908: svo að nafn *drottins* vors *Jesú* verði dýrðlegt í yður og þér í honum eftir náð Guðs vors og drottins Jesú Krists.
1981: svo að nafn **Drottins vors Jesú** verði dýrlegt í yður og þér í honum fyrir náð Guðs vors og Drottins Jesú Krists.[a]
[a]Eða: vors Guðs, Drottins Jesú Krists.
2007: Þannig verður nafn **Drottins vors Jesú** dýrlegt í ykkur og þið í honum fyrir náð Guðs vors og Drottins Jesú Krists.[b]
[b]Eða: Guðs vors, Drottins Jesú Krists.

2:2

Degi Krists breytt í degi Drottins
NT ODDS: biðjum vér yður, kærir bræður, það þér látið ekki skjótlega hræra yður af yðru sinni né skelfa, hvorki fyrir anda eða fyrir orð né bréf svo sem af oss send, það að **dagur Kristi** sé þegar fyrir höndum
GUÐBRANDS: það þér látið ekki skjótlega hræra yður af yðru sinni né skelfa, hvorki fyrir anda eða fyrir orð né bréf so sem af oss sent, það **dagur Christi** sé þegar fyrir höndum.
KJV: That ye be not soon shaken in mind, or be troubled, neither by spirit, nor by word, nor by letter as from us, as that the **day of Christ** is at hand.
NIV 1984: not to become easily unsettled or alarmed by some prophecy, report or letter supposed to have come from us, saying that the **day of the Lord** has already come.
NIV 2011: not to become easily unsettled or alarmed by the teaching allegedly from us—whether by a prophecy or by word of mouth or by letter—asserting that the **day of the Lord has** already come.
1841: að þér ekki séuð fljótir á, að láta yður hræða og trufla, hvörki af nokkurum anda, eður við kenningu eður bréf, svo sem það væri frá oss, eins og (tilkomu)**dagur Drottins** væri þegar fyrir höndum.
1908: að þér ekki séuð fljótir á að lála hræða yður eða trufla, hvorki af nokkurum anda né við orð eða bréf, sem væri það frá oss, eins og dagur drotlins væri þegar fyrir höndum
1981: að þér séuð ekki fljótir til að komast í uppnám eða láta hræða yður, hvorki af nokkrum anda né við orð eða bréf, sem væri það frá oss, eins og **dagur Drottins** væri þegar fyrir höndum
2007: að vera ekki fljót til að komast í uppnám eða verða hrædd, hvorki þótt vísað sé til andavitrunar né einhvers sem ég á að hafa kennt eða skrifað um að **dagur Drottins** sé þegar fyrir höndum.

3:18

NT ODDS: Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yður öllum. **AMEN**.
GUÐBRANDS: Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður öllum. **A M E N**.
KJV: The grace of our Lord Jesus Christ be with you all. **Amen**.
NIV 1984: The grace of our Lord Jesus Christ be with you all.
NIV 2011: The grace of our Lord Jesus Christ be with you all.
1841: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum, **Amen!**
1908: Náðin drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum.
1981: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum.
2007: Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum

BREYTINGAR Á TÍMÓTEUSARBRÉFUM

FYRRA TÍMÓTEUSARBRÉF

1:1 *Drottin fjarlægður*

NT ODDS: Páll postuli Jesú Kristi eftir boðan Guðs, vors frelsara, og **Drottins Jesú Kristi**, sá vor von er.
GUÐBRANDS: Páll postuli Jesú Christi eftir boðan Guðs vors frelsara og **Drottins Jesú Christi** sá vor von er
KJV: Paul, an apostle of Jesus Christ by the commandment of God our Saviour, and **Lord Jesus Christ**, which is our hope;
NIV 1984: Paul, an apostle of Christ Jesus by the command of God our Savior and of **Christ Jesus** our hope,
NIV 2011: Paul, an apostle of Christ Jesus by the command of God our Savior and of **Christ Jesus** our hope,
1841: Páll postuli Jesú Krists eftir ráðstöfun Guðs vors frelsara og **Jesú Krists** sem er vor von
1908: Páll postuli Krisls Jesú, að boði Guðs frelsara vors og **Krists Jesú**, vonar vorrar,
1981: Páll, postuli Krists Jesú, að boði Guðs frelsara vors og **Krists Jesú**, vonar vorrar, heilsar
2007: Páll, postuli Krists Jesú, að boði Guðs frelsara vors og **Krists Jesú**, vonar vorrar, heilsar

1:17

Má víst ekki gefa Guði of mikin heiður fyrir að vera alvitur eða eini með viti
NT ODDS: En Guði eilíflegum konungi, ódauðlegum og **alleina vísum** sé lof og dýrð að eilífu. AMEN.
GUÐRBANDS: En Guði, eilífum konungi ódauðlegum og **alleina vísum**, sé lof og dýrð að eilífu. Amen
KJV: Now unto the King eternal, immortal, invisible, the **only wise God**, be honour and glory for ever and ever. Amen.
NIV 1984: Now to the King eternal, immortal, invisible, the **only God**, be honor and glory for ever and ever. Amen.
NIV 2011: Now to the King eternal, immortal, invisible, the **only God**, be honor and glory for ever and ever. Amen.
1841: En þeim ódauðlega, ósýnilega aldanna konungi, honum sem **aleinn er Guð**, sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen.
1908: En konungi aldanna, ókrenkilegum, ósýnilegum, **einum Guði** sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen.
1981: Konungi eilífðar, ódauðlegum, ósýnilegum, **einum Guði** sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen.
2007: Konungi eilífðar, ódauðlegum, ósýnilegum, **einum Guði** sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen.

2:7

Páll tekur fram að hann tali sannleika í Kristi og ljúgi ekki, fjarlægt
NT ODDS: þar eg em predikari og postuli tilsettur **(eg segi sannleik í Kristo og lýg ekki),** lærari heiðinna í trúnni og í sannleiknum.
GUÐBRANDS: Þar til eg em prédikari og postuli settur **(eg segi sannleik í Christo Jesú og lýg ekki),** lærari heiðinna í trúnni og í sannleiknum.
KJV: Whereunto I am ordained a preacher, and an apostle, **(I speak the truth in Christ, and lie not;)** a teacher of the Gentiles in faith and verity.
NIV 1984: And for this purpose I was appointed a herald and an apostle--**I am telling the truth, I am not lying**--and a teacher of the true faith to the Gentiles.
NIV 2011: And for this purpose I was appointed a herald and an apostle—**I am telling the truth, I am not lying**—and a true and faithful teacher of the Gentiles.
1841: Hann að boða er eg settur prédikari og postuli, heiðinna þjóða lærimeistari í trúnni og sannleikanum. **Það segi eg satt og lýg ekki**.
1908: Til að boða hann er eg settur prédikari og posluli,— **eg tala sannleika, lýg ekki** — kennari heiðingja í trú og sannleika.
1981: Til að boða hann er ég skipaður prédikari og postuli, – **ég tala sannleika, lýg ekki** –, kennari heiðingja í trú og sannleika.
2007: Guð skipaði mig prédikara og postula til að boða hann – **ég tala sannleika, lýg ekki** – kennara heiðingja í trú og sannleika.

3:3

Ekki sólgin í illa fenginn auð fjarlægt, sem dæmi má taka að beita tilfinningaþrunga eða spila inn á tilfinningar til að auka við "frjáls framlög" sem fara svo ekki endilega í neytt sem upphefur Guðs ríki

NT ODDS: enginn vínsvelgjari, eigi baráttusömum, **einskis ljótlegs ávinnings gírugum**, heldur vingjarnlegum, eigi þráttunarsömum, eigi ágjörnum,

GUÐBRANDS: enginn vínsvelgjari, eigi baráttusömum, **einkis ljótlegs ávinnings gírugur**, heldur vingjarnlegur, eigi þráttunarsömum, eigi ágjörnum

KJV: Not given to wine, no striker, **not greedy of filthy lucre**; but patient, not a brawler, not covetous;

NIV 1984: not given to drunkenness, not violent but gentle, not quarrelsome, not a lover of money.

NIV 2011: not given to drunkenness, not violent but gentle, not quarrelsome, not a lover of money

1841: ekki drykkjumaður né ofstopasamur heldur gæfur, frásneyddur deilum og óágjarn

1908: ekki drykkjumáður, ekki áflogamaður, heldur gæfur; ekki deilugjarn, ekki fégjarn;

1981: Ekki drykkfelldur, ekki ofsafenginn, heldur gæfur, ekki deilugjarn, ekki fégjarn.

2007: ekki drykkfelldur, ekki ofsafenginn, heldur gæfur, ekki deilugjarn, ekki fégjarn.

3:16

Guð opineraður í holdinu breytt

NT ODDS: Og ómótmælanlega mikil er mildi heimugleikans: **Sá sem að opinberaður er í holdinu,** réttlættur í Andanum, auglýstur englunum, predikaður heiðingjum, trúður er af heiminum, meðtekinn í vegsemd.

GUÐBRANDS: Ómótmælanlega mikill er leyndur dómur guðhræðslunnar. **Guð er opinberaður í holdinu,** réttlættur í andanum, auglýstur englunum, prédikaður heiðingjum, trúður af heiminum, meðtekinn í vegsemd

KJV: And without controversy great is the mystery of godliness: **God was manifest in the flesh,** justified in the Spirit, seen of angels, preached unto the Gentiles, believed on in the world, received up into glory.

NIV 1984: Beyond all question, the mystery of godliness is great: **He appeared in a body**, was vindicated by the Spirit, was seen by angels, was preached among the nations, was believed on in the world, was taken up in glory.

NIV 2011: Beyond all question, the mystery from which true godliness springs is great: **He appeared in the flesh,**was vindicated by the Spirit,[a] was seen by angels, was preached among the nations, was believed on in the world,was taken up in glory.

[a]Or vindicated in spirit

1841: Og vafalaust er þessi leyndardómur guðrækninnar mikilvægur: **Guð birtist í holdinu**, er réttlættur af Andanum, sén af englunum, boðaður meðal heiðinna þjóða, trúaður í heiminum, uppnuminn í dýrð.

1908: Og svo sem vér játum, er leyndardómur guðhræðslunnar mikill: **Hann sem opinberaðist í holdi,** var rétllættur í anda; birtist englum, boðaður hjá heiðingjum; var trúað í lieimi, var hafinn upp í dýrð.

1981: Og víst er leyndardómur guðhræðslunnar mikill: **Hann opinberaðist í holdi,** var réttlættur í anda, birtist englum, var boðaður með þjóðum, var trúað í heimi, var hafinn upp í dýrð

2007: Og víst er leyndardómur trúarinnar mikill: **Hann birtist í manni,** sannaðist í anda, opinber englum, var boðaður þjóðum, trúað í heimi, hafinn upp í dýrð.

4:12 *Í Anda fullkomlega fjarlægt*

NT ODDS: Enginn forsmái þína æsku, heldur vert fyrirmynd trúaðra í orðinu, í breytninni, í kærleikanum, **í andanum**, í trúnni, í hreinlífinu

GUÐBRANDS: Enginn forsmái þína æsku heldur vert fyrirmynd trúaðra í orðinu, í breytninni, í kærleikanum, **í andanum**, í trúnni, í hreinlífinu.

KJV: Let no man despise thy youth; but be thou an example of the believers, in word, in conversation, in charity, **in spirit,** in faith, in purity.

NIV 1984: Don't let anyone look down on you because you are young, but set an example for the believers in speech, in life, in love, in faith and in purity.

NIV 2011: Don’t let anyone look down on you because you are young, but set an example for the believers in speech, in conduct, in love, in faith and in purity

1841: Enginn fyrirlíti þig vegna þinnar æsku en vertú trúaðra fyrirmynd í lærdómi, hegðun, elsku, trú, skírlífi

1908: Lát engan líla smáum augum á æsku þína, en ver þú fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika.
1981: Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en ver fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika
2007: Lát engan líta smáum augum á æsku þína en ver fyrirmynd trúaðra í orði og hegðun, í kærleika, trú og hreinlífi.

5:16

Hér er talað tið beggja kynja, en maðurinn hverfur úr seinni þýðingum
NT ODDS: **En ef einhver trúaður maður eða trúuð kvinna hefir ekkjur**, veiti hann þeim sömum framfærslu og láti söfnuðinn ekki þyngdan verða svo að þær, sem sannar ekkjur eru, mættu nægð haf
GUÐBRANDS: En ef einhver trúaður maður eða trúuð kvinna hefur ekkjur veiti hann þeim sömu framfærslu og láti söfnuðinn ekki þvingaðan verða svo að þær sem sannar ekkjur eru mættu nægð hafa.
KJV: **If any man or woman that believeth have widows,** let them relieve them, and let not the church be charged; that it may relieve them that are widows indeed.
NIV 1984: **If any woman** who is a believer has widows in her family, she should help them and not let the church be burdened with them, so that the church can help those widows who are really in need.
NIV 2011: **If any woman** who is a believer has widows in her care, she should continue to help them and not let the church be burdened with them, so that the church can help those widows who are really in need.
1841: **Ef nokkur trúaður eða trúuð á ekkjur** sér skyldar hjálpi þau þeim að þær séu ekki söfnuðinum til byrði og að hann geti hjálpað sannarlegum ekkjum.
1908: **Ef nokkur trúuð kona** á fyrir ekkjum að sjá, þá fulltingi hún þeim, og eigi hafi söfnuðurinn þyngsli af, til þess að hann geti veitt hjálpina þeim, sem ekkjur eru í raun og veru.
1981: **Ef trúuð kona** á fyrir ekkjum að sjá, skal hún sjá fyrir þeim, og eigi hafi söfnuðurinn þyngsli af, til þess að hann geti veitt hjálpina þeim, sem ekkjur eru og einstæðar.

2007: **Ef trúuð kona** á fyrir ekkjum að sjá skal hún sjá fyrir þeim, og eigi hafi söfnuðurinn þyngsli af því að hann þarf að geta hjálpað þeim sem eru ekkjur og einstæðar.

5:21

Drottinn Jesú Kristur breytt í Krist Jesú
NT ODDS: Eg votta fyrir Guði og **Drottni Jesú Kristo** og útvöldum englum það þú varðveitir þetta án eiginlegs hugboðs, ekkert gjörandi eftir vorkunnmælum.
GUÐBRANDS: Eg votta fyrir Guði og **Drottni Jesú Christo** og útvöldum englum það þú varðveitir þetta án eiginlegs hugboðs, ekkert gjörandi fyrir vináttu.
KJV: I charge thee before God, and the **Lord Jesus Christ**, and the elect angels, that thou observe these things without preferring one before another, doing nothing by partiality.
NIV 1984: I charge you, in the sight of God and **Christ Jesus** and the elect angels, to keep these instructions without partiality, and to do nothing out of favoritism.
NIV 2011: I charge you, in the sight of God and **Christ Jesus and** the elect angels, to keep these instructions without partiality, and to do nothing out of favoritism.
1841: Eg særi þig fyrir augliti Guðs, **Drottins Jesú Krists** og útvaldra engla að þú gætir þessa fylgislaust og gjörir ekkert af meðhaldi.
1908: Eg særi þig fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú** og hinna útvöldu engla, að þú gætir þessa án nokkurs fordóms og gjörir ekkert af vilfylgi.
1981: Ég heiti á þig fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú** og hinna útvöldu engla, að þú gætir þessa án nokkurs fordóms og gjörir ekkert af vilfylgi.
2007: Ég heiti á þig fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú** og hinna útvöldu engla að þú gætir þessa án hleypidóms og gerir ekkert af vilfylgi.

6:5

Viðvörun Páls að halda sig frá fólki sem misnotar trúnna til að græða peninga fjarlægð
NT ODDS: misgreiningar þeirra manna sem fordjörfuð hugskot hafa, þeir eð sannleiknum sviptir eru, hverjir það meina að mildileikurinn muni fjárafli vera. **Forða þig þeim sem þess konar eru.**
GUÐBRANDS: misgreiningar þeirra manna sem fordjörfuð hugskot hafa, þeir eð sann-

leiknum sviptir eru, hverjir það meina að guðrækni muni fjárafli vera. **Forða þig þeim sem þess konar eru.**
KJV: Perverse disputings of men of corrupt minds, and destitute of the truth, supposing that gain is godliness: **from such withdraw thyself.**
NIV 1984: and constant friction between men of corrupt mind, who have been robbed of the truth and who think that godliness is a means to financial gain.
NIV 2011: and constant friction between people of corrupt mind, who have been robbed of the truth and who think that godliness is a means to financial gain.
1841: ónytjuathafnir hugspilltra manna, hvörjum sannleikurinn er horfinn og sem hafa guðræknina sér til fjárplógs. **Þessháttar menn skaltú forðast.**
1908: þjark og þras hugspiltra manna, sem sneyddir eru sannleikanum, en skoða guðhræðsluna sem gróðaveg.
1981: þjark og þras hugspilltra manna, sem eru sneyddir sannleikanum, en skoða guðhræðsluna sem gróðaveg.
2007: þjark og þras hugspilltra manna sem eru sneyddir sannleikanum en skoða trúna sem gróðaveg

6:10 *Eilíft líf fjarlægt*

NT ODDS:safnandi sér sjálfum í sjóð góða grundvallan upp á hið tilkomanda svo að þeir höndli **eilíft líf**.
GUÐBRANDS: safnandi sér sjálfum í sjóð góðri grundvallan upp á hið tilkomanda svo að þeir höndli **eilíft líf**.
KJV: Laying up in store for themselves a good foundation against the time to come, that they may lay hold on **eternal life**.
NIV 2011: In this way they will lay up treasure for themselves as a firm foundation for the coming age, so that they may take hold of **the life that is truly life.**
1841: safni sér í fjársjóðu góðum stofni til hins ókomna svo þeir öðlist hið **sanna líf**.
1908: safni handa sjálfum sér í fjársjóðu góðri undirstöðu til hins ókomna, til þess að þeir höndli hið **sanna líf.**
1981: með því safna þeir handa sjálfum sér fjársjóði sem er góð undirstaða til hins ókomna, og munu geta höndlað hið **sanna líf**.
2007: með því safna þeir handa sjálfum sér fjársjóði sem er góð undirstaða til hins ókomna og munu geta höndlað hið **sanna líf**.

6:17 *Lifandi Guð fjarlægt*

NT ODDS: Ríkum þessarar veraldar bjóð þú það þeir sé ekki mikillátir og leggi öngva von upp á þenna fallvaltan ríkidóm, **heldur upp á lifanda Guð** sem oss gnóglega gefur allsháttað til notnunar
GUÐBRANDS: Ríkum þessarar veraldar bjóð þú það þeir sé ekki mikillátir og leggi öngva von upp á þennan fallvalta ríkdóm **heldur upp á lifanda Guð** sem oss gnóglega gefur allsháttað til notnunar
KJV: Charge them that are rich in this world, that they be not highminded, nor trust in uncertain riches, **but in the living God,** who giveth us richly all things to enjoy;
NIV 1984: Command those who are rich in this present world not to be arrogant nor to put their hope in wealth, which is so uncertain, but to put their **hope in God**, who richly provides us with everything for our enjoyment.
NIV 2011: Command those who are rich in this present world not to be arrogant nor to put their hope in wealth, which is so uncertain, but to put their **hope in God**, who richly provides us with everything for our enjoyment.
1841: Bjóð ríkum mönnum þessarar aldar að þeir séu ekki mikillátir og treysti ekki fallvöltum auði **heldur lifanda Guði** sem veitir oss ríkuglega allt gott til nauðþurftar,
1908: Bjóð ríkismönnum þessarar aldar að hugsa ekki hátt né treysla fallvaltleik auðsins, **heldur Guði**, sem lætur oss alt ríkulega í té til nautnar;
1981: Bjóð ríkismönnum þessarar aldar að hreykja sér ekki né treysta fallvöltum auði, **heldur Guði**, sem lætur oss allt ríkulega í té til nautnar.
2007: Vara ríkismenn þessarar aldar við að hreykja sér og treysta fallvöltum auði, bjóð þeim heldur að **treysta Guði** sem lætur okkur allt ríkulega í té sem við þörfnumst.

6:21 *Amen*

NT ODDS: hverri að nokkrir frammi haldi og eru trúnni frávilltir. Náðin sé með þér. **Amen**.

GUÐBRANDS: hveri að nokkrir fram halda og eru trúnni frávilltir. Náðin sé með þér. **Amen**
KJV: Which some professing have erred concerning the faith. Grace be with thee. **Amen**.
NIV 1984: which some have professed and in so doing have wandered from the faith. Grace be with you.
NIV 2011: which some have professed and in so doing have departed from the faith. Grace be with you all.
1841: hvörri nokkrir hafa gefið sig við og eru því trúnni frávilltir orðnir. 22 Náð sé með þér. **Amen**.
1908: sem nokkurir hafa játast undir og orðið frávillingar i trúnni. Náð sé með yðnr.
1981: sem nokkrir hafa játast undir og orðið frávillingar í trúnni. Náð sé með yður.
2007: og nokkrir hafa játast undir og orðið frávillingar frá trúnni. Náð sé með yður.

SEINNA TÍMÓTEUSARBRÉF

1:11 *Páll var kennari heiðingja*

NT ODDS: í hvert eg em settur predikari, postuli, **lærari heiðinna þjóða**
GUÐBRANDS: í hvert eg em settur prédikari, postuli og **lærari heiðinna þjóða**
KJV: Whereunto I am appointed a preacher, and an apostle, and a **teacher of the Gentiles**.
1841: hvörs prédikari, postuli og **kennari eg er meðal heiðinna þjóða**
NIV 1984: And of this gospel I was appointed a herald and an apostle **and a teacher**
NIV 2011: And of this gospel I was appointed a herald and an apostle **and a teacher**.
1908: Til að boða það er eg settur prédikari og postuli **og kennari**;
1981: Og til að boða það er ég settur prédikari, postuli **og kennari**.
2007: Og til að boða það er ég settur prédikari, postuli **og kennari**.

4:1 *Drottinn fjarlægður*

NT ODDS: Svo vitna eg nú fyrir Guði og **Drottni Jesú Kristo**, sá sem að koma skal til að dæma lifendur og dauða með sinni auglýsing og sínu ríki
GUÐBRANDS: So vitna eg nú fyrir Guði og **Drottni Jesú Christo**, sá sem að koma skal til að dæma lifendur og dauða með sinni auglýsing og með sínu ríki:
KJV: I charge thee therefore before God, and the **Lord Jesus Christ**, who shall judge the quick and the dead at his appearing and his kingdom;
NIV 1984: In the presence of God and of **Christ Jesus**, who will judge the living and the dead, and in view of his appearing and his kingdom, I give you this charge
NIV 2011: In the presence of God and of **Christ Jesus**, who will judge the living and the dead, and in view of his appearing and his kingdom, I give you this charge:
1841: Eg særi þig við Guð og við **Jesúm Krist**, sem dæma mun lifendur og dauða þá hann opinberast í ríki sínu,
1908: Eg særi þig fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú**, sem dæma mun lifendur og dauða, og við opinberun hans og konungsríki hans:
1981: Fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú**, sem dæma mun lifendur og dauða, með endurkomu hans fyrir augum og ríki hans heiti ég á þig
2007: Fyrir augliti Guðs og **Krists Jesú**, sem dæma mun lifendur og dauða, heiti ég á þig með endurkomu hans og ríki fyrir augum

4:22 *Jesús Kristur fjarlægður*

NT ODDS: **Drottinn Jesús Kristus** sé með þínum anda. Náðin sé með þér. **Amen**.
GUÐBRANDS: **Drottinn Jesús Christus** sé með þínum anda. Náðin sé með yður. **AMEN**
KJV: **The Lord Jesus Christ** be with thy spirit. Grace be with you. **Amen.**
NIV 1984: **The Lord** be with your spirit. Grace be with you.
NIV 2011: **The Lord** be with your spirit. Grace be with you all.
1841: **Drottinn Jesús Kristur** sé með þínum anda. Náð sé með yður. **Amen**.
1908: **Drottinn** sé með þínum anda. Náð sé með yður.
1981: **Drottinn** sé með þínum anda. Náð sé með yður.
2007: **Drottinn** sé með þínum anda. Náð sé með yður. Amen (Amen er ekki á vefsíðunni en í 2023 prentun)

BREYTINGAR Á TÍTUS OG FÍLEMON

TÍTUS

1:4 *Drottinn fjarlægður*

NT ODDS: Títo, mínum réttilegum syni, eftir beggja vorra trú. Náð, miskunn, friður af Guði Föður og **Drottni Jesú Kristo**, vorum Frelsara.

GUÐBRANDS: Tito, mínum réttilegum syni, eftir beggja okkar trú: Náð, miskunn, friður, af Guði föður og **Drottni Jesú Christo** vorum Frelsara

KJV: To Titus, mine own son after the common faith: Grace, mercy, and peace, from God the Father and the **Lord Jesus Christ** our Saviour.

NIV 1984: To Titus, my true son in our common faith: Grace and peace from God the Father and **Christ Jesus** our Savior.

NIV 2011: To Titus, my true son in our common faith: Grace and peace from God the Father and **Christ Jesus** our Savior.

1841: óskar Títusi, mínum sannkölluðum syni eftir beggja sameiginlegri trú, náðar, miskunnar og friðar af Guði Föður, og **Drottni Jesú Kristi**, vorum Frelsara.

1908: til Títusar, skilgetins sonar samkvæmt sameiginlegri trú. Náð og friður frá Guði föður og **Kristi Jesú**, frelsara vorum

1981: Til Títusar, skilgetins sonar míns í sameiginlegri trú. Náð og friður frá Guði föður og **Kristi Jesú**, frelsara vorum.

2007: Til Títusar, skilgetins barns míns í sameiginlegri trú. Náð og friður frá Guði föður og **Kristi Jesú**, frelsara vorum.

3:15 *Amen*

NT ODDS: Þér heilsa allir þeir með mér eru. Heilsa þú öllum þeim oss elska í trúnni. Náðin sé með yður öllum. **Amen**.

GUÐBRANDS: Þér heilsa allir þeir með mér eru. Heilsa þú öllum þeim sem oss elska í trúnni. Náðin sé með yður öllum. **Amen**.

KJV: All that are with me salute thee. Greet them that love us in the faith. Grace be with you all. **Amen**.

NIV 1984: Everyone with me sends you greetings. Greet those who love us in the faith. Grace be with you all.

NIV 2011: Everyone with me sends you greetings. Greet those who love us in the faith. Grace be with you all.

1841: Allir, sem hjá mér eru, heilsa þér. Heilsa þú öllum trúuðum, sem elska oss. Náð sé með yður öllum!

1908: Allir, sem hjá mér eru, senda þér kveðju. Heilsa þeim, sem oss elska í trú. Náð sé með yður öllum.

1981: Allir, sem hjá mér eru, senda þér kveðju. Heilsa þeim, sem oss elska í trú. Náð sé með yður öllum.

2007: Allir sem hjá mér eru senda þér kveðju. Heilsa þeim sem í trúnni elska mig.- Náð sé með yður öllum.

FÍLEMON

1:6 *Jesús fjarlægður*

NT ODDS: það að þín trúa, hverja vér sameiginlega höfum, verði kröftug í þér fyrir viðurkenning alls hins góða sem þér hafið í **Kristo Jesú**.

GUÐBRANDS: það að þín trúa, hverja vér sameiginlega höfum, verði kröftug í þér fyrir viðurkenning alls hins góða sem þér hafið í **Christo Jesú**.

KJV: That the communication of thy faith may become effectual by the acknowledging of every good thing which is in you in **Christ Jesus**.

NIV 1984: I pray that you may be active in sharing your faith, so that you will have a full understanding of every good thing we have in **Christ**.

NIV 2011: pray that your partnership with us in the faith may be effective in deepening your understanding of every good thing we share for the sake of **Christ**.

1841: (og óska eg), að hluttekning í trúrækni þinni, ásamt með viðurkenningu alls hins góða, sem oss hefir hlotnast, auðsýni sig kröftuga fyrir **Jesúm Krist.**

1908: að samfélag trúar þinnar verði mikilvirkt fyrir **Krist** í þekking alls hins góða, sem með yður býr.

1981: Ég bið þess, að trú þín, sem þú átt með oss, verði mikilvirk í þekkingunni á öllu því góða, sem tilheyrir **Kristi**.

2007: Ég bið að það sem þú átt og gefur í trúnni styrki þig til þess að skilja allt hið góða sem veitist í **Kristi**.

1:12

Páll er að biðja þá að taka við honum líkt og honum sjálfum

NT ODDS: hvern eg sendi þér nú aftur, **en þú vildir hann meðtaka sem mitt hjarta.**
GUÐBRANDS: Hvern eg sendi þér nú aftur **en þú vildir hann meðtaka sem mitt hjarta**
KJV: Whom I have sent again: **thou therefore receive him, that is, mine own bowels:**
NIV 1984: I am sending him**--who is my very heart**--back to you.
NIV 2011: I am sending him**—who is my very heart—**back to you.
1841: taktú honum vel; **hann er hjartað í mér.**
1908: einmitt hann sendi eg nú til þín aftur, **og er hann hjartað í brjósti mér.**
1981: Ég sendi hann til þín aftur, **og er hann þó sem hjartað í brjósti mér**
2007: Ég sendi hann til þín aftur **og er hann þó sem hjartað í brjósti mér.**

1:20 *Kristi bætt við*

NT ODDS: Minn kæri bróðir, unn mér þess það eg endurnæri mig á þér í **Drottni**, endurnær þú mitt hjarta **í Drottni**.
GUÐBRANDS: Minn kæri bróðir, unn mér þess það eg endurnæri mig á þér í **Drottni**. Endurnær þú mitt hjarta **í Drottni**.
KJV: Yea, brother, let me have joy of thee in the Lord: refresh my bowels **in the Lord**.
NIV 1984: 0I do wish, brother, that I may have some benefit from you in the **Lord**; refresh my heart **in Christ**.
NIV 2011: I do wish, brother, that I may have some benefit from you in the **Lord**; refresh my heart in **Christ**.
1841: Já, lát mig njóta þess, bróðir! að þú ert orðinn **Drottins**; endurnær hjarta mitt **fyrir Krists** skuld.
1908: Já, bróðir, unn mér gagns af þér í drotni, endurnær hjarta **mitt í Kristi**.
1981: Já, bróðir, unn mér gagns af þér vegna **Drottins**, endurnær hjarta mitt **sakir Krists**.
2007: Já, bróðir, unn mér gagns af þér vegna **Drottins**, endurnær hjarta mitt **sakir Krists**.

1:25

NT ODDS: Náð vors Drottins Jesú Kristi sé með yðrum anda. **AMEN**.
GUÐBRANDS: Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yðrum anda. **A M E N.**
KJV: he grace of our Lord Jesus Christ be with your spirit. **Amen**.
NIV 1984: The grace of the Lord Jesus Christ be with your spirit.
2007: Og ég leit upp og sjá: Bleikur hestur og sá er á honum sat hét Dauði, **og Hel** var í för með honum. Þeim var gefið vald yfir fjórða hluta jarðarinnar og áttu að deyða mennina í styrjöldum, í hungursneyð og drepsóttum og láta menn farast fyrir villidýrum jarðarinnar

6:17

Hans reiði breytt í þeirra og svo er eins og 2007 sé með allt annan texta
NT ODDS: því að hinn mikli dagur **hans reiði er kominn**, hver fær staðið?
GUÐBRANDS: Því að hinn mikli dagur **hans reiði er kominn**. Hver fær staðið?“
KJV: For the great day of **his wrath is come**; and who shall be able to stand?
NIV 1984: For the great **day of their wrath has come**, and who can stand?"
NIV 2011: For the great day of **their**[g] **wrath has come**, and who can withstand it?”
[g]Some manuscripts his
1841: því nú er kominn sá mikli dagur **hans reiði**; hver fær nú staðist?
1908: því að kominn er dagurinn, hinn mikli dagur **reiði þeirra**, og hver mun geta staðist?
1981: því að kominn er dagurinn, hinn mikli dagur **reiði þeirra**, og hver mun geta staðist?“
2007: Hinn mikli dagur er kominn þegar sá sem í hásætinu situr **og lambið birta reiði sína** og hver mun þá geta staðist?“

8:13 *Engill breytt í örn*

NT ODDS: Og eg sá **einn engil** fljúga mitt í gegnum himininn og segja með hárri raust: Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa fram yfir hinar aðrar raddir básúnsins þeirra þriggja engla sem enn skyldu básúna.
GUÐBRANDS: Og eg sá **einn engil** fljúga mitt í gegnum himininn og segja með hárri raust: „Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa fram yfir aðrar raddir básúnsins, þeirra þriggja engla sem enn skyldu básúna!“
KJV: And I beheld, and heard **an angel** flying through the midst of heaven, saying with a loud voice, Woe, woe, woe, to the inhabiters of the earth by reason of the other voices of the trumpet of the three angels, which are yet to sound!
NIV 1984: As I watched, I heard **an eagle** that was flying in midair call out in a loud voice: "Woe! Woe! Woe to the inhabitants of the earth, because of the trumpet blasts about to be sounded by the other three angels!"
NIV 2011: As I watched, I heard **an eagle** that was flying in midair call out in a loud voice: “Woe! Woe! Woe to the inhabitants of the earth, because of the trumpet blasts about to be sounded by the other three angels!”
1841: Síðan sá eg og heyrði **einn örn** fljúga um miðhimininn, hann kallaði hárri röddu: vei, vei, vei! þeim, sem á jörðu búa, vegna lúðursþyts hinna þriggja engla, sem hér eftir munu básúna
1908: Og eg sá og heyrði **örn einn** fljúga um miðhimininn, segjandi hárri röddu: Vei, vei, vei þeim, sein á jörðu búa, af völdum lúðurhljómanna, sem eftir eru, englanna þriggja, sem eiga eftir að básúna.
1981: Þá sá ég og heyrði **örn einn** fljúga um háhvolf himins. Hann kallaði hárri röddu: „Vei, vei, vei þeim, sem á jörðu búa, vegna lúðurhljóma englanna þriggja, sem eiga eftir að básúna.
2007: Þá leit ég upp og heyrði **örn einn** fljúga um háhvolf himins. Hann kallaði hárri röddu: „Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa vegna lúðurþyts englanna þriggja sem eiga eftir að básúna.“

10:4

Smáatriði en það var tekið fram að röddin talaði til hans

NT ODDS: Og þá þær sjö reiðarþrumur höfðu talað sínar raustir, vilda eg hafa skrifað þær. Þá heyrða eg rödd af himni **segja til mín**: Merk þú hvað þær sjö reiðarþrumur hafa talað og skrifa þær eigi.

GUÐBRANDS: Og þá þær sjö reiðarþrumur höfðu talað sínar raustir vilda eg hafa skrifað þær. Þá heyrða eg rödd af **himni segja til mín**: „Merk þú hvað þær sjö reiðarþrumur hafa talað og skrifa það ekki.“

KJV: And when the seven thunders had uttered their voices, I was about to write: and I heard a voice from heaven **saying unto me**, Seal up those things which the seven thunders uttered, and write them not.

NIV 1984: And when the seven thunders spoke, I was about to write; but I heard a voice from heaven **say**, "Seal up what the seven thunders have said and do not write it down."

NIV 2011: And when the seven thunders spoke, I was about to write; but I heard a voice from heaven say, “Seal up what the seven thunders have said and do not write it down.”

1841: En þá þær sjö þrumur höfðu talað, ætlaði eg að fara að skrifa; þá heyrði eg rödd af himni, **sem sagði**: innsigla þú það, sem þær sjö reiðarþrumur hafa talað, og skrifa það ekki.

1908: Og er þrumurnar sjö höfðu talað, ætlaði eg að fara að rita, og eg heyrði rödd af himni, **sem sagði**: Innsigla þú það sem þrumurnar sjö töluðu. og rita það ekki.

1981: Og er þrumurnar sjö höfðu talað, ætlaði ég að fara að rita. Þá heyrði ég rödd af himni, **sem sagði**: „Innsigla þú það, sem þrumurnar sjö töluðu, og rita það ekki.“

2007: Þegar ég ætlaði að fara að skrifa það sem þrumurnar sögðu heyrði ég rödd af himni **sem sagði:** „Geymdu með sjálfum þér það sem þrumurnar sjö töluðu og rita það ekki.“

10:5

Mjög skrítið að taka fram að hann hóf upp hægri hönd sína þar sem hér er klárlega viðbót í textan.

NT ODDS: Og engillinn, hvern eg sá standa á sjónum og á jörðunni, hóf upp **sína hönd** til himins

GUÐBRANDS: Og engillinn, hvern eg sá standa á sjónum og á jörðunni, hóf upp **sína hönd** til himins

KJV: And the angel which I saw stand upon the sea and upon the earth lifted **up his hand** to heaven,

NIV 1984: Then the angel I had seen standing on the sea and on the land raised **his right hand** to heaven.

NIV 2011: Then the angel I had seen standing on the sea and on the land raised **his right hand** to heaven.

1841: Sá engill, sem eg sá standa á sjónum og jörðunni, hóf þá upp sína **hægri hönd** til himins,

1908: Og engillinn, sem eg sá standa á hafinu og á jörðinni, hóf upp **hœgri hönd** sina lil himins,

1981: Og engillinn, sem ég sá standa á hafinu og á jörðinni, hóf upp **hægri hönd** sína til himins

2007: Og engillinn, sem ég sá standa á hafinu og á jörðunni, hóf upp **hægri hönd** sína til himins

11:1

Því miður þá vantar engilinn í allar íslenskar þýðingar

NT ODDS: Og mér varð gefinn reyrleggur líka sem hrísla **og sagði**: Statt upp og mæl mustéri Guðs og altarið og þá sem þar inni tilbiðja.

GUÐBRANDS: Og mér varð gefinn reyrleggur, líka sem stafur, **og sagði**: „Statt upp og mæl musteri Guðs og altarið og þá sem þar inni tilbiðja.

KJV: And there was given me a reed like unto a rod: **and the angel stood**, saying, Rise, and measure the temple of God, and the altar, and them that worship therein.

NIV 1984: I was given a reed like a measuring rod **and was told**, "Go and measure the temple of God and the altar, and count the worshipers there.

NIV 2011: I was given a reed like a measuring **rod and was told**, “Go and measure the temple of God and the altar, with its worshipers

1841: Mér var fenginn reyrleggur, líkur staf, **með þessum ummælum**: statt upp og mæl

musteri Guðs og altarið og þá, sem biðjast þar fyrir.
1908: Og mér var fenginn reyrleggur, líkur staf, **og sagt var**: Rís upp og mæl musteri Guðs og altarið og þá sem þar tilbiðja.
1981: Mér var fenginn reyrleggur, líkur staf, **og sagt var**: „Rís upp og mæl musteri Guðs og altarið og teldu þá, sem þar tilbiðja
2007: Mér var fengin mælistika, lík staf, **og sagt**: „Rís upp, mæl musteri Guðs og altarið og tel þau sem tilbiðja þar.

11:4 *Guð jarðarinnar breytt í Drottinn*

NT ODDS: Þessir eru tvö viðsmjörstré og tveir ljósastjakar, standandi fyrir augliti **Guðs jarðarinnar**
GUÐBRANDS: Þessi eru tvö viðsmjörstré og tveir ljósastjakar, standandi fyrir augliti **Guðs jarðarinnar**.
KJV: These are the two olive trees, and the two candlesticks standing before the **God of the earth**.
NIV 1984: These are the two olive trees and the two lampstands that stand before the **Lord of the earth**.
NIV 2011: They are "the two olive trees" and the two lampstands, and "they stand before the **Lord of the earth**."
1841: Þetta eru þær tvær viðsmjörsviðargreinir og þeir tveir ljósastjakar, sem standa frammi fyrir **Drottni jarðarinnar**.
1908: Þetta eru olíuviðirnir tveir og ljósastikurnar tvær, sem standa frammi fyrir **drotni jarðarinnar**.
1981: Þetta eru olíuviðirnir tveir og ljósastikurnar tvær, sem standa frammi fyrir **Drottni jarðarinnar**
2007: Þetta eru olíuviðirnir tveir og ljósastikurnar tvær sem standa frammi fyrir **Drottni jarðarinnar**.

11:17

og sá þú tilkomandi ert *fjarlægt*

NT ODDS: og sögðu: Vér þökkum þér Drottinn Guð Almáttugur, **sá þú ert og sá þú vart og sá þú tilkomandi ert** því að þú hefir meðtekið þinn mikla kraft og ríkir.
GUÐBRANDS: og sögðu: „Vér þökkum þér, Drottinn Guð Almáttugur, **sá þú ert og sá þú vart og sá þú tilkomandi ert**, því að þú hefur meðtekið þinn mikla kraft og ríkir.
KJV: Saying, We give thee thanks, O Lord God Almighty, **which art**, **and wast, and art to come;** because thou hast taken to thee thy great power, and hast reigned.
NIV 1984: saying: "We give thanks to you, Lord God Almighty, the **One who is and who was,** because you have taken your great power and have begun to reign.
NIV 2011: saying:"We give thanks to you, Lord God Almighty, **the One who is and who was,** because you have taken your great power and have begun to reign.
1841: vér þökkum þér, Drottinn Guð alvaldi, **þú, sem ert og varst,** fyrir það að þú hefir tekið þitt mikla veldi, og ríkir.
1908: Vér þökkum þér, drottinn Guð, þú alvaldi, **þú sem ert og þú sem varst,** að þú hefir tekið máttinn þinn hinn mikla og gjörst konungur.
1981: og sögðu: Vér þökkum þér, Drottinn Guð, þú alvaldi, **þú sem ert og þú sem varst**, að þú hefur tekið valdið þitt hið mikla og gjörst konungur.
2007: og sögðu: Vér þökkum þér, Drottinn Guð, þú alvaldi, **þú sem ert og þú sem varst,** að þú hefur tekið valdið þitt hið mikla og gerst konungur.

12:12

Vei þeim sem á jörðu búa breytt í vei sé jörðinni

NT ODDS: Þar fyrir gleðjist þér himnar og þér sem þar inni byggið. **Vei þeim sem á jörðu búa** og á sjónum því að djöfullinn stígur ofan til yðar, hafandi reiði mikla, og veit það hann hefir stuttan tíma
GUÐBRANDS: Þar fyrir gleðjist, þér himnar og þér sem þar inni byggið! **Vei þeim á jörðu búa** og á sjónum, því að djöfullinn stígur ofan til yðar, hafandi reiði mikla, og veit það hann hefur stuttan tíma.
KJV: Therefore rejoice, ye heavens, and ye that dwell in them. **Woe to the inhabiters of the earth** and of the sea! for the devil is come down unto you, having great wrath, because he knoweth that he hath but a short time.
NIV 1984: Therefore rejoice, you heavens and you who dwell in them! **But woe to the earth** and the sea, because the devil has gone down to you! He is filled with fury, because he knows that his time is short."
NIV 2011: Therefore rejoice, you heavens and you who dwell in them! **But woe to the earth** and the sea, because the devil has gone

down to you! He is filled with fury, because he knows that his time is short."
1841: Verið þess vegna glaðir, þér himnar, og þér, sem á himnum búið. **Vei sé jörðunni** og sjónum, því að djöfullinn er ofan til yðar farinn í miklum móð, því hann veit, að hann hefir nauman tíma.
1908: Fagnið því, himnar og þér sem í þeim búið. **Vei sé jörðinni** og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar i miklum móð, því að hann veit, að hann hefir nauman tíma
1981: Fagnið því himnar og þér sem í þeim búið. **Vei sé jörðunni** og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefur nauman tíma."
2007: Fagnið því, himnar og þér sem í þeim búið. **Vei sé jörðunni** og hafinu því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð því að hann veit að hann hefur nauman tíma.

12:17

Kristur fjarlægður úr mjög mikilvægu versi
NT ODDS: Og drekinn reiddist konunni og gekk burt að berjast við þá sem yfir voru af hennar sæði, þeir Guðs boðorð varðveita **og hafa vitnisburð Jesú Kristi**
GUÐBRANDS: Og drekinn reiddist konunni og gekk burt að berjast við þá sem eftir voru af hennar sæði, þeir eð Guðs boðorð varðveita **og hafa vitnisburð Jesú Christi**
KJV: And the dragon was wroth with the woman, and went to make war with the remnant of her seed, which keep the comandments of God, and have **the testimony of Jesus Christ**.
NIV 1984: Then the dragon was enraged at the woman and went off to make war against the rest of her offspring--those who obey God's commandments and hold to the **testimony of Jesus.**
NIV 2011: Then the dragon was enraged at the woman and went off to wage war against the rest of her offspring—those who keep God's commands and hold fast **their testimony about Jesus**.
1841: Þá reiddist drekinn við konuna, og fór burt til að herja á hina af afkomendum hennar, sem varðveittu Guðs boðorð og **höfðu Jesú vitnisburð**
1908: Og drelcinn reiddist konunni, og fór burt, til þess að heyja stríð við hina aðra afkomendur hennar, þá er varðveita boð Guðs **og hafa vitnisburð Jesú.**
1981: Þá reiddist drekinn konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra afkomendur hennar, þá er varðveita boð Guðs **og hafa vitnisburð Jesú**.
2007: Þá reiddist drekinn konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra afkomendur hennar þá er varðveita orð Guðs **og hafa vitnisburð Jesú.**

13:10

Hér er versi gjörbreytt, sá sem handtekur aðra verður handtekin er breytt í sá sem á að vera handtekin verður handtekin, alls ekki sami hluturinn, hér er dómur yfir þeim sem fara illa með aðra
NT ODDS: **Ef einhver í herleiðing leiðir, sá man í herleiðingu ganga**. Ef nokkur í hel slær með sverði, sá hlýtur með sverði í hel sleginn að verða. Hér er þolinmæði og trú heilagra.
GUÐBRANDS: **Ef einhver í herleiðing leiðir sá man í herleiðingu ganga.** Ef nokkur í hel slær með sverði, sá hlýtur með verði í hel sleginn að verða. Hér er þolinmæði og trú heilagra.
KJV: **He that leadeth into captivity shall go into captivity**: he that killeth with the sword must be killed with the sword. Here is the patience and the faith of the saints.
NIV 1984: **If anyone is to go into captivity, into captivity he will go.** If anyone is to be killed with the sword, with the sword he will be killed. This calls for patient endurance and faithfulness on the part of the saints.
NIV 2011:"**If anyone is to go into captivity, into captivity they will go**. If anyone is to be killed with the sword, with the sword they will be killed." This calls for patient endurance and faithfulness on the part of God's people.
1841: **Hvör, sem herleiðir, hann skal herleiddur verða;** hvör, sem með sverði drepur, skal með sverði drepinn verða. Hér reynir á þolgæði og trú heilagra.
1908: **Ef einhver herleiðir, skal hann herleiddur verða;** ef einhver deyðir með sverði, skal hann með sverði deyddur verða. Hér reynir á þolgæði og trú hinna heilögu
1981: **Sá sem ætlaður er til herleiðingar verður herleiddur.** Sá sem sverði er ætlaður verður deyddur með sverði. Hér reynir á þolgæði og trú hinna heilögu
2007: Sá sem ánauð er ætluð fer í ánauð, sá sem ætlað er að falla fyrir sverði verður

með sverði felldur. Hér reynir á þolgæði og trú hinna heilögu.

14:5

Rækileg stytting á þessu versi

NT ODDS: Og í þeirra munni er engin lygi fundin **því að þeir eru utan flekkan frammi fyrir stóli Guðs**

GUÐBRANDS: og í þeirra munni er engin lygi fundin **því að þeir eru utan flekkan frammi fyrir stóli Guðs.**

KJV: And in their mouth was found no guile: **for they are without fault before the throne of God.**

NIV 2011: No lie was found in their mouths; they are blameless.

1841: Í þeirra munni finnst engin lygi; þeir eru lýtalausir.

1908: Og í munni þeirra var enga lygi að finna; þeir eru lýtalausir

1981: Og í munni þeirra var enga lygi að finna, þeir eru lýtalausir.

2007: Og í munni þeirra var enga lygi að finna, þeir eru lýtalausir.

14:9

Merki Dýrsis breytt

Kjv er eina sem bendir á að merkið fer inn í höfuðið eða höndin, áhersla á INN Í. Odds og Guðbrands segja í enni eða á hönd, sem er að hálfu rétt, en seinni breyta þessu alfarið í á enni eða á hönd.

NT ODDS: Og hinn þriðji engill fylgdi þessum eftir og sagði með hárri raust: Ef nokkur tilbiður dýrið og þess mynd og meðtekur það auðkenningarmerki **í sitt enni eður á sína hönd,**

GUÐBRANDS: Og hinn þriðji engill fylgdi honum eftir og sagði með hárri raust: „Ef nokkur tilbiður dýrið og þess mynd og meðtekur það auðkenningarmerki **í sitt enni eður á sína hönd**

KJV: And the third angel followed them, saying with a loud voice, If any man worship the beast and his image, and receive his mark **in his forehead, or in his hand,**

NIV 1984: A third angel followed them and said in a loud voice: "If anyone worships the beast and his image and receives his mark **on the forehead or on the hand**

NIV 2011: A third angel followed them and said in a loud voice: “If anyone worships the beast and its image and receives its mark **on their forehead or on their hand,**

1841: Þar á eftir kom hinn þriðji engill, sem sagði hárri röddu: hvör, sem tilbiður dýrið og þess líkneskju og lætur merkja sig **á sínu enni eða hönd,**

1908: Og annar engill, hinn þriðji, kom á eftir þeim og sagði hárri röddu: Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess, **og fær merki á enni sitt eða hönd sína**

1981: Á eftir þeim kom hinn þriðji engill og sagði hárri röddu: „Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess og fær merki **á enni sitt eða hönd sína**,

2007: Á eftir þeim kom þriðji engillinn og sagði hárri röddu: „Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess og lætur setja merki þess **á enni sér eða hönd,**

15:2 *Þeir sigruðu líka merkið*

NT ODDS: Og eg sá svo sem glersjó eldi mengaðan og þá sem sigrað höfðu dýrið **og þess mynd** og tölu þess nafns það þeir stóðu á glersjónum og höfðu hörpur Guðs

GUÐBRANDS: Og eg sá so sem glersjó eldi mengaðan og þá sem sigrað höfðu dýrið og þess mynd **og þess teikn** og tölu þess nafns það þeir stóðu á glersjónum og höfðu hörpur Guðs

KJV: And I saw as it were a sea of glass mingled with fire: and them that had gotten the victory over the beast, and over his image, **and over his mark**, and over the number of his name, stand on the sea of glass, having the harps of God.

NIV 1984: And I saw what looked like a sea of glass mixed with fire and, standing beside the sea, those who had been victorious over the beast and his image and over the number of his name. They held harps given them by God

NIV 2011: And I saw what looked like a sea of glass glowing with fire and, standing beside the sea, those who had been victorious over the beast and its image and over the number of its name. They held harps given them by God

1841: Eg sá eins og glersjó eldi blandinn, og þá , sem sigrað höfðu dýrið og þess líkneskju og tölu nafns þess, standa við glersjóinn , með hörpur Guðs í höndum sér.

1908: Og eg leit sem glerhaf eldi blandið, og þá, sem unnið höfðu sigur á dýrinu og á

líkneski þess og á tölu nafns þess, standa við glerhafið og halda á hörpum Guðs
1981: Og ég leit sem glerhaf eldi blandið, og ég sá þá, sem unnið höfðu sigur á dýrinu og líkneski þess og á tölu nafns þess, standa við glerhafið og halda á hörpum Guðs.
2007: Og ég leit sem glerhaf eldi blandið. Þeir sem höfðu unnið sigur á dýrinu og líkneski þess, og létu töluna sem táknar nafn þess ekki villa um fyrir sér, stóðu við glerhafið og héldu á hörpum Guðs.

15:3

Hann er hvorki konungur alda eða þjóða heldur Heilagra
NT ODDS: og sungu lofsöng Moysi, Guðs þénustumanns, og lofsöng Lambsins, segjandi: Mikil og undarleg eru þín verk, Drottinn Guð Almáttugur, réttvísir og sannarlegir eru þínir vegir, þú **Konungur heilagra**.
GUÐBRANDS: og sungu lofsöng Móses, Guðs þénustumanns, og lofsöng Lambsins, segjandi: „Mikil og undarleg eru þín verk, Drottinn Guð Almáttigur, réttvísir og sannarlegir eru þínir vegir, þú **konungur heilagra**.
KJV: And they sing the song of Moses the servant of God, and the song of the Lamb, saying, Great and marvellous are thy works, Lord God Almighty; just and true are thy ways, **thou King of saints.**
NIV 1984: and sang the song of Moses the servant of God and the song of the Lamb: "Great and marvelous are your deeds, Lord God Almighty. Just and true are your way**s, King of the ages.**
NIV 2011: and sang the song of God's servant Moses and of the Lamb: "Great and marvelous are your deeds, Lord God Almighty. Just and true are your ways, **King of the nations.**[a]
[a] Some manuscripts **ages**
1841: eir syngja söng Mósis þjónustumanns, og söng lambsins, segjandi:mikil og dásamleg eru þín verk, Drottinn Guð alvaldi , réttvísir og sannir eru þínir vegir, **þjóðanna konungur**!
1908: Og þeir syngja söng Móse, Guðs þjóns, og söng lambsins, segjandi: Mikil og dásamleg eru verkin þín, drottinn Guð, þú alvaldi; réttlátir og sannir ern vegir þinir, **þú konungur aldanna.**
1981: Og þeir syngja söng Móse, Guðs þjóns, og söng lambsins og segja: Mikil og dásamleg eru verkin þín, Drottinn Guð, þú alvaldi, réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú **konungur aldanna**.[a]
[a] Annar lesháttur: **þjóðanna**.
2007: Þeir sungu söng Móse, þjóns Guðs, og söng lambsins: Mikil og dásamleg eru verk þín, Drottinn Guð, þú alvaldi, réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú **konungur aldanna**.[a]
[a] Annar lesháttur: **þjóðanna**.

16:5

Drottinn breytt í "Hinn Heilagi" og munt vera hefur aldrei sést hérlendis
NT ODDS: Og eg heyrða þann engil segja: **Þú Drottinn**, sá sem ert og sá sem vart, þú ert réttlátur og heilagur það þú dæmdir þetta.
GUÐBRANDS: Og eg heyrða þann engil segja: „**Þú Drottinn**, sá sem ert og sá sem vart, þú ert réttlátur og heilagur það þú dæmdir þett
KJV: And I heard the angel of the waters say, Thou art righteous, **O Lord**, which art, and wast, **and shalt be**, because thou hast judged thus.
NIV 1984: Then I heard the angel in charge of the waters say: "You are just in these judgments, you who are and who were, the **Holy One**, because you have so judged;
NIV 2011: Then I heard the angel in charge of the waters say "You are just in these judgments, **O Holy One**, you who are and who were;
1841: Eg heyrði engil vatnanna segja: réttvís ertú , sem ert og varst, **þú hinn heilagi**! að þú hefir dæmt þannig;
1908: Og eg heyrði engil vatnanna segja: Réttlátur ert þú, þú sem ert og þú sem varst, **þú hinn heilagi**, að þú hefir dæmt þannig;
1981: Og ég heyrði engil vatnanna segja: „Réttlátur ert þú, að þú hefur dæmt þannig, þú sem ert og þú sem varst, **þú hinn heilagi**.
2007: Og ég heyrði engil vatnanna segja: „Réttlátur ert þú að þú hefur dæmt þannig, þú sem ert og þú sem varst, **þú hinn heilagi.**

16:7 *Og ég heyrði annan fjarlægt, nú er eins og það komi bara rödd frá altarinu*

NT ODDS: **Og eg heyrða annan engil af altarinu segja**: Já, Drottinn Guð almáttugur, sannir og réttvísir eru þínir dómar.
GUÐBRANDS: **Og eg heyrða annan engil af altarinu segja:** „Já, Drottinn Almáttugur, sannir og réttvísir eru þínir dómar.“

KJV: **And I heard another out of the altar say**, Even so, Lord God Almighty, true and righteous are thy judgments.
NIV 1984: **And I heard the altar respond**: "Yes, Lord God Almighty, true and just are your judgments."
NIV 2011: **And I heard the altar respond:** "Yes, Lord God Almighty, true and just are your judgments.
1841: **Þá heyrði eg talað frá altarinu:** já, Drottinn Guð alvaldi! sannir og réttvísir eru þínir dómar
1908: **Og eg heyrði altarið segja:** Já, drottinn Guð, þú alvaldi, sannir og réttlátir eru dómar þínir.
1981: **Og ég heyrði altarið segja:** „Já, Drottinn Guð, þú alvaldi, sannir og réttlátir eru dómar þínir.“
2007: Og ég heyrði rödd frá altarinu segja: „Drottinn Guð, þú alvaldi, sannir og réttlátir eru dómar þínir.“

16:17

Himnar fjarlægðir
NT ODDS: Og sá sjöundi engill hellti út sinni skálu í veðrið, og þar gekk út rödd **af himni** úr stólnum sem sagði: Það er skeð.
GUÐBRANDS: Og sá sjöundi engill hellti út sinni skálu í veðrið. Og þar gekk út **rödd af himni** úr stólnum sem sagði: „Það er skeð.“
KJV: And the seventh angel poured out his vial into the air; and there came a great voice out of the temple **of heaven**, from the throne, saying, It is done.
NIV 2011: The seventh angel poured out his bowl into the air, and out of the temple came a loud voice from the throne, saying, “It is done!”
1841: Sá sjöundi hellti úr sinni skál út í loftið; þá gekk raust mikil út af musteri **himinsins** frá hásætinu, sem sagði: það er skeð;
1908: Og hinn sjöundi helti úr sinni skál yfir loftið, og raust mikil kom út úr musterinu, frá hásætinu, segjandi: Það er skeð
1981: Og hinn sjöundi hellti úr sinni skál yfir loftið og raust mikil kom út úr musterinu, frá hásætinu og sagði: Það er fram komið.
2007: Sjöundi engillinn hellti úr sinni skál yfir loftið og raust mikil kom út úr musterinu, frá hásætinu, og sagði: „Það er fram komið.“

17:8 *Endinum breytt*

NT ODDS: Það dýr sem þú hefir séð, það var og er eigi og mun upp aftur koma af undirdjúpinu og man svo fara í fyrirdæmingina. Og þeir sem á jörðu búa, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni í frá upphafi veraldar, munu undrast nær þeir sjá dýrið, **það er var og eigi er, hvert að þó er**
GUÐBRANDS:Það dýr sem þú hefur séð það var og er eigi og mun upp aftur koma af undirdjúpinu og mun svo fara í fyrirdæmingina. Og þeir sem á jörðu búa, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni í frá upphafi veraldar, munu undrast nær þeir sjá dýrið **það er var og eigi er, hvert þó er.**
KJV: The beast that thou sawest was, and is not; and shall ascend out of the bottomless pit, and go into perdition: and they that dwell on the earth shall wonder, whose names were not written in the book of life from the foundation of the world, when they behold the beast **that was, and is not**, **and yet is.**
NIV 1984: The beast, which you saw, once was, now is not, and will come up out of the Abyss and go to his destruction. The inhabitants of the earth whose names have not been written in the book of life from the creation of the world will be astonished when they see the beast, because **he once was, now is not, and yet will come**
NIV 2011: The beast, which you saw, once was, now is not, and yet will come up out of the Abyss and go to its destruction. The inhabitants of the earth whose names have not been written in the book of life from the creation of the world will be astonished when they see the beast, because it once was, **now is not, and yet will come.**
1841: Dýrið, sem þú sást, var, en er ekki; það mun síðan uppstíga a) frá afgrunninu og tortýnast; þá munu innbúar jarðarinnar b) undrast, hvörra nöfn ekki hafa verið skrifuð í c) lífsins bók frá upphafi heimsins, þá þeir sjá, að dýrið, sem áður var, **er ekki framar til**, **en kemur þó aftur**. Hér ríður á hugskoti, sem hefir speki.
1908: Dýrið, sem þú sást, var og er ekki, og það mun stíga upp frá undirdjúpinu og ganga til glötunar. Og þeir sem á jörðu búa, þeir, hverra nöfn ekki hafa verið skrifuð i lífsins bók frá grundvöllun veraldar, munu undrast, er þeir sjá dýrið, að það var, **og er ekki, og kemur fram**.

1981: Dýrið, sem þú sást, var, en er ekki, og það mun stíga upp frá undirdjúpinu og fara til glötunar. Og þeir, sem á jörðu búa, þeir, sem eiga ekki nöfn sín skrifuð í lífsins bók frá grundvöllun veraldar, munu undrast, er þeir sjá dýrið sem var **og er ekki og kemur aftur**.
2007: Dýrið, sem þú sást, var, en er ekki, og það mun stíga upp frá undirdjúpinu og fara til glötunar. Og þeir sem á jörðu búa og eiga ekki frá grundvöllun veraldar nöfn sín skráð í lífsins bók munu undrast er þeir sjá dýrið sem var **og er ekki og kemur aftur**.

17:16 *Hornin tíu eru á dýrinu*

NT ODDS: **Og þau tíu hornin sem þú hefir séð á dýrinu**, þau munu hata hórkonuna og munu hana sneyða og nökta gjöra og munu hennar hold eta og hana með eldi brenna
GUÐBRANDS: **Og þau tíu hornin sem þú hefur séð á dýrinu** þau munu hata hórkonuna og munu hana sneyða og nakta gjöra og munu hennar hold eta og hana með eldi brenna.
KJV: **And the ten horns which thou sawest upon the beast,** these shall hate the whore, and shall make her desolate and naked, and shall eat her flesh, and burn her with fire.
NIV 1984: **The beast and the ten horns you saw** will hate the prostitute. They will bring her to ruin and leave her naked; they will eat her flesh and burn her with fire.
NIV 2011: The beast and the ten horns you saw will hate the prostitute. They will bring her to ruin and leave her naked; they will eat her flesh and burn her with fire.
1841: **En þau tíu horn, sem þú sást, og dýrið** munu hata skækjuna, eyðileggja hana, gjöra klæðlausa, eta hold hennar og brenna hana sjálfa í eldi.
1908: **Og hornin tíu, sem þú sást, og dýrið**, munu hata skækjuna og munu gjöra hana einmana og nakta og eta hold hennar og munu brenna hana í eldi
1981: **Og hornin tíu, sem þú sást, og dýrið**, munu hata skækjuna og gjöra hana einmana og nakta, eta hold hennar og brenna hana í eldi,
2007: **Og hornin tíu, sem þú sást, og dýrið** munu hata skækjuna og svipta hana öllu og skilja hana eftir nakta. Þau munu eta hold hennar og brenna hana í eldi

18:2

Máttur eða vald minnkað í þessu versi
NT ODDS: og **kallaði af valdi með hárri rödd** og sagði: Hún er fallin, hún er fallin, Babylon hin mikla og er djöflanna heimkynni vorðin og hirsla alls óhreins anda og hirsla alls óhreins og óþakknæmilegs fugls.
GUÐBRANDS: Og hann **kallaði af valdi með hárri röddu** og sagði: „Hún er fallin, hún er fallin, Babýlon hin mikla, og er djöflanna heimili orðin og hirsla alls óhreins anda og hirsla alls óhreins og óþakknæmilegs fugl
KJV: And he **cried mightily with a strong voice**, saying, Babylon the great is fallen, is fallen, and is become the habitation of devils, and the hold of every foul spirit, and a cage of every unclean and hateful bird.
NIV 1984: With a **mighty voice** he shouted: "Fallen! Fallen is Babylon the Great! She has become a home for demons and a haunt for every evil spirit, a haunt for every unclean and detestable bird.
NIV 2011: With a **mighty voice** he shouted: "'Fallen! Fallen is Babylon the Great!' She has become a dwelling for demons and a haunt for every impure spirit, a haunt for every unclean bird, a haunt for every unclean and detestable animal.
1841: hann **kallaði hárri röddu,** segjandi: hún er fallin, hún er fallin, sú mikla Babýlon, og orðin að h) djöfla heimkynni og fangelsi alls konar óhreinna anda og alls konar óhreinna og viðbjóðslegra fugla,
1908: Og hann **hrópaði með sterkri röddu**, segjandi: Fallin er, fallin er Babýlon liin mikla, og orðin að djöfla heimkynni og fangelsi alls konar óhreinna anda, og fangelsi alls konar óhreinna og viðbjóðslegra fugla,
1981: Og hann **hrópaði með sterkri röddu** og sagði: „Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla og orðin að djöfla heimkynni og fangelsi alls konar óhreinna anda og fangelsi alls konar óhreinna og viðbjóðslegra fugla.
2007: Og hann **hrópaði með sterkri röddu**: „Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla og orðin að heimkynni djöfla og hæli alls konar óhreinna anda og óhreinna og viðbjóðslegra fugla.

19:1

Heiður og Drottinn fjarlægt
NT ODDS: Eftir þetta heyrða eg mikla rödd mikils fjölda á himni, segjandi: Hallelúja,

heilsa og **heiður**, dýrð og kraftur sé **Guði vorum Drottni**.
GUÐBRANDS: Eftir þetta heyrði eg mikla rödd mikils fjölda á himni segjandi: „Halelúja! Heilsa og **heiður**, dýrð og kraftur sé **Guði vorum Drottni**
KJV: And after these things I heard a great voice of much people in heaven, saying, Alleluia; Salvation, and glory, and **honour**, and power, unto the **Lord our God:**
NIV 1984: After this I heard what sounded like the roar of a great multitude in heaven shouting: "Hallelujah! Salvation and glory and power belong **to our God**,
NIV 2011: After this I heard what sounded like the roar of a great multitude in heaven shouting: "Hallelujah! Salvation and glory and power belong **to our God,**
1841: Eftir þetta heyrða eg rödd á himni, eins og mikinn manngný, sem sagði: lofið Drottinn! hjálpræðið, dýrðin og mátturinn tilheyrir **Guði vorum,**
1908: Eftir þetta heyrði eg sem háa rödd mikils fjölda á himni, og sögðu þeir; Hallelúja, hjálpræðið og dýrðin og mátturinn **er Guðs vors,**
1981: Eftir þetta heyrði ég sem sterkan ym mikils fjölda á himni. Þeir sögðu: „Hallelúja! Hjálpræðið og dýrðin og mátturinn **er Guðs vors.**
2007: Eftir þetta heyrði ég sem sterkan ym mikils fjölda á himni. Hann sagði: Hallelúja! Hjálpræðið, dýrðin og mátturinn kemur **frá Guði vorum**.

20:9

Að eldurinn hafi komið frá GUÐI fjarlægt
NT ODDS: og hverjir uppstíga yfir vídd jarðar og umkringja herbúðir heilagra og hina elskulegu borg. **Og eldur kom að ofan frá Guði af himninum og svelgdi þá.**
GUÐBRANDS: Og þeir uppstigu yfir vídd jarðar og umkringdu herbúðir heilagra og hina elskulega borg. **Og eldur kom að ofan frá Guði af himninum og svelgdi þá.**
KJV: And they went up on the breadth of the earth, and compassed the camp of the saints about, and the beloved city: **and fire came down from God out of heaven, and devoured them.**
NIV 1984: They marched across the breadth of the earth and surrounded the camp of God's people, the city he loves. **But fire came down from heaven and devoured them.**
NIV 2011: They marched across the breadth of the earth and surrounded the camp of God's people, the city he loves. **But fire came down from heaven and devoured them.**
1841: Þeir fóru upp á flatlendið og h) umkringdu herbúðir heilagra og i) þá elskuðu borg. **En þá fór eldur af himni ofan, og eyddi þeim.**
1908: Og þeir stigu upp á víðan völl jarðar, og kringdu um herbúðir heilagra og borgina elskuðu; **og eldur féll af himni ofan og eyddi þeim.**
1981: Og þeir stigu upp á víðan völl jarðar og umkringdu herbúðir heilagra og borgina elskuðu. **En eldur féll af himni ofan og eyddi þeim.**
2007: Þær stigu upp á víðan völl jarðar og umkringdu herbúðir heilagra og borgina elskuðu. **En eldur féll af himni ofan og eyddi þeim.**

20:12 *Guð fjarlægður*

NT ODDS: Og eg sá hina dauðu, bæði stóra og smá, **standa fyrir Guðs augliti**, og bækurnar urðu upplátnar. Og önnur bók varð opnuð, hver að er lífsins. Og hinir dauðu urðu dæmdir eftir því sem skrifað er á bókum eftir þeirra verkum.
GUÐBRANDS: Og eg sá hina dauðu, bæði stóra og smá, **standa fyrir Guðs augliti** og bækurnar urðu upplátnar. Og önnur bók varð opnuð hver að er lífsins og hinir dauðu urðu dæmdir eftir því sem skrifað er á bókunum, eftir þeirra verkum.
KJV: And I saw the dead, small and great, **stand before God**; and the books were opened: and another book was opened, which is the book of life: and the dead were judged out of those things which were written in the books, according to their works.
NIV 1984: And I saw the dead, great and small, **standing before the throne**, and books were opened. Another book was opened, which is the book of life. The dead were judged according to what they had done as recorded in the books.
NIV 2011: And I saw the dead, great and small, **standing before the throne**, and books were opened. Another book was opened, which is the book of life. The dead

were judged according to what they had done as recorded in the books.
1841: Eg sá þá dauðu, smáa og stóra, **standa frammi fyrir hásætinu**, og bókunum var lokið upp. Þá var annarri bók lokið upp, það var lífsins bók; og voru þeir dauðu dæmdir eftir þeirra verkum, sem skrifuð voru í bókunum.
1908: Og eg sá þá dauðu, stóra og smáa, **standa frammi fyrir hásætinu**, og bókum var lokið upp. Og annarri bók var lokið upp, og það er lífsins bók, og binir dauðu voru dæmdir, eftir því sem rilað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra.
1981: Og ég sá þá dauðu, stóra og smáa, **standa frammi fyrir hásætinu**, og bókum var lokið upp. Og annarri bók var lokið upp og það er lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra.
2007: Og ég sá þá dauðu, stóra og smáa, **standa frammi fyrir hásætinu** og bókunum var lokið upp. Þá var annarri bókinni lokið upp, það var lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir eftir verkum sínum eins og ritað var í bókunum.

20:13-14

Helvíti breytt í Hel eða Hades
NT ODDS: **13** Og sjórinn gaf fram þá dauðu sem í honum voru, og dauði **og helvíti** gaf upp þá dauðu sem í þeim voru, og þeir urðu dæmdir, hver einn eftir sínum verkum. **14** Og dauði **og helvíti** urðu köstuð í eldsins díki, það er sá annar dauði
GUÐBRANDS: **13** Og sjórinn gaf fram þá dauðu sem í honum voru og dauði **og helvíti** gáfu upp þá dauðu sem í þeim voru og þeir urðu dæmdir, hver einn eftir sínum verkum. **14** Og dauði **og helvíti** urðu köstuð í eldsins díki. Það er sá annar dauði.
KJV: **13** And the sea gave up the dead which were in it; and death **and hell** delivered up the dead which were in them: and they were judged every man according to their works. **14** And death **and hell** were cast into the lake of fire. This is the second death.
NIV 2011: 13 The sea gave up the dead that were in it, and death **and Hades** gave up the dead that were in them, and each person was judged according to what they had done. **14** Then death and **Hades** were thrown into the lake of fire. The lake of fire is the second death.
1841: **13** Sjórinn skilaði aftur þeim dauðu, sem í honum voru, og hvör þeirra var dæmdur eftir sínum verkum. **14** Dauðanum **og helju** var kastað í elddíkið; þetta elddíki er sá annar dauði
1908: **13** Og hafið skilaði hinum dauðu, þeim sem í því voru, og Dauðinn **og Helja** skiluðu þeim dauðu, sem í þeim voru, og einn og sérhver var dæmdur eftir verkum sínum. **14** Og Dauðanum **og Helju** var kastað i eldsdíkið; þetta rr hinn annar dauði, eldsdíkið.
1981: **13** Og hafið skilaði hinum dauðu, þeim sem í því voru, og dauðinn **og Hel** skiluðu þeim dauðu, sem í þeim voru, og sérhver var dæmdur eftir verkum sínum. **14** Og dauðanum **og Helju** var kastað í eldsdíkið. Þetta er hinn annar dauði, eldsdíkið.
2007: **13** Og hafið skilaði hinum dauðu sem í því voru og dauðinn **og hel** skiluðu þeim dauðu sem í þeim voru og sérhver hlaut dóm eftir verkum sínum. **14** Og dauðanum **og helju** var kastað í eldsdíkið. Eldsdíki er hinn annar dauði.

21:3

Röddinn kom frá himni, þessi texti er réttur í Viðeyjarbiblíu 1841
NT ODDS: Og eg heyrði rödd mikla **af stólnum** segja: Sjá, þar tjaldbúð Guðs hjá mönnum, og hann man hjá þeim byggja, og þeir munu hans fólk vera, og Guð sjálfur meður þeim mun þeirra Guð vera.
GUÐBRANDS: Og eg heyrði rödd mikla **af stólnum** segja: „Sjá þar tjaldbúð Guðs hjá mönnum og hann man hjá þeim byggja og þeir munu hans fólk vera og Guð sjálfur meður þeim mun þeirra Guð vera
KJV: And I heard a great voice **out of heaven** saying, Behold, the tabernacle of God is with men, and he will dwell with them, and they shall be his people, and God himself shall be with them, and be their God.
NIV 1984: And I heard a loud voice **from the throne** saying, "Now the dwelling of God is with men, and he will live with them. They will be his people, and God himself will be with them and be their God.
NIV 2011: And I heard a loud voice **from the throne** saying, “Look! God’s dwelling place is now among the people, and he will dwell with them. They will be his people,

and God himself will be with them and be their God

1841: Eg heyrði mikla rödd **af himni** segjandi: þetta er x) tjaldbúð Guðs meðal mannanna, y) hjá þeim mun hann bústað hafa, og þeir skulu vera hans fólk, og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, og vera þeirra Guð.

1908: Og cg heyrði raust mikla **frá hásætinu**, wr sagði: Sjá, tjaldbúð Guðs er meðal mannanna, og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera fólk hans, og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, Guð þeirra.

1981:Og ég heyrði raust mikla **frá hásætinu**, er sagði: „Sjá, tjaldbúð Guðs er meðal mannanna og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera fólk hans og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, Guð þeirra

2007: Og ég heyrði raust mikla **frá hásætinu** er sagði: „Sjá, tjaldbúð Guðs er meðal mannanna og hann mun búa hjá þeim og þeir munu vera fólk hans og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, Guð þeirra

21:4

Guð mun þerra öll tár

NT ODDS: **Og Guð mun þerra öll tár af þeirra augum.** Dauði man eigi meir vera, eigi harmur né kveinan eða hryggð mun meir vera, því að hið fyrsta er umliðið.

GUÐBRANDS: **Og Guð mun þerra öll tár af þeirra augum.** Dauðinn mun eigi meir vera, eigi harmur né kveinan eða hryggð mun meir vera því að hið fyrsta er umliðið.“

KJV: **And God shall wipe away all tears from their eyes;** and there shall be no more death, neither sorrow, nor crying, neither shall there be any more pain: for the former things are passed away.

NIV 1984: **He will wipe every tear from their eyes.** There will be no more death or mourning or crying or pain, for the old order of things has passed away."

NIV 2011: **He will wipe every tear from their eyes.** There will be no more death’ or mourning or crying or pain, for the old order of things has passed away.”

1841: **Hann mun þerra hvört tár af þeirra augum,** og dauðinn mun ekki framar til vera; hvörki þ) harmur, né vein, né mæða mun framar til vera, því það a) fyrra er farið.

1908: **Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra**, og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein, né kvöl er framar til; hið fyrra er farið.

1981: **Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra.** Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til. Hið fyrra er farið.“

2007: **Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra.** Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til. Hið fyrra er farið.“

21:24

Og þjóðirnar sem hjálpast eða hólpnar verða, þær munu ganga í sama ljósi, ekki allar þjóðir eins og seinni útgáfur vilja gefa í skyn

NT ODDS: **Og þær þjóðir sem hjálpast, ganga í því sama ljósi,** og konungar á jörðu munu innflytja sína dýrð í þá hina söm

GUÐBRANDS: **Og þær þjóðir sem hólpnar verða ganga í því sama ljósi** og konungar á jörðu munu innflytja sína dýrð í þá hina sömu

KJV: **And the nations of them which are saved shall walk in the light of it:** and the kings of the earth do bring their glory and honour into it.

NIV 1984: **The nations will walk by its light,** and the kings of the earth will bring their splendor into it.

NIV 2011: **The nations will walk by its light,** and the kings of the earth will bring their splendor into it.

1841: **þjóðirnar munu ganga í hennar ljósi,** og konungar jarðarinnar færa henni sína dýrð og vegsemd.

1908: **Og þjóðirnar munu ganga í ljósi hennar**, og konungar jarðarinnar færa henni dýrð sína.

1981: **Og þjóðirnar munu ganga í ljósi hennar** og konungar jarðarinnar færa henni dýrð sína.

2007: **Og þjóðirnar munu ganga í ljósi hennar** og konungar jarðarinnar færa henni auðæfi sín.

22:14

Rækileg breyting þessu versi

NT ODDS: Sælir eru **þeir sem hans boðorð varðveita** upp á það að þeirra makt sé á lífstrénu og um hliðin innganga í borgina.

GUÐBRANDS: Sælir eru **þeir sem hans boðorð varðveita** upp á það að þeirra magt

sé á lífstrénu og um hliðin inngangi í borgina.
KJV: Blessed are **they that do his commandments**, that they may have right to the tree of life, and may enter in through the gates into the city.
NIV 1984: "Blessed are **those who wash their robes,** that they may have the right to the tree of life and may go through the gates into the city.
NIV 2011: “Blessed are **those who wash their robes**, that they may have the right to the tree of life and may go through the gates into the city.
1841: Sælir eru þeir, sem **breyta eftir hans boðorðum**, svo þeir nái að komast að lífstrénu og megi innganga um borgarhliðin inn í borgina,
1908: Sælir eru þeir **sem þvo skikkjur sínar, til þess** að þeir geti fengið aðgang að lífsins tré, og megi ganga um hliðin inn í borgina.
1981: Sælir eru þeir, **sem þvo skikkjur sínar.** Þeir fá aðgang að lífsins tré og mega ganga um hliðin inn í borgina
2007: Sælir eru þeir **sem þvo skikkjur sínar**. Þeir fá aðgang að lífsins tré og mega ganga um hliðin inn í borgina.

22:19

Hér er stærsta breyting sem um getur, bók lífsins sem þú verður að vera skrifaður í til að öðlast eilíft líf er breytt í tré lífsins, og hvergi bendir neðanmálið á bók lífsins sem annan leshátt, það var ákveðið viljandi að fjarlægja bók lífsins úr þessu mikilvæga versi
NT ODDS. Og ef einhver tekur þar nokkuð í frá út af orðum bókarinnar þessarar spásögu, þá mun Guð **afmá hans deild af lífsbókinni** og frá hinni heilögu borg og af því sem í þessari bók skrifað er.
GUÐBRANDS: Og ef einhver tekur þar nokkuð í frá út af orðum bókarinnar þessarar spásögu þá mun Guð **afmá hans deild af lífsbókinni** og af hinni heilögu borg og af því sem í þessari bók skrifað er.
KJV:And if any man shall take away from the words of the book of this prophecy, God shall **take away his part out of the book of life**, and out of the holy city, and from the things which are written **i**n this book.
NIV 1984: And if anyone takes words away from this book of prophecy, God will take away from him **his share in the tree of life** and in the holy city, which are described in this book.
NIV 2011: And if anyone takes words away from this scroll of prophecy, God will take away from that person **any share in the tree of life and** in the Holy City, which are described in this scroll.
1841: Og taki nokkur af orðum þessarar spádómsbókar, þá mun Guð af honum taka hans **hlutdeild í lífstrénu** og u) borginni helgu, sem um er skrifað í þessari bók.
1908: Og taki nokkur af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð **burt taka hlut hans i tré lífsins** og í borginni helgu, sem um er ritað í þessari bók.
1981: Og taki nokkur burt nokkuð af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð **burt taka hlut hans í tré lífsins** og í borginni helgu, sem um er ritað í þessari bók.
2007: Og taki nokkur burt nokkuð af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð **burt taka hlut hans í lífsins tré** og í borginni helgu sem um er ritað í þessari bók.

22:21

Og svo endum við á því að taka burt Krist og Amen og kveðjunni er breytt
NT ODDS: Náð vors **Drottins Jesú Kristi sé með yður öllum**. **Amen**.
GUÐBRANDS: Náð vors **Drottins Jesú Christi sé með yður öllum. A M E N**.
KJV: The grace of our **Lord Jesus Christ be with you all. Amen.**
NIV 1984: The grace of the **Lord Jesus be with God's people. Amen**.
NIV 2011: The grace of the **Lord Jesus be with God’s people. Amen.**
1841: Náð **Drottins**, **Jesú Krists veri með yður öllum.**
1908: Náðin **drottins Jesú sé með hinum heilögu. Amen.**
1981: Náðin **Drottins Jesú sé með öllum**.
2007: Náðin **Drottins Jesú sé með öllum.**